FRÉTTABLAÐIÐ

225. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 2020

Kylfingar, sem hefur verið óheimilt að stunda golf á höfuðborgarsvæðinu síðustu vikurnar vegna sóttvarnareglna, þustu út á vellina þegar þeir voru opnaðir á nýjan leik í gær. Þeir létu ekki skjálftahrinu koma í veg fyrir golfiðkun sína. ÍSÍ hefur hvatt landsmenn til þess að hreyfa sig í COVID-faraldrinum og golf er góð leið til þess að liðka líkamann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Setja níu milljarða í Alvotech

Alvotech hefur tryggt sér 65 milljónir dala í nýtt hlutafé frá erlendum fjárfestum. Lífeyrissjóðir skoða að fjárfesta í fyrirtækinu. Coripharma er einnig að ganga frá fjármögnun til að tryggja þróun samheitalyfja.

VIÐSKIPTI Íslenska líftæknifyrirtækið Alvotech hefur gengið frá fjármögnun upp á samtals 65 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 9 milljarða króna, en um er að ræða stóra fjárfesta úr lyfjageiranum í Bandaríkjunum, Evrópu og Asíu sem munu leggja félaginu til aukið hlutafé, samkvæmt heimildum.

Alvotech, sem er stýrt af Róberti Wessman stofnanda félagsins, hefur á undanförnum mánuðum unnið að útgáfu á nýju hlutafé að fjárhæð 100 milljónir dala en félagið væntir þess að ljúka útboðinu í næsta mánuði.

Á meðal fjárfesta sem skoða nú að fjárfesta í fyrirtækinu eru íslenskir lífeyrissjóðir. Fulltrúar sjóðanna hafa á undanförnum vikum átt fjárfestafundi með stjórnendum og innlendum ráðgjöfum Alvotech en verði af fjárfestingu þeirra yrði það í fyrsta sinn sem íslenskir stofnanafjárfestar koma inn í eigendahóp félagsins.

195

milljarðar króna er áætlað markaðsvirði Alvotech.

Samkvæmt fjárfestakynningu er fjármögnun Alvotech ætlað að styðja við rekstur þess fram að skráningu í Hong Kong á næsta ári.

Þá áformar Alvotech að ráðast í stækkun á hátæknisetri sínu í Vatnsmýrinni, sem var tekið í notkun 2016, þannig að það verði samtals 24 þúsund fermetrar að stærð – það er 13 þúsund fermetrar í dag – og er áætlað að sú fjárfesting kosti jafnvirði 4,6 milljarða króna.

Þá er lyfjafyrirtækið Coripharma á sama tíma að ganga frá milljarða fjármögnun sem ætlað er að renna stoðum undir þróun á samheitalyfjum hér á landi. Ef ætlanir Coripharma ganga eftir mun það velta um 75 milljónum evra, jafnvirði 12,3 milljarða króna, árið 2025 og skapa 260 störf í þekkingargeiranum.

Jónína Guðmundsdóttir, forstjóri Coripharma, segir viðræður vera í gangi við núverandi hluthafa, innlenda fjárfesta og einnig fagfjárfestasjóði sem lífeyrissjóðir koma að.

„Við teljum okkur enn eiga inni hjá íslenskum fjárfestum og það má segja að Coripharma haki í mörg box sem eru í umræðunni í dag. Þetta er félag í þróunar- og tæknigeiranum sem stefnir að því að tvöfalda starfsmannafjöldann á næstu fimm árum. Við erum að byggja upp þekkingu og endurvekja lyfjaframleiðslu í landinu.“ – hae / sjá Markaðinn

Hrinur færast nær borginni

NÁTTÚRUVÁ Hinn stóri jarðskjálfti sem reið yfir í gærdag er liður í mikilli spennulosun á Reykjaneshryggnum. „Við getum alveg reiknað með hrinum næsta árið,“ segir Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur. Virknin hafi hafist í fjallinu Þorbirni í janúar og færist í átt til Bláfjalla. Þessu muni ljúka þegar virknin sé komin yfir í tenginguna við Suðurlandsskjálftabeltið. Segist Ármann hafa meiri áhyggjur af virkninni á Norðurlandi, sem færist sífellt nær Húsavík, en þar hefur byggst upp spenna í sprungum í hundrað ár. – khg / sjá síðu 6

Ármann Höskuldsson

Veður



Suðaustan 5-13 í dag og dálítil rigning eða slydda öðru hvoru, en hægara og þurrt eystra með hita kringum frostmark. Hiti -2 til 4 stig að deginum. SJÁ SÍÐU 16

Búast má við að fólk verði á faraldsfæti þegar vetrarfríið gengur í garð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vetrarfrí kalla ekki á viðbúnað

LÖGREGLUMÁL Viðbúnaður Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu verður með sama hætti og verið hefur þrátt fyrir vetrarfrí grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu. Um 15 þúsund nemendur eru í grunnskólum Reykjavíkur og þá er einnig vetrarfrí í grunnskólum Hafnarfjarðar og mörgum framhaldsskólunum. Það má því búast við að ansi mörg ungmenni muni hittast og jafnvel gera sér glaðan dag.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og sóttvarnalæknir hafa beint þeim tilmælum til fólks að halda sig sem mest heima, ferðast ekki að óþörfu og forðast hópamyndanir í heimahúsum vegna faraldursins.

Í svari lögreglunnar er minnt á að almenningur sæti ekki ferðabanni en áfram verði tekið á brotum á reglugerð um sóttvarnaráðstafanir. „Vegna hópamyndana og ferðalaga þá hefur verið höfðað til skynsemi fólks og það hefur gefist vel.

Rétt er að hafa í huga að almenningur sætir ekki ferðabanni, en afskipti eru höfð af þeim sem hefur verið gert að vera í sóttkví eða einangrun og því verður fram haldið. Tekið verður á brotum á reglugerðum um sóttvarnaráðstafanir með sama hætti og áður," segir í svari lögreglunnar. **– bb**

43 þúsund undirskriftir

Samtök kvenna um nýja stjórnarskrá afhentu Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra rúmlega 43 þúsund undirskriftir við Alþingi í gær. Við afhendinguna mættu margir áhugamenn um stjórnarskrármál með skilti á lofti. Katrín sagði við Fréttablaðið að margt gott væri í tillögum stjórnlagaráðs en benti á að umræðum um þær á Alþingi árið 2012 hefði aldrei verið lokið og nú ætti þessi umræða að eiga sér stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

UEFA aðhefst ekkert í knúsinu

FÓTBOLTI Eftirlitsmaður UEFA, Mark Blackbourne frá Englandi, skrifaði ekkert í skýrslu sína um hegðun Þorgríms Þráinssonar, starfsmanns Knattspyrnusambands Íslands, KSÍ, eftir landsleik Íslands gegn Rúmenum fyrr í mánuðinum og mun UEFA því ekki beita sér neitt frekar í málinu. Þetta segir í svari UEFA við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Þorgrímur virti ekki tveggja metra regluna og bar ekki grímu þegar hann arkaði inn á leikvöllinn eftir sigur á Rúmenum til að knúsa mann og annan, meðal annars fyrirliða landsliðsins, Aron Einar Gunnarsson.

Hann greindist svo með COVID-19 og fóru tólf starfsmenn í kjölfarið í sóttkví, meðal annars landsliðsþjálfararnir. Þá keyrði hann landsliðsmenn í myndatöku með leyfi Víðis Reynissonar yfirlögregluþjóns. **– bb**

Hefur sótt næstum öll lönd heimsins heim

Katrín Sif Einarsdóttir hefur ferðast til 222 landa og á fá lönd eftir til þess að hafa ferðast til allra landa heims. Heimsfaraldurinn hefur sett strik í reikninginn, en Katrín Sif nýtur þess að ferðast á Íslandi á meðan hann gengur yfir.

SAMFÉLAG „Það er allt í lagi að vera á Íslandi í smá stund, en bara taka pásu, ekki stoppa," segir Katrín Sif Einarsdóttir, sem líklega má titla sem víðförlasta Íslendinginn. Katrín, sem er 33 ára, hefur ferðast til 222 landa á ævi sinni. Hún setti sér það markmið að ferðast til 200 landa áður en hún yrði þrítug og því náði hún nokkrum dögum fyrir stórafmælisdaginn sem hún fagnaði á Máritíus.

„Það er orðið lítið eftir um lönd sem eru ný fyrir mér. Ég er samt búin að ferðast mikið upp á síðkastið og var mjög dugleg að heimsækja lönd sem ég hafði farið til áður þangað til COVID skall á," segir Katrín. Hún er vön því að ferðast marga mánuði á ári og fjármagna það með því að stoppa við á Íslandi í nokkra mánuði, þar sem hún vinnur sem fararstjóri. Áður en faraldurinn skall á hafði hún til að mynda nýlega ferðast til Bandaríkjanna, Ítalíu, Frakklands og Argentínu, sem er einn af hennar uppáhaldsstöðum.

Faraldurinn hefur sett strik í reikninginn hvað ferðalög varðar og segir Katrín að mars og apríl hafi verið henni erfiðastir. „Ég átti erfitt með þetta í vor því að það var svo mikil óvissa, það var mjög erfitt fyrir mig að geta ekki einu sinni pælt í því hvert ég ætlaði að fara næst," segir Katrín en bætir við að hún hafi þó notið sumarsins á Íslandi.

„Ég elska sumarið á Íslandi en núna var enga vinnu að fá fyrir mig í ferðaþjónustunni svo ég gat ferðast hér sjálf og skoðað alla þá staði sem mig langaði að sjá," útskýrir hún en Katrín á lítinn húsbíl sem hún ferðaðist á um landið í sumar.

Á ferðum sínum um heiminn hefur Katrín tekið ógrynni af ljósmyndum og stefndi hún að því að setja upp sýningu með myndum sínum og sögu ferðalaganna í Flæði á Vesturgötu um næstu helgi. Sýningunni hefur þó verið frestað þar til í nóvember vegna faraldursins.

Katrín Sif elskar að ferðast og skoða um leið heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> **Ég elska sumarið á Íslandi en núna var enga vinnu að fá fyrir mig í ferðaþjónustunni svo ég gat ferðast sjálf.**

„Ég er búin að velja um 200 myndir sem ég ætlaði að sýna ásamt kortum og peningum frá þeim stöðum sem ég hef heimsótt," segir hún en Katrín hefur í fórum sínum gjaldeyri frá öllum þeim 222 löndum sem hún hefur heimsótt.

Spurð hvert hún hyggist fara næst segist hún ánægð með að staldra við um tíma heima á Íslandi, en hún er þó farin að skipuleggja næstu ferð. „Ég er ekkert að fara að hætta að ferðast og eignast barn á morgun en ég er alveg til í að vera hér aðeins á meðan þetta gengur yfir," segir hún. „Síðan er ég búin að skipuleggja ferð til Sao Tome og Principe við Vestur-Afríku sem ég ætlaði að fara í apríl, en ég fer þangað um leið og ég get."

birnadrofn@frettabladid.is

Leikandi létt með Harpatinum

Harpatinum er eina viðurkennda jurtalyfið á Íslandi til að draga úr vægum gigtarverkjum. Fæst án lyfseðils í öllum apótekum.

Jurtalyf sem hefð er fyrir til að draga úr vægum gigtarverkjum og vægum meltingartruflunum eins og uppþembu, vindgangi og tímabundnu lystarleysi. Þetta lyf er jurtalyf sem hefð er fyrir og tilgreindar ábendingar fyrir notkun þess eru eingöngu byggðar á langri sögu um notkun lyfsins. Notkun: 2 hylki tvisvar á dag. Ekki ætlað yngri en 18 ára, þunguðum konum eða konum með barn á brjósti. Notist ekki ef ofnæmi fyrir jarðhnetum eða soja, eða sár í maga eða þörmum er þekkt. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á serlyfjaskra.is.

FLOREALIS

Lagersala

Eingöngu í vefverslun

Hefst kl. 10:00 þann 21. október
og stendur til 28. október.

66° NORÐUR

Allt að 70% afsláttur og frí heimsending*

*ef verslað er fyrir 10.000 kr. eða meira

Fullorðnir

Þórsmörk úlpa
~~89.000 kr.~~ 62.300 kr.

Dyngja Dúnúlpa
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.

Esja Gore-Tex® Jakki
~~55.000~~ 16.500 kr.

Vatnajökull Primaloft vesti
~~26.000 kr.~~ 15.600 kr.

Dimmuborgir Gore Tex® dömujakki
~~55.000 kr.~~ 16.500 kr.

Katla Gore Tex® úlpa
~~65.000 kr.~~ 39.000 kr.

Langajökull Primaloft kápa
~~55.000 kr.~~ 38.500 kr.

Vatnajökull Powerfill jakki
~~39.000 kr.~~ 27.300 kr.

Barnafatnaður og fylgihlutir

La Sportiva Helios hlaupaskór
~~21.900 kr.~~ 15.330 kr.

Kría íþróttataska
~~15.000 kr.~~ 9.000 kr.

Bragi dúnúlpa
~~36.900 kr.~~ 22.140 kr.

Kría heilgalli
~~8.900 kr.~~ 5.340 kr.

Rán regnjakki
~~14.900 kr.~~ 10.430 kr.

Fróði peysa
~~7.500 kr.~~ 4.500 kr.

Magni kuldagalli
~~27.000 kr.~~ 18.900 kr.

Svanur Primaloft galli
~~18.900 kr.~~ 13.230 kr.

Vinsamlegast athugið að verð á lagersölu á aðeins við ákveðnar vörur og liti af vörum í vörulínu okkar. Verð á lagersölu geta lækkað meðan á lagersölu stendur.
Vegna aðstæðna er afgreiðslutími pantana lengri en venjulega.

66north.is

Sér fram á skort á fasteignum á markaði og hátt verð næstu árin

VIÐSKIPTI Fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1 prósent í september. Samkvæmt tölum Þjóðskrár hefur það hækkað um 3 prósent síðastliðna þrjá mánuði og 4 prósent síðastliðna sex mánuði, alls hefur verðið hækkað um 5,6 prósent síðasta árið.

Páll Heiðar Pálsson fasteignasali segir þetta langt umfram spár greiningardeilda stóru bankanna. „Við gætum horft fram á 7 til 8 prósenta hækkun á þessu ári, það var spáð 3 til 4 prósentum," segir Páll.

Frá 1. júlí til 1. október hafa selst um 2.516 eignir í fjölbýli og sérbýli, á sama tíma í fyrra seldust 1.995 eignir. Páll segir að markaðurinn

Páll Heiðar Pálsson, fasteignasali

gæti ofhitnað og skortur gæti orðið á eignum næstu árin.

„Það eru um 2.100 eignir skráðar til sölu á höfuðborgarsvæðinu, þarf af um 700-800 nýbyggingar sem eru jafnvel þrískráðar. Eins er mikið um að eignir séu enn auglýstar til sölu sem eru seldar með ákveðnum fyrirvörum. Það má því segja að það séu í raun á bilinu 1.400 til 1.500 eignir á markaðnum í dag. Á sama tíma eru um 25.000 notendur að skoða fasteignavef Morgunblaðsins á viku," segir Páll. „Ég hef séð svona tölur áður, en síðast þegar ég gerði það þá hækkaði verðið mjög hratt."

– ab

Vigdís Hauksdóttir borgarfulltrúi furðar sig á háum sérfræðikostnaði. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Telur að skoða þurfi kostnað við sérfræðinga

STJÓRNSÝSLA Það er orðið rannsóknarefni að mati Vigdísar Hauksdóttur, fulltrúa Miðflokksins í borgarráði, hvað keypt er af sérfræðiþjónustu – bæði hjá borginni, B-hluta fyrirtækjum og Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Vigdís spurði um ráðgjafafyrirtækið Strategíu í borgarráði og birtist svar við fyrirspurn hennar í borgarráði á fimmtudag. Fyrirtækið hefur fengið tíu verkefni hjá borginni og fengið 28 milljónir greiddar fyrir .

„Ég trúi bara ekki að borgin skuli vera að kaupa svona ofboðslega ráðgjöf. Til þess erum við kosin, til að stýra borginni. Þrjátíu milljónir á tveimur árum er vel í lagt finnst mér," segir Vigdís.

Hún segist ekkert hafa á móti fyrirtækinu en gagnrýnin snúist um óþarfa peningaeyðslu hjá borgaryfirvöldum. Guðrún Ragnarsdóttir, einn af eigendum Strategíu, segir að fyrirtækið sé sjö ára gamalt og upphæðin sé ekki mjög há miðað við önnur ráðgjafafyrirtæki. „Eins og kemur fram í svari borgarinnar þá er gerð verðkönnun varðandi verkefnin og við vorum það heppnar að fá nokkur af þeim og höfum sinnt þeim eins vel og við getum. Það er ekkert annað hægt en að vera stolt af okkar vinnu," segir hún. „Við vorum nokkuð ánægðar eftir fund borgarráðs þegar skýrsla okkar var kynnt og Vigdís hrósaði okkur fyrir vel unnin störf," bætir Guðrún við. **– bb**

Formleg rannsókn hafin á störfum Orku náttúrunnar

Samkeppniseftirlitið hefur hafið formlega rannsókn á Orku náttúrunnar. Meint brot Orku náttúrunnar snúa að sölu, uppsetningu og þjónustu fyrirtækisins bæði á hleðslustöðvum og hleðslum fyrir rafbíla. Framkvæmdastýra ON segist vona að niðurstaðan verði hvetjandi til áframhaldandi uppbyggingar.

STJÓRNSÝSLA Samkeppniseftirlitið hefur hafið formlega rannsókn á Orku náttúrunnar, ON. Samkvæmt bréfi stofnunarinnar til fyrirtækisins snúa meint brot að sölu, uppsetningu og þjónustu ON á hleðslustöðvum og hleðslum fyrir rafbíla.

Kæran var lögð fram af Ísorku, sem er söluaðili hleðslustöðva, í júlí í fyrra. Fram kom í umfjöllun Fréttablaðsins á sínum tíma að í kærunni, sem er í á annað hundruð liðum, er ON sakað um að nota markaðsráðandi stöðu á raforkumarkaði til að koma sér í einokunarstöðu á miðlun rafmagns til rafbíla. ON er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkeppniseftirlitið sendi ON tilkynningu um rannsóknina í september. Hefur ON sent stofnuninni bréf þrívegis þar sem athugasemdum er komið á framfæri. „Að virtum þeim upplýsingum og gögnum sem aflað hefur verið við forathugun málsins og í ljósi þess að umkvörtuð háttsemi virðist enn til staðar og vísbendingar um að hún raski samkeppni, hefur Samkeppniseftirlitið ákveðið að hefja formlega rannsókn á háttsemi ON á mögulegum markaði fyrir hleðslur, hleðslustöðvar og rafmagn, sbr. nánar erindi kvartanda sem félagið hefur undir höndum," segir í bréfinu.

Þá er óskað frekari gagna, þar á meðal upplýsinga um allar hleðslustöðvar ON frá 2016 til júlíloka í ár. Einnig er farið fram á yfirlit yfir tekjur og rekstrarkostnað vegna hleðslustöðva og sölu rafhleðslna. Þá er óskað eftir gögnum um innkaup á hleðslustöðvum auk upplýsinga um tekjur ON vegna smásölu rafmagns til heimila og fyrirtækja. Áttu þau gögn að vera afhent stofnuninni í síðasta lagi á mánudaginn.

Kæra Ísorku sem lögð var fram í fyrra snýr að rekstri og uppsetningu hleðslustöðva fyrir rafbíla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Til þess að rafbílavæðing Íslands gæti orðið að veruleika þurftu innviðirnir að koma á undan eftirspurninni.**
>
> Berglind Rán Ólafsdóttir

Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra ON, segir fyrirtækið hafa gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu innviða fyrir rafbíla á Íslandi síðustu 6 árin. „Til þess að rafbílavæðing Íslands gæti orðið að veruleika þurftu innviðirnir að koma á undan eftirspurninni, þ.e. rafbílunum, sem voru um 100 talsins þegar ON hóf vegferðina," segir Berglind.

„Ákvörðun ON um að taka virkan þátt í þróun innviða á Íslandi er byggð á stefnu fyrirtækisins í umhverfis- og loftslagsmálum, sem styður við markmið Íslands og áherslu stjórnvalda á orkuskipti í samgöngum. Styrkir frá Orkusjóði, þ.e. ríkinu, hafa verið mikilvægir uppbyggingu innviða fyrir rafbíla á Íslandi, fyrir ON og önnur sem tekið hafa þátt í þróuninni á síðari árum."

Hún segir að þegar rafbílnum fjölgi sífellt séu fleiri fyrirtæki farin að taka þátt í uppbyggingu innviða fyrir rafbíla, sem sé afar jákvætt og nauðsynlegt til þess að þjóðin nái langtímamarkmiðum þegar kemur að orkuskiptum. „Markaður með hleðslustöðvar á Íslandi er lítill og frekari uppbygging háð framlagi frá ríkinu í þeim tilgangi að stuðla að fjárfestingum sem stuðla að því að Ísland nái settum loftslagsmarkmiðum," segir Berglind.

„Skoðun Samkeppniseftirlitsins á markaðnum kom Orku náttúrunnar á óvart vegna þess hve lítill markaðurinn er auk þess sem hann er á algjöru frumstigi uppbyggingar og á þannig eftir að mótast og þróast eftir því sem rafbílum fjölgar áfram næstu árin. Engu að síður, þá mun skoðun Samkeppniseftirlitsins verða til þess að staða og skipulag þessa markaðar skýrist og ég vonast innilega til þess að niðurstaðan verði hvetjandi fyrir áframhaldandi uppbyggingu þessara mikilvægu innviða til lengri tíma."

arib@frettabladid.is

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is | Opið alla virka daga 10–18 | Um helgar 11–16

Meira fyrir minna

LÝKUR UM HELGINA!!

Mikið af auka-hlutum fylgir!

Made by Lavor

Lavor Predator 180 Digital háþrýstidæla

Mótor 2500W
Þrýstingur: 180 bör
Vansflæði: 510 l/kls
Innbyggður tankur fyrir sápu.

31.996
Áður ~~39.995~~ kr.

20% afsláttur

Stór pallabursti fyrir Lavor háþrýstidælu

4.197
Áður ~~5.995~~ kr.

30% afsláttur

20% afsláttur

KAI dökkgrá bílskúrsflís
33,3x33,3 cm, þykkt 7mm

1.836 pr. m²
Áður ~~2.295~~ kr.

20% afsláttur

KAI bílskúrsflís
33,3x33,3 cm, þykkt 7mm

1.836 pr. m²
Áður ~~2.295~~ kr.

20% afsláttur

Colorex
Eminent Pro 2RF
loftamálning,
10 lítrar

5.996
Áður ~~7.495~~ kr.

15% afsláttur

Colorex
Projekt 10,
10 lítrar
(Málarahvítt)

7.136
Áður ~~8.395~~ kr.

Austurrískt harðparket
Kibo Eik 12mm 18,8x184,5cm
kr. 3.180 pr. m²
Áður ~~3.975~~ kr.

20% afsláttur

20% afsláttur

AQUA 25
baðmálning,
10 lítrar

7.996
Áður ~~9.995~~ kr.

20% afsláttur

Colorex
Vagans PRO
Stofn A
innimálning 9L

6.796
Áður ~~8.495~~ kr.

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Bæði ljósabúnaðurinn og perurnar sem tónlistarhúsið Hof hefur notað eru ófáanleg. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Lélegt hljóð og bilanir í Hofi

AKUREYRI „Ég er ekki alveg með tæknimálin á hreinu en ég veit að það er besta að endurnýja pakkann í heild sinni því annars geta kerfin ekki lengur talað saman –þess vegna er upphæðin svona há," segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Menningarfélags Akureyrar, en félagið hefur óskað eftir við Akureyrarbæ að bærinn setji um 61 milljón króna í að endurnýja hljóð- og ljósakerfi, bæði í Hofi og Samkomuhúsinu.

Í nýlegri gagnrýni Fréttablaðsins um söngleikinn Galdragáttina sem sýndur var í Samkomuhúsinu, var sérstaklega minnst á að hljóðburður væri ófullnægjandi. Þar er hátalarakerfið komið til ára sinna. Magnarar voru keyptir árið 1992 og hátalararnir 2005. Allur skýrleiki og hljómgæði að mestu horfin og þeir ráða ekki við flóknari verkefni.

Á barnasöngleiknum Gallsteinum afa Gissa þurfti að stoppa frumsýningu vegna bilunar og í annað sinn varð að stöðva sýningu tvívegis og senda áhorfendur út úr salnum á meðan viðgerð stóð yfir.

Ástandið í Hofi er ögn skárra. Þar er hljóðkerfið orðið tíu ára og hefur bilað meðal annars á Abbatónleikum. Hljóðkerfið byggist á tölvubúnaði en orðið hafa miklar tækniframfarir í stýrikerfum sem fylgja þarf eftir með nýjum búnaði.

Þá hefur framleiðslu á þeim ljósabúnaði sem keyptur var í Hof þegar húsið var opnað verið hætt og perur í búnaðinn því ófáanlegar.

„Við viljum hafa tækjabúnaðinn sem bestan og því þarf að endurnýja. Heildarpakkinn er upp á 60 milljónir en það er spurning hvort við getum gert þetta í áföngum," segir Þuríður og bætir við að það sé bagalegt að hafa sýningu með lélegt hljóð. „Það borgar sig að gera gagngerar endurbætur," segir hún. **– bb**

Verða að bjóða upp á sturtu

HEILSA Meðal helstu forsendna starfsleyfa frá Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga fyrir íþróttamannvirki og líkamsræktarstöðvar er að gestir skuli hafa greiðan aðgang að bað- og sturtuaðstöðu og fullbúinni snyrtingu.

Í það minnsta tvær líkamsræktarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu opnuðu dyr sínar fyrir viðskiptavinum í gær eftir breyttar sóttvarnaaðgerðir án þess að greiður aðgangur væri að salerni eða sturtuaðstöðu.

Á heimasíðu annarrar stöðvarinnar var gestum tjáð að búningsaðstaða og sturtur yrðu lokaðar frá og með deginum í gær en salernisaðstöðu væri skipt í sóttvarnahólf. Á Facebooksíðu annarrar stöðvar í borginni var greint frá því að opið væri fyrir skipulagða hóptíma en „iðkendur hvattir til að koma tilbúnir á æfingu með vatn í brúsum þar sem búningsklefar, sturtur og salerni eru lokuð".

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kemur fram að heilbrigðiseftirlitinu sé „ekki kunnugt um líkamsræktarstöðvar sem ætla að hafa salernis- og búningsaðstöðu lokaða. Skylt er að bjóða upp á slíka aðstöðu." **– bdj**

Jarðskjálftavirknin á Reykjanesi



Stóri skjálftinn sem varð kl. 13.43 í gær átti upptök sín vestan við Kleifarvatn en eftirskjálftavirknin var enn þá vestar á Reykjanesinu. MYND/GOOGLE EARTH

Stóri skjálftinn merki þess að hrinur færist nær borginni

Hinn stóri jarðskjálfti sem reið yfir í gærdag er liður í mikilli spennulosun á Reykjaneshryggnum sem hófst í Þorbirni í janúar. Skjálftinn var 5,6 stig og fannst víða um land. Eldfjallafræðingur segir þetta gullið tækifæri fyrir jarðvísindamenn, en hefur meiri áhyggjur af uppbyggðri spennu norðanlands.

NÁTTÚRUVÁ Stór jarðskjálfti, 5,6 stig með upptök sex kílómetrum vestan við Kleifarvatn, reið yfir suðvesturhorn landsins klukkan 13.43 í gærdag. Hríðskalf allt á höfuðborgarsvæðinu og Reykjanesi og þá fannst skjálftinn vel á Vesturlandi, Vestfjörðum, alla leið norður á Akureyri og suður í Vestmannaeyjar og austur á Hellu.

Hundruð eftirskjálfta fylgdu næstu klukkutímana, þar af að minnsta kosti tveir yfir 4 stig, en með upptök vestar á Reykjanesinu. Álagið var slíkt á Veðurstofunni að vefþjónarnir höfðu ekki undan og almannavarnir voru í viðbragðsstöðu.

Engar fregnir bárust af slysum eða stórkostlegu tjóni. Víða duttu blómavasar úr gluggakistum og myndir af veggjum. Vörur hrundu úr hillum verslana og sums staðar

> **Við getum alveg reiknað með hrinum næsta árið.**

Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur

loftaplötur í skrifstofurýmum, meðal annars við skrifstofu Bjarna Benediktssonar í fjármálaráðuneytinu.

„Við getum alveg reiknað með hrinum næsta árið," segir Ármann Höskuldsson eldfjallafræðingur um þá spennulosun sem er að eiga sér stað á Reykjanesi. „Þetta byrjaði í Þorbirni og er nú að færast nær borginni. Miðað við kortlagningu á sniðgengissprungum, sem valda stóru skjálftunum, virðist þetta vera að færast í átt að Bláfjöllum og Hengli. Þar lýkur þessu því þá er það komið í tenginguna við Suðurlandsskjálftabeltið."

Mikil spennulosun hefur verið á Reykjaneshryggnum síðan í janúar. Hægt verður að sjá hversu mikil spenna hefur losnað þegar hrinan gengur yfir. Á sama tíma er hrina í Kolbeinseyjarhryggnum. „Ég hef meiri áhyggjur af hryggnum fyrir norðan því þar hefur spennan byggst upp mjög lengi. Sú hrina sem byrjaði þar í sumar er nú að færa sig sífellt nær Húsavík. Þar eru sprungur sem hafa ekki hreyft sig í hundrað ár," segir Ármann. Má því búast við stærri skjálftum þar en á Reykjanesi.

Segir hann hrinuna núna á Reykjanesi í raun gullið tækifæri fyrir jarðvísindamenn til þess að rannsaka hvaða áhrif spennulosunin hafi. Þrátt fyrir að upplýsingaöflun sé langtum meiri nú en áður hafi mælingar aðeins verið til í stuttan tíma og samanburðurinn við fyrri tíð því ekki til staðar. Nú verði fylgst með því hvort Reykjanesið „slaki á" eða gliðnun hefjist í kjölfarið. En um leið og það gerist kemur kvikan upp.

„Þrátt fyrir að spennulosun hafi verið mikil alveg frá því í janúar virðist ekki vera mikil kvika á hreyfingu. Þetta er hins vegar allt liður í því að opna skorpuna til að kvikan komist upp á yfirborðið. Það er hins vegar ómögulegt að segja til um hvort að það gjósi á morgun eða eftir hundrað ár," segir Ármann.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Margar umboðslausnir myndu rugla viðskiptavini

VIÐSKIPTI Framkvæmdastjóri Lyfjavers furðar sig á hvers vegna Lyfja notar ekki rafrænt umboð vegna afhendingar lyfseðilsskyldra lyfja í gegnum Heilsuveru í stað þess að nota eigið kerfi í gegnum app. Líkt og greint var frá í blaðinu í gær hafa Lyfjastofnun og Embætti landlæknis hafið skoðun á appinu. Landlæknir hefur ekki viljað upplýsa um innihald skoðunarinnar en í yfirlýsingu segir að umboðin sem bæði er hægt að veita og nálgast í appinu gildi aðeins í verslunum þess apóteks sem að baki stendur, þá sé öruggast að notast við lausn Heilsuveru við að veita umboð.

Frá því um mánaðamót hefur verið hægt að nálgast umboð vegna afhendingar lyfja rafrænt í gegnum Heilsuveru. Appið fór í loftið nýverið en þar var að finna sams konar umboðslausn, var það óvirkjað fyrir helgi. Guðmundur H. Björnsson, sviðsstjóri stafrænnar þróunar og markaðsmála hjá Lyfju, segir grundvallarmun á umboðunum.

„Umboðslausn Heilsuveru er góð en hún krefst þess að fólk þurfi að

Veita má þriðja aðila umboð til að sækja lyf í gegnum Heilsuveru, spurning er nú hvort það megi einnig í gegnum app Lyfju. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fara í næsta apótek til að ná í lyfin. Lyfja notar að sjálfsögðu umboðslausn Heilsuveru ef fólk er að ná í lyf fyrir aðra í næsta apótek," segir Guðmundur.

„Umboðslausn Lyfju appsins veitir umboð til að kaupa og veita lyfjum móttöku og þar með getum við til dæmis aðstoðað þann hóp sem sinnir lyfjakaupum fyrir aðstandendur sína á stafrænan hátt alla leið heim að dyrum."

Haukur Ingason, lyfsali í Garðs Apóteki sem rekið hefur netapótek í rúm þrjú ár, segir það hafa gefist vel að nota kerfi Heilsuveru, allir hafi jafnan aðgang að því og hægt að sjá umboðin um leið og þau séu send.

„Þeir eru komnir langt fram úr sér. Samkvæmt reglugerð snýr umboðið einungis að afhendingu á lyfjum. Afhending er þegar viðkomandi kemur og sækir lyfin, afgreiðsla er þegar lyfin eru tekin saman með lyfseðli," segir Haukur.

Hákon Steinsson, framkvæmdastjóri Lyfjavers, furðar sig á að Lyfja vilji nota eigin lausn. Vænlegra sé að öll apótek noti umboð frá Heilsuveru. „Ég veit að mjög mikið af fólki veit ekkert í hvaða apóteki það er í, hvort það sé í Apótekaranum, Lyfju eða Lyfjaveri. Ef öll apótek væru með eigin lausn þá tel ég að það væri einungis til þess fallið að rugla fólk. Við höfum fundið það að mörgum finnst þetta ferli nú þegar vera dálítið vesen þrátt fyrir að tilgangurinn sé að vernda fólk. Það kemur fyrir að í apótek kemur fólk í ójafnvægi og þá getur reynst erfitt að útskýra að umboðið þeirra gildi ekki."

Hákon vill ekki útiloka að með því vera með eigin lausn sem einungis sé hægt að nota í þeirra apótekum sé Lyfja að reyna að styrkja einokunarstöðu sína. **– ab**

RENAULT
Passion for life

Nýr Renault **CAPTUR**

E-TECH Plug-in Hybrid með 65 km* á rafmagninu

*Drægi miðast við uppgefnar tölur á samleitandaðferð samkvæmt nýjum WLTP staðli um drægi þéttbýli.

Renault Captur Plug-in Hybrid
Verð frá: 4.690.000 kr.

Í nýja Captur Plug-in Hybrid sestu undir stýri á tæknilega fullkomnum og ótrúlega sparneytnum bíl sem skilar þér allt að 65 km* á rafmagninu einu saman. Pantaðu reynsluakstur og upplifðu Renault þægindi og aksturseiginleika.

www.renault.is

ENNEMM / SÍA / NM002902

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Dæmdur í 13 ára fangelsi fyrir að bana bróður sínum

DÓMSMÁL Gunnar Jóhann Gunnarsson var í gær dæmdur í 13 ára fangelsi fyrir að verða hálfbróður sínum, Gísla Þór Þórarinssyni, að bana í Mehamn í Noregi aðfaranótt 27. apríl á síðasta ári.

Dómurinn var birtur Gunnari Jóhanni í fangelsinu þar sem hann hefur setið í gæsluvarðhaldi, en ekki í sérstöku þinghaldi eins og venjan er, til þess að gæta að sóttvarnasjónarmiðum.

Samkvæmt dómnum var það virt Gunnari Jóhanni til refsiþyngingar að hann hefði lagt á ráðin um árásina fyrir verknaðinn og þá hafi fórnarlambið ekki átt undankomuleið frá staðnum þar sem brotið var framið. **– hó**

» Gunnar Jóhann Gunnarsson var fundinn sekur um morð af yfirlögðu ráði.

Morðið átti sér stað í Mehamn í Noregi síðastliðið vor. MYND/AFP

Peter Madsen situr hér spakur á grasinu í flóttanum í gær. MYND/AFP

Peter Madsen náðist eftir að hafa lagt á flótta

FANGELSI Danski uppfinningamaðurinn Peter Madsen, sem situr af sér lífstíðardóm fyrir morð á sænsku blaðakonunni Kim Wall, freistaði þess í gær að flýja úr vistinni í Herstedvester-fangelsinu.

Madsen komst út úr fangelsinu með því að hóta að sprengja sjálfan sig í loft upp ef hann fengi ekki að yfirgefa prísundina. Var hann með eitthvað sem líktist sprengjubelti um sig miðjan meðan á flóttatilrauninni stóð.

Danskir fjölmiðlar greina frá því að Madsen hafi tekið gísl meðan á flóttanum stóð, en sá náði að flýja frá morðingjanum af sjálfsdáðum.

Eftir nokkurra klukkustunda lögregluaðgerð við Nyvej í Albertslund, sem er um 500 metra frá fangelsinu, var Madsen svo handsamaður og færður í fangelsið. **– hó**

Tæknifyrirtækið þarf að svara til saka fyrir dómstólum. MYND/GETTY

Google sakað um að hindra samkeppni

VIÐSKIPTI Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur hafið lagt fram kæru á hendur bandaríska tæknifyrirtækinu Google, en þar er fyrirtækinu gefið að sök að brjóta þarlend samkeppnislög í starfsemi sinni, sem lýtur að leit á internetinu og auglýsingum þar.

Þetta er stærsta prófmál bandaríska dómstóla hvað tæknifyrirtæki varðar í áraraðir. Bandarísk stjórnvöld hafa rannsakað málið í rúmt ár, en starfsemi þeirra bæði í heimalandinu og erlendis hefur verið skoðuð í þeirri rannsókn.

Meginþungi kærunnar er að Google greiði marga milljarða árlega til þess að ganga úr skugga um að leitarvél fyrirtækisins sé halað niður sem þeim möguleika sem fyrstur kemur til greina í netvöfrum og hjá símfyrirtækjum.

Þetta verði til þess að notendur noti Google í 80 prósentum skipta sem leitarvélar eru notaðar á bandarískri grundu.

Forsvarsmenn Google segja rannsóknina byggða á sandi, þar sem samkeppni ríki á þeim markaði sem fyrirtækið vinnur á og að hagsmunir neytenda séu ávallt í fyrsta sæti við tækni- og viðskiptalegar ákvarðanir fyrirtækisins.

Fyrirtækið segir notendur velja Google vegna þess að það bjóði upp á bestu þjónustuna, en ekki vegna þess að þeir séu þvingaðir til þess á grundvelli einokunarstöðu. **– hó**

Sameina sambýli til að mæta taprekstri á Skálatúnsheimili

Hallarekstri á Skálatúni í Mosfellsbæ á meðal annars að mæta með sameiningu tveggja sambýla. Settur framkvæmdastjóri segir hagræðingu ekki skerða þjónustu við íbúa. Sviðsstjóri segir hins vegar að sparnaðinum verði að linna. Starfsmenn vinni að hluta í sjálfboðavinnu og séu mikið frá vegna álags.

FÉLAGSMÁL „Það eru því verulegar líkur á að Skálatún komist fljótlega í greiðsluþrot verði ekki gerður nýr þjónustusamningur sem tekur mið af rekstrarumfangi stofnunarinnar," segir í áritun endurskoðenda með ársreikningi Skálatúnsheimilisins fyrir síðasta ár.

Sjálfseignarstofnunin Skálatún rekur heimili í Mosfellsbæ fyrir fólk með þroskahömlun. Samanlagt rekstrartap 2016-2019 er 216 milljónir króna, að því er segir í ársskýrslu Skálatúns. Rekstrartapið var 81,5 milljónir króna í fyrra og 74,3 milljónir árið 2018. Heimilið hefur verið rekið samkvæmt þjónustusamningi sem Mosfellsbær yfirtók af ríkinu árið 2011.

Í skýrslu setts framkvæmdastjóra Skálatúns, Þóreyjar I. Guðmundsdóttur, sem lögð var fyrir aðalfund Skálatúns í júlí, kemur fram að frá því í fyrra hafi verið gerðar tvær úttektir og greiningar á stöðunni. Síðari úttektina gerði hún raunar sjálf, áður en hún settist tímabundið í stól framkvæmdastjóra með það verkefni að gera rekstur Skálatúns sjálfbæran. Íbúum hefur fækkað um sex fá árinu 2017. Segir í skýrslu Þóreyjar að lítið hafi verið brugðist við með lækkun kostnaðar.

„Sem dæmi má nefna að sambýlið Austurhlíð er með sex íbúa og er áætlaður rekstrarkostnaður þess sambýlis um 103 milljónir króna," segir í skýrslu Þóreyjar. „Annað dæmi er sambýlið Fagrahlíð sem er með þrjá íbúa og er áætlaður rekstrarkostnaður þess sambýlis um 82,5 milljónir króna."

Íbúar í Skálatúni voru í júlí 35 talsins í tólf íbúðum og fjórum herbergjasambýlum, að því er fram kemur í samantekt sem lögð var fram á aðalfundinum og er skrifuð af Önnu Kristínu Gunnlaugsdóttur, sviðsstjóra þjónustusviðs Skálatúns. Kveður þar við nokkuð þungan tón. Segir Anna heimilismenn vera að eldast og að þjónustan við hvern og einn aukist að sama skapi. Samt sé reynt að skapa íbúum sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna.

Ein bygginga Skálatúnsheimilisins í Mosfellsbæ þar sem starfsemi var hafin árið 1954. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

„ Það er hægt að sameina rekstur á einingum án þess að ganga á gæði þjónustunnar nema síður sé.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar

„Til þess að það sé gerlegt þarf þeim sparnaði sem hefur verið viðvarandi alltof lengi að linna. Það segir sig sjálft að þó svo að allir séu af vilja gerðir þá kemur að því að það er ekki hægt að veita þá þjónustu sem við viljum veita. Gríðarlegt álag kemur meðal annars fram í því að fjarvistir starfsfólks vegna veikinda eru viðvarandi og í sumum tilfellum gefst fólk upp og hættir," segir Anna í umsögn sinni. Bætir hún því við að algengt sé að starfsfólk ferðist innan lands og utan með íbúana. Það sé gert meira og minna í sjálfboðavinnu og eigi það einnig við um félagslíf eins og að sækja tónleika, leikhús og slíkt.

„Við erum að leita leiða til að hagræða í rekstrinum en grundvallaratriðið er að þjónustan verður ekki skert á nokkurn hátt," undirstrikar Þórey framkvæmdastjóri Skálatúns.

Sigurbjörg Fjölnisdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs Mosfellsbæjar, tekur í svipaðan streng. Til skoðunar séu ákveðin atriði sem sett voru fram í rekstraráætlun fyrir árin 2020 til 2022. Ein meginstoðin í hagræðingu sé sameining tveggja fámennra búsetueininga, þeirra sem fyrr eru nefndar. „Það er hægt að sameina rekstur á einingum án þess að ganga á gæði þjónustunnar nema síður sé," leggur Sigurbjörg áherslu á.

Stöðufundur um málefni Skálatúns er áætlaður í sveitarstjórnarráðuneytinu á mánudag.

gar@frettabladid.is

LGBT-laus svæði í Póllandi fái ekki styrki frá EES

UTANRÍKISMÁL Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra segir að þau sveitarfélög í Póllandi sem lýst hafi sér sem LGBT-lausum eigi ekki að fá styrki úr Uppbyggingarsjóði EES. Hann er fjármagnaður af Íslandi, Noregi og Liechtenstein og eru utanríkisráðherrar þjóðanna sammála um þetta og hafa komið áhyggjum sínum á framfæri við pólsk yfirvöld.

Þetta segir Guðlaugur í svari við fyrirspurn Rósu Bjarkar Brynjólfsdóttur, óháðs þingmanns, um fjárveitingar til LGBT-lausra svæða.

Yfirlýsingar einstakra sveitarstjórna Póllands, flestra í suðausturhluta landsins, hafa verið harðlega gagnrýndar af Evrópusambandinu og fleirum. Þykja þær þó vera mjög í anda stefnu Laga og réttlætis, stjórnarflokksins í Póllandi, sem byggir á íhaldssömum, þjóðlegum gildum. Líkt og í Rússlandi og víðar í Austur-Evrópu hefur réttindum LGBT-fólks farið hrakandi á undanförnum árum í Póllandi.

» Frelsi, jafnrétti og virðing fyrir mannréttindum, eru meðal skilyrða fyrir EES-fjármögnun.

„ Að öðrum kosti muni gjafaríkin breyta eða stöðva greiðslur, í samræmi við reglur sjóðsins.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Í EES-samningnum kemur fram að öll starfsemi sem fjármögnuð er skuli byggjast á sameiginlegum gildum um virðingu fyrir mannlegri reisn, frelsi, lýðræði, jafnrétti, réttarríkinu og virðingu fyrir mannréttindum.

Samkvæmt Guðlaugi hefur stjórn Uppbyggingarsjóðsins sent tvö bréf til pólskra yfirvalda hvað þetta varðar, en því miður hafi yfirlýsingum um LGBT-laus svæði fjölgað. Segir hann hlutverk landstengiliðs að tryggja að farið sé eftir reglum sjóðsins. „Að öðrum kosti muni gjafaríkin breyta eða stöðva greiðslur, í samræmi við reglur sjóðsins." **– khg**

HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

STILLANLEG RÚM

20–35% AFSLÁTTUR

20-35% AFSLÁTTUR

VERÐDÆMI

ERGOMOTION +40
35% AFSLÁTTUR

TILBOÐSVERÐ
296.010 KR

VERÐ 455.400 KR
STÆRÐ 2X90X210

Innifalið í verði lagskipt heilsudýna, stillanlegur botn og fætur.

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Einmana borg

Aðalheiður Ámundadóttir
adalheidur@frettabladid.is

Reykjavík á fáa málsvara þessa dagana. Kjördæmakerfið er ekki bara ósanngjarnt vegna þess ójöfnuðar sem það veldur milli kjósenda, heldur einnig vegna þess að þingmenn Reykjavíkur virðast ekki taka þátt í leiknum. Þingmenn Reykjavíkur virðast líta á sig sem þingmenn alls landsins, en þingmenn landsbyggðarinnar einblína á kjördæmi sín.

Samfélagsleg áhrif heimsfaraldursins hafa komið niður á Reykjavík. Margfalt fleiri ferðamenn heimsækja miðborgina en nokkurn annan stað á Íslandi og verslun og þjónusta á svæðinu er því í molum. Eigendum ferðaþjónustufyrirtækja um allt land er vorkunn, en sumarið var huggun harmi gegn – alls staðar nema í borginni. Stjórnvöld hafa ráðist í ýmsar aðgerðir til að milda höggið fyrir atvinnulíf um allt land – líka fyrir Reykjavík. En það hefur að mörgu leyti mistekist.

Menningarverðmætin í höfuðborginni fá að mæta afgangi í allri umræðu. Menningarlíf í borginni hefur legið niðri að mestu síðan í vor. Miðborgin er einmanaleg. Æ fleiri verslunar- og veitingarými standa auð. Borgarstjórinn á erfitt með að klæðast ekki læknasloppnum í faraldrinum, í stað þess að berjast fyrir íbúana. Borgin hefur orðið út undan.

Á meðan Reykjavík hefur koðnað niður í faraldrinum hafa þingmenn landsbyggðarinnar hvergi slegið slöku við í að minna á hagsmuni sinna kjördæma. Það vantar þyrlupall úti í Eyjum, björgunarpakka við atvinnuleysi á Suðurnesjum og að efla skógrækt um landið. Það þarf að létta á sóttvörnum fyrir norðan en loka á Reykjavík. Það þarf að breyta Akureyri í borg.

Það kann að hljóma léttvægt á sama tíma og stjórnvöld standa frammi fyrir krísunni. En þau okkar sem eru lokuð inni með skertan rétt til athafna dreymir mörg um bjartari tíð og iðandi borgarlíf á ný.

Frá því þingið var sett í haust hefur einn þingmaður borgarinnar lýst áhyggjum af lífsmarki höfuðborgarinnar. „Að ganga um miðborg Reykjavíkur, til dæmis að kvöldi til, er annað en það var. Ljósin á veitingastöðunum eru slökkt, stólar standa uppi á borðum og rými til að skapa tekjur er að hverfa," sagði Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir, þingmaður Viðreisnar, á fyrstu viku haustþingsins.

Hún kvaddi sér hljóðs til að ræða áfengisgjald, þá tekjulind ríkissjóðs sem fæstir þingmenn treysta sér til að andmæla, en verður æ ósanngjarnari. Gjaldið hækkar þegar herðir að, en er aldrei lækkað. Skattar á áfengi og tóbak koma ekki aðeins verst niður á tekjulægstu hópunum, heldur hitta mikilvæg fyrirtæki í miðborg Reykjavíkur gríðarlega illa fyrir á versta hugsanlega tíma.

Þorbjörg er ekki eini þingmaður Reykjavíkur. Íbúar Reykjavíkur eiga tuttugu og tvo þingmenn og höfuðborgin á betra skilið en að vera hundsuð af þingmönnum sínum, sem eru rúmur þriðjungur alls þingheims. Hvað eru þeir allir að brasa? Eru þeir að hjálpa Loga Einarssyni að byggja borg fyrir norðan?

Höfuðborgin á betra skilið en að vera hundsuð af þingmönnum sínum, sem eru rúmur þriðjungur alls þingheims.

Halldór



Frá degi til dags

Hrista, ekki hræra

Jarðskjálftinn sem fékk Píratann til að slá met Usain Bolt í 100 metrunum hefur verið túlkaður á alla vegu. Undirskriftirnar vegna nýju stjórnarskrárinnar voru afhentar í gær og mætti því túlka skjálftann sem velþóknun eða vanþóknun almættisins á því hitamáli. Aðrir gætu túlkað skjálftann sem vanþóknun á þá ákvörðun heilbrigðisráðherra að leyfa opnun líkamsræktarstöðva á meðan sundlaugar standa auðar. Allir sem hlusta á Útvarp Sögu vita hins vegar að skjálftann má rekja til uppkasta almættisins vegna enn eins viðtalsins við Viðar Guðjohnsen.

Hátíðarútgáfa

Í ljós kom að takmörkuð lagastoð er fyrir lokun tollhliðsins í Keflavík þar sem ekki er búið að birta reglugerðina í Stjórnartíðindum. Tímaritið Stjórnartíðindi, sem fylgir öðru hverju eintaki Lifandi vísinda, á enn eftir að birta rúmlega 300 alþjóðareglugerðir sem Ísland hefur ákveðið að fylgja. Meðal þess er tilskipun um hvorum megin á að opna banana og reglugerð um hvernig standa á að borgaralegum handtökum þeirra sem spila jólalög of snemma. Stendur nú til að prenta þær allar í einu. Stjórnartíðindi XL-Director's Cut má nálgast fyrir áramót í öllum skárri verslunum.

Pólitísk jafnvægislist

Þorbjörg Sigríður Gunnlaugsdóttir
þingmaður Viðreisnar

Þungt ástand vegna heimsfaraldursins er nú talið í mánuðum og við blasir að nokkuð er í land. Í þeirri þreytu sem við finnum fyrir þarf að muna að skæður heimsfaraldur færir stjórnvöldum ekki aðeins rétt til að bregðast við heldur einnig skyldu. Hin pólitíska jafnvægislist lýtur svo að því hvernig það er gert. Í vikunni fór fram á Alþingi sérstök umræða um valdheimildir sóttvarnalæknis og heilbrigðisráðherra til sóttvarnaráðstafana.

Eftirlitshlutverk Alþingis er háð samtali og upplýsingagjöf. Vitaskuld hefur faraldurinn verið til umræðu á Alþingi, en fyrst og fremst að kröfu stjórnarandstöðu. Ríkisstjórnin hefur lítið frumkvæði sýnt að öðru leyti en í umræðum um efnahagsaðgerðir. Á hinum pólitíska vettvangi er það ekki aðeins réttur Alþingis heldur einnig skylda að sinna eftirlitshlutverki.

Þegar reynsla er komin á sóttvarnalögin, sem sóttvarnaaðgerðir byggja á, verður að telja undarlega pólitíska forgangsröðun að endurskoðun sóttvarnalaga sé ekki ofar á lista ríkisstjórnarinnar. Lögin eru verkfærakista stjórnvalda og ákveðnir veikleikar hafa komið í ljós. Lögin þurfa að vera skýr og lagastoð aðgerða óumdeild. Tímabær endurskoðun hefur ekki með mildari eða harðari aðgerðir að gera, heldur að löggjöf sé skýr um aðgerðir og heimildir.

Þessar aðstæður gera að verkum að hlutverk þingsins hefur sjaldan verið mikilvægara. Það er Alþingis að fara yfir framkvæmdina. Staðan kallar til dæmis á umræðu um hver skurðpunkturinn sé milli sóttvarnaaðgerða og efnahagsaðgerða. Það er pólitísk jafnvægislist og umræðan þarf þess vegna að eiga sér stað á hinum pólitíska vettvangi.

Þríeykið, smitrakningarteymið og fólk í framlínu á lof skilið fyrir framlag sitt. Það er hins vegar heilbrigðisráðherra að svara fyrir hugmyndafræði aðgerða í samtali við fulltrúa þjóðarinnar inni í þingsal og hvers vegna farið er að sumum tillögum sóttvarnalæknis en öðrum ekki. Umræða vikunnar í þinginu var þörf og góð, en hefði átt að eiga sér stað fyrr af hálfu stjórnarinnar og þarf að gerast oftar.

Staðan kallar til dæmis á umræðu um hver skurðpunkturinn sé á milli sóttvarnaaðgerða og efnahagsaðgerða.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Björn Víglundsson **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Gildi fjárfestir í mengandi iðnaði

Elvar Örn Friðriksson
framkvæmdastjóri NASF á Íslandi

Það vakti athygli þegar fregnir bárust af því í seinustu viku að Gildi Lífeyrissjóður hygðist fjárfesta fyrir rúma þrjá milljarða króna í fiskeldisfyrirtækinu Icelandic Salmon (áður Arnarlax). Með fjárfestingunni virðist lífeyrissjóðurinn fara gegn eigin gildum um ábyrgar fjárfestingar sem taka mið af umhverfissjónarmiðum, sem eru tíunduð á heimasíðu sjóðsins og hefur verið vel kynnt.

Á sama tíma barst tilkynning um að sjóðastýringarfélagið Stefnir myndi fjárfesta fyrir um 1,5 milljarða króna í Arnarlaxi þrátt fyrir að hafa á liðnu ári lagt upp með þá stefnu að huga að ábyrgum fjárfestingum og vinnur að því að innleiða þær í fjárfestingaferli sjóða sinna.

Laxeldi í opnum sjókvíum hefur stóraukist við strendur Íslands á undanförnum árum. Lífeyrissjóðirnir hafa þó haldið sér til hlés í þeirri uppbyggingu enda er iðnaðurinn umdeildur. Nær öll uppbygging fiskeldis í sjókvíum hér á landi hefur tekið mið af verðmætasköpun fyrir þau fyrirtæki sem hana stunda, erlend stórfyrirtæki sem hafa með ódýrum hætti fengið aðgang að íslenskum auðlindum.

Á sama tíma er að stóru leyti skautað fram hjá umhverfissjónarmiðum. Fram til þessa hefur íslenskur sjávarútvegur haft það að leiðarljósi að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum og sjálfbærum veiðum. Það má segja að sjávarútvegurinn byggi að stórum hluta ímynd sína og verðmætasköpun á þeim grundvelli en sömu sögu er ekki að segja um fyrirtæki sem stunda fiskeldi í opnum sjókvíum.

Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að fiskeldisiðnaðurinn skapar störf. Þau störf er hins vegar hægt að skapa á mun umhverfisvænni hátt enda hefur Ísland einhverjar bestu aðstæður í heimi til að stunda landeldi á fiski, með nægt landrými, miklar vatnsauðlindir og endurnýjanlega orku.

> **Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að fiskeldisiðnaðurinn skapar störf. Þau störf er hins vegar hægt að skapa á mun umhverfisvænni hátt.**

Samfélagsleg uppbygging

Þeir sem hafa gagnrýnt sjókvíaeldi á liðnum árum hafa þurft að sitja undir ásökunum um að vera á móti atvinnuuppbyggingu í dreifðum byggðum. Nú þegar fjárfesting Gildis og Stefnis í mengandi iðnaði er gagnrýnd er hætt við því að þeir sem hana leggja fram verði sakaðir um að vera á móti ávöxtun lífeyrissjóðsins og vilji þannig skerða lífeyrisréttindi. Þau viðbrögð stórfyrirtækjanna eru fyrirsjáanleg en alls ekki rétt.

Sem fyrr segir hafa bæði Gildi og Stefnir lagt áherslu á ábyrgar fjárfestingar sem taka mið af umhverfissjónarmiðum þó vikið sé frá þeim sjónarmiðum nú. Það að nýta lífeyri landsmanna og kasta frá sér samfélagslegri ábyrgð til að fjárfesta í mengandi iðnaði sem hefur skaðleg áhrif á lífríki fjarða og vatna setur afar slæmt fordæmi.

Stefnubreyting?

Við lifum á tímamótum þar sem heimsfaraldur hefur sett allt á hliðina, ferðaþjónustan liggur í dvala, atvinnuleysi fer vaxandi og fjárhagskreppan er hafin. Eðlilega er þá kallað eftir stórfum og aukinni verðmætasköpun. Við viljum þó öll byggja útflutning og verðmætasköpun landsins upp með sjálfbærum og ábyrgum hætti og í sátt við náttúru landsins. Aðeins þannig tryggjum við verðmætasköpun til lengri tíma.

Við höfum ekki efni á því að vinna gegn náttúrunni. Á meðan flestir átta sig á mikilvægi þess að fjárfesta í endurnýjanlegum og sjálfbærum greinum getum við ekki setið hjá og ýtt undir iðnað sem mun skilja náttúruna eftir í verra ástandi fyrir komandi kynslóðir. Markmið lífeyrissjóðanna er fyrst og fremst að ávaxta lífeyri landsmanna. Þeir hafa nær allir sett sér þá samfélagslegu stefnu að gera það með fjárfestingum sem stuðla að sjálfbærri og vistvænni framtíð.

Sú stefna er vel við hæfi í þróuðum ríkjum eins og Íslandi. Þess vegna vekja fjárfestingar Gildis og Stefnis í mengandi iðnaði mikla furðu og eru vonandi ekki merki um stefnubreytingu í samfélagslegri ábyrgð.

Vindorka – vöndum til verka

Tryggvi Felixson
formaður Landverndar

Vindmyllur verða sífellt hagkvæmari kostur og vaxandi reynsla er af notkun þeirra víða um heim, sem nýta má hér á landi til að taka yfirvegaðar og skynsamlegar ákvarðanir. Ljóst er að bygging vindorkuvera getur orðið mjög umdeild, einkum vegna sjón- og hljóðmengunar, en einnig vegna áhrifa á fuglalíf. Því er mikilvægt að vanda til undirbúnings þannig að koma megi í veg fyrir óþarfa deilur og átök.

Fjórar og hálf Kárahnjúkavirkjun í bígerð

Síðastliðið vor bárust fréttir af því að tíu aðilar hefðu hug á að reisa samtals 34 vindorkuver á Íslandi. Erlendir aðilar standa að baki að minnsta kosti 19 af þessum tillögum. Ef svo afar ólíklega vildi til að öll þessi áform næðu fram að ganga yrði uppsett afl í vindorku á við fjórar og hálfa Kárahnjúkavirkjun. Fátt bendir til þess að þörf verði fyrir meira afl í orkukerfi landsins á næstu árum og því mætti álykta sem svo að umræða um vindorku sé ekki tímabær. En reynslan sýnir að skjótt geta skipast veður í lofti og gott að vera vel undir það búinn.

Tvö svæði skoðuð

Vindorka hefur verið til umræðu hér á landi í nokkur ár og í skýrslu verkefnisstjórnar fyrir rammaáætlun 3, sem kom fram árið 2016, en hefur enn ekki verið afgreidd af Alþingi, voru tvö svæði fyrir vindorkuver tekin til skoðunar. Annað fór í nýtingarflokk (við Blöndu-virkjun) en hitt í biðflokk (við Búrfellsvirkjun).

Landvernd hefur setti fram sjónarmið og lagt til stefnu um virkjun vindorku á Íslandi. Samtökin gáfu út fyrsta heildstæða rit á Íslandi um þennan orkugjafa í ritinu „Virkjun vindorku á Íslandi: Stefnumótunar- og leiðbeiningarrit Landverndar“ árið 2018. Málið var einnig til umfjöllunar á síðasta aðalfundi samtakanna.

Engin þörf fyrir vindorku í bili

Landvernd telur að ekki sé þörf fyrir vindorkuvirkjanir eins og staðan er nú og þó öll áform um orkuskipti í samgöngum gangi eftir ef marka má greiningu Orkuveitu Reykjavíkur. Landvernd hvetur því stjórnendur fyrirtækja og sveitarfélaga til að rasa ekki um ráð fram. Þá hafnar Landvernd því alfarið að vindorkumannvirki verði sett niður á verðmætum náttúrusvæðum eða þar sem fuglalífi stafar af þeim hætta. Þá mega vindorkuver ekki skerða verðmætar landslagsheildir, spilla ásýnd lands og víðernum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Almenningur komi að ákvarðanatöku

Sveitarstjórnir gegna lykilhlutverki við ákvarðanir um staðarval vindorkumannvirkja. Landvernd telur skynsamlegt að sveitarfélög marki sér langtímastefnu um vindorkuver í skipulagi, þar sem aðkoma almennings að ákvarðanatöku sé tryggð á fyrstu stigum ferlisins. Í framangreindri skýrslu Landverndar eru leiðbeiningar um 36 efnisatriði sem þarf að fjalla um þegar mat er lagt á byggingu vindorkuvera. Ef sveitarfélög fylgja þeim leiðbeiningum aukast líkur á að ásættanleg niðurstaða náist.

Forðumst kapphlaup sem endar með ósköpum

Í sumar hafa þingmaðurinn Ari Trausti Guðmundsson og lögfræðingurinn Skúli Thoroddsen rökrætt í Fréttablaðinu hvort vindorka eigi heima í rammaáætlun. Sá síðarnefndi telur svo ekki vera. Landvernd telur að best sé fyrir alla aðila að vindorkuver falli undir lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011 (rammaáætlun) svo útiloka megi þá staði sem teljast varhugaverðir vegna neikvæðra áhrifa. Að öðrum kosti má reikna með kapphlaupi sem bæði kostar mikið fé og getur endað með ósköpum. Það er nauðsynlegt að Alþingi taki strax af allan vafa um þetta atriði og felli vindorku formlega undir framangreind lög.

Hinn umræddi Coote. MYND/GETTY

Coote settur í skammarkrók

FÓTBOLTI David Coote sem var myndbandsdómari í leik Everton og Liverpool um síðustu helgi verður í hlutverki fjórða dómara í næstu umferð. Það er í fyrsta sinn á þessu tímabili sem Coote er ekki treyst fyrir hlutverki dómgæslu eða myndbandsdómgæslu eftir afdrifarík mistök hans um síðustu helgi.

Coote var Michael Oliver til aðstoðar á leik Everton og Liverpool og sá ekkert refsivert í tæklingu Jordan Pickford á Virgil van Dijk. Coote einblíndi á hvort að van Dijk væri rangstæður í aðdraganda marksins og taldi að lokum tæklinguna ekki refsiverða. Oliver fór því ekki í skjáinn og Pickford slapp með skrekkinn eftir glórulausa tæklingu. Síðar kom í ljós að miðvörðurinn var með slitið krossband.

Tvíeykið var sameinað á ný í leik Wolves og Leeds fyrr í vikunni og virtist missa af því þegar Raul Jimenez, sóknarmaður Úlfanna, virtist sparka í Robin Koch í leiknum. Þá voru þeir dómarar leiksins þegar Giovani Lo Celso var ekki refsað fyrir að stíga vísvitandi á Cesar Azpilicueta í leik Tottenham og Chelsea fyrr á þessu ári. **– kpt**

Forsetinn þykir lunkinn á golfvellinum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Byggir annan völl í Aberdeen

GOLF Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, hefur fengið heimild til að byggja annan golfvöll í Aberdeenhéraði í Skotlandi. Völlurinn verður við hlið annars golfvallar sem Trump rekur í Aberdeen og mun þessi bera nafn móður Donalds, Mary Anne MacLeod.

Trump, sem er mikill golfáhugamaður, hefur verið duglegur að nýta auð sinn til að byggja golfvelli á heimsvísu og á hann fyrir sautján golfvelli. Ellefu þeirra eru í Bandaríkjunum í sjö mismunandi fylkjum en þar að auki á Trump tvo velli í Skotlandi, tvo í Írlandi og tvo í Sameinuðu arabísku furstadæmunum.

Búið var að samþykkja framkvæmdirnar síðasta vor en málið var tekið fyrir á ný vegna kvartana um umhverfisvernd. Það kom ekki í veg fyrir að Trump fengi heimild yfirvalda í Aberdeen til að reisa annan golfvöll. **– kpt**

Reyna að ljúka Íslandsmótinu

KSÍ stefnir enn að því að klára mótshald í meistaraflokki karla og kvenna fyrir lok nóvember. Framkvæmdastjóri ÍTF segir lykilatriði fyrir félögin að fá að hefja æfingar sem fyrst ef ljúka eigi mótinu.

FÓTBOLTI KSÍ tók ákvörðun í gær um að halda sig við fyrri áætlanir og stefna áfram á að ljúka keppni í öllum deildarkeppnum Íslands fyrir lok nóvembermánaðar. Pressan hefur aukist á KSÍ undanfarna daga um að taka ákvörðun um framhaldið enda rétt tæpar sex vikur til stefnu en félög fengu heimild til að æfa án snertingar í gær eftir tólf daga hlé frá æfingum. Ákvörðun KSÍ var tekin eftir ákveðnum skilyrðum og fór KSÍ sömu leið og KKÍ Íslands deginum áður.

Á fundi stjórnar KSÍ í gær var ákveðið að keppni skyldi hefjast á ný með nýrri niðurröðun sem verður kunngerð í dag en það var háð einu stóru skilyrði. Takmarkanir á æfingum og keppni yrð afnumdar ekki síðar en 3. nóvember. Það reynist lykilatriði til þess að mótin geti hafist á ný enda hafa lið á höfuðborgarsvæðinu ekki fengið að æfa undanfarnar tvær vikur. Á sama tíma hafa félög út á landi náð að halda úti æfingum en mörg þeirra hafa neyðst til að senda erlenda leikmenn heim í óvissunni hvort að áframhald yrði á keppnisfyrirkomulagi í íslenska boltanum.

Ákvörðun stjórnar KSÍ kom samdægurs og ákvörðun Almannavarnarnefndar höfuðborgarsvæðisins um að loka skyldi öllum íþróttamannvirkjum í eina viku að hið minnsta til að koma í veg fyrir hópamyndun í von um að það myndi hindra frekari útbreiðslu kórónaveirunnar á stór Reykjavíkursvæðinu.

Þessi áform eru því enn háð óvissu um ástandið í íslensku þjóðfélagi vegna útbreiðslu kórónaveirunnar en gerð í von um að ljúka Íslandsmótinu í meistaraflokkum. Ákvörðunin er því háð samþykki stjórnvalda á nýjum markmiðum KSÍ. Þá kom fram að KSÍ á enn eftir að finna út hvað gera skal í bikarkeppnunum þar sem Evrópusæti og milljónirnar sem fylgja því eru enn til boða karlamegin.

Ákvörðun KSÍ vakti mismikla gleði á samskiptamiðlinum Twitter í gær þar sem formenn hinna ýmissa knattspyrnudeild hjá félögum á Íslandi ræddu málið sín á milli. Rauði þráðurinn í umræðunni var hvenær félögin fengju heimild til að æfa ef hefja ætti tímabilið á ný. Ef ekki fáist heimild til að æfa með bolta fyrr en 3. nóvember eru lið á höfuðborgarsvæðinu nýfarin að æfa á ný þegar deildarkeppnin eigi að hefjast á ný á meðan lið utan Reykjavíkur séu búin að ná að halda nokkurn veginn striki.

Valsmenn þurfa fimm stig úr síðustu fjórum leikjunum til að endurheimta Íslandsmeistaratitilinn. MYND/VALLI

> **Stærsta púslið sem þarf að falla á réttan stað er að félögin fái að hefja æfingar sem fyrst.**
>
> Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri Íslensks toppfótbolta



Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri Íslensks toppfótbolta, hagsmunasamtaka félaga í tveimur efstu deildum karla og kvenna, tók í sama streng um áhyggjur af æfingatíma þegar Fréttablaðið ræddi við hann í gær.

„Þegar við ræddum afstöðu okkar hjá ÍTF var auðvitað ekki sami tónninn í öllum félögum hvernig farið skyldi að þessu. Heilt yfir tel ég að flest félög vilji klára mótið og það sé ánægja með að það sé reynt. Við höfum til 1. desember en það sem við höfum helst áhyggjur af er æfingaskortur. Fyrsta forgangsatriðið er að félögin á höfuðborgarsvæðinu fái heimild til að æfa fyrir fyrstu leikina og það sem fyrst."

Aðspurður sagðist Birgir ekki vera viss hvað yrði gert ef æfinga- og keppnisbannið yrði framlengt í byrjun nóvember.

„Það yrði mjög niðurdrepandi og í raun útilokar að hægt sé að klára mótið fyrir 1 desember. Nýjasta útspilið að loka öllum íþróttamannvirkjum kom okkur í opna skjöldu en við getum þó reynt að æfa í sitthvoru lagi áfram næstu dagana. Það yrði fúlt fyrir leikmennina að keyra sig af stað á nýjan leik og 4. nóvember yrði bannið framlengt. Það yrði gjörsamlega fatalt, " segir Birgir og ítrekaði að möguleikinn á æfingum væru mikilvægasti hluturinn.

„Stærsta púslið sem þarf að falla á réttan stað er að félögin fái að æfa sem allra fyrst. Erum búnir að vera í æfingastoppi í tvær vikur og það stefnir í að það nái yfir tæpan mánuð. Það verður ekki hægt að keyra beint í leiki, það myndi fara illa með leikmennina. Við viljum gera þetta fagmannlega en vitum hversu erfitt það er. Höfum ekki nokkrar vikur eins og í vor."

Aðspurður segist Birgir efast um að félögin séu til í að lengja tímabilið ef til þarf.

„Ég efast um að það sé nokkur grundvöllur fyrir því að lengja mótið. Það er mikið lagt á leikmenn fyrir, það er að verða komið ár síðan undirbúningstímabilið hófst hjá sumum liðum."

kristinnpall@frettabladid.is

Mesut Özil ekki sá fyrsti sem kýs að sitja á gullinu

FÓTBOLTI Það voru skýr skilaboð sem Arsenal sendi Mesut Özil um miðjan dag í gær, um að hann væri ekki inni í myndinni hjá Mikel Arteta. Arsenal skilaði þá inn leikmannalistanum fyrir komandi tímabil í ensku úrvalsdeildinni og var launahæsti leikmaður félagsins hvergi sjáanlegur. Özil er ekki heldur í hópnum í Evrópudeildinni og er því líklegt Özil hafi leikið sinn síðasta leik fyrir Skytturnar.

Þrjú ár eru liðin síðan Özil skrifaði undir nýjan samning. Á þeim tímapunkti átti Özil fimm mánuði eftir af samningi sínum. Arsenal var á þá að horfa á eftir Alexis Sanchez til Manchester United og vildi því gera allt til að koma í veg fyrir brottför Özil. Arsenal gerði Þjóðverjann því að launahæsta leikmanninum í sögu félagsins.

Síðan þá hefur leiðin legið niður á við og stefnir í að Özil komi við sögu í 38 leikjum á þessum þremur árum sem samið var um. Þar af nái hann aðeins sautján sinnum að leika allan leikinn.



Özil hefur skorað 33 og lagt upp 58 mörk á Englandi. MYND/GETTY

Undanfarin ár hefur Özil ekki virst jafn áhugasamur innan vallar og hefur vakið meiri athygli utan vallar. Hann hefur verið duglegur að berjast fyrir þá sem minna mega sín í mannréttindamálum en er einnig liðtækur rafíþróttaspilari. Per Mertesacker, liðsfélagi Özil til margra ára, ýtti undir þennan orðróm á dögunum í viðtali í hlaðvarpinu Klick and Rush. „Hann giftist, eignaðist fjölskyldu og einbeitingin fór af fótboltanum á fjölskyldulífið."

Það kom ekki til greina fyrir Özil að yfirgefa Arsenal í sumar enda átti hann samkvæmt heimildum Athletic rétt á bónusgreiðslu (e. loyalty bonus) upp á átta milljónir punda á þessu tímabili. Sú klásúla var sett inn að beiðni Arsenal í von um að halda í stærstu stjörnu félagsins á sínum tíma. Þá mun hann ekki fá sömu laun greidd neins staðar í Evrópu og gaf hann það út fyrr á þessu ári að hann myndi ekki yfirgefa Arsenal fyrr en að samningstímabilinu loknu.

Özil er ekki fyrsti og verður ekki sá síðasti sem neitar að yfirgefa félag vegna hagstæðs samnings. Ekki þarf að fara langt í Lundúnum til að finna annað dæmi um leikmann sem neitaði að gefa eftir góð laun á kostnað spilatíma. Winston Bogarde lék aðeins ellefu leiki á fjórum árum fyrir Chelsea og lét það ekki trufla sig að þurfa að æfa með vara- og unglingaliðum Chelsea. Hann sagðist hvergi fá sambærileg laun og ætlaði ekki að gefa aur eftir.

Þá var deila Gareth Bale og Real Madrid reglulega á forsíðum spænskra fjölmiðla þar sem forráðamenn Real gagnrýndu Bale fyrir að vera ekki tilbúinn að gefa eftir laun sín sem einn af launahæstu leikmönnum heims. Bale nýtti frítímann til að lækka forgjöfina á golfvellinum. **– kpt**

Fólk

MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 2020

Heilsa

Hildur Sólveig Sigurðardóttir sjúkraþjálfari heldur utan um verkefnið Leiðarvísir líkamans, en þar er að finna fræðslu um góða líkamsstöðu, líkamsbeitingu og vinnustellingar. →6

Rakel Ósk segist gera allt til að smitast ekki af kórónaveirunni en færi svo tæki hún sjálfsmyndir og þær einu í seríunni innanhúss. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Við erum bara heima!

Rakel Ósk Sigurðardóttir ljósmyndari hefur tekið myndir af fleiri en 40 einstaklingum sem smitast hafa af COVID-19 og heldur nú ótrauð áfram í þriðju bylgjunni. →2

Þórdís Lilja Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is

Framhald af forsíðu

Nei, ég hef aldrei orðið hrædd um að smitast af COVID-19 en í aðra röndina væri það áhugavert innlegg í myndaseríuna, að taka sjálfsmyndir af mér smitaðri og það yrðu þá einu innimyndirnar sem teknar hefðu verið. Ég geri þó hvað ég get til að smitast ekki," segir ljósmyndarinn Rakel Ósk Sigurðardóttir, sem hefur frá því í fyrstu bylgju kórónaveirunnar tekið myndir af fjórum tugum Íslendinga sem smitast hafa af veirunni.

„Hugmyndinni laust niður í huga mér þegar fyrsta COVID-bylgjan var í uppsiglingu og ég beið ekki boðanna heldur fór strax af stað. Mér þótti ástæða til að skrá þetta myndrænt, jafnvel þótt fólkið sé bæði veikt og meyrt í veikindum sínum, því þegar frá líður veit ég að myndirnar verða æ dýrmætari og heimildagildið ómetanlegt frá þessum fordæmalausu tímum sem við lifum."

Örsögur við hverja mynd

Mesta vinnan hjá Rakel hefur farið í að finna þá sem eru veikir og í einangrun.

„Allir sem ég hef leitað til hafa verið til í að sitja fyrir á myndum, en í fyrstu bylgjunni og nú þegar sú þriðja ríður yfir finn ég aftur fyrir svolítilli smitskömm og því að fólk vilji helst ekki láta uppi að það sé með veiruna. Það er þó aðallega vegna þess að það er sakbitið yfir því að hafa orðið þess valdandi að aðrir séu sendir í sóttkví," segir Rakel og heldur áfram:

„Það er merkilegt að skrásetja þessa tíma með myndum því það er alls konar og venjulegt fólk sem lendir í þessum aðstæðum. Ég hef fengið ábendingar sem hafa mikið heimildagildi og sögulega samhengið skiptir máli við myndasöfnunina. Allir hafa sínar sögur að segja og ég skrifa niður örsögur með hverri og einni mynd, sem margar eru merkilegar," segir Rakel og nefnir dæmi.

„Til dæmis barnung systkin sem gátu ekki hitt mömmu sína í hálft ár út af voðalegu ástandinu sem ríkti á Ítalíu þar sem mamma þeirra bjó. Um leið og glufa gafst í sumar fóru þau samt út, vitandi að við tæki tveggja vikna sóttkví þegar heim kæmi."

Rakel tekur líka myndir af fólki í sóttkví.

„Ég tók myndir af fótboltastelpu í KR sem þurfti fjórum sinnum í sóttkví og svo afa og barnabarni sem enginn bjóst nokkurn tímann við að þyrftu að vera tveir saman í einangrun á heimili afans í tvær vikur án þess að mega fara út. Allt styrkti það auðvitað tengslin á milli afa og afastráks og allt hefur þetta líka sína kosti. Margir sjá fjölskylduna sína í nýju ljósi og fá allt í einu ríkulegri tíma með sínum nánustu," segir Rakel.

Afi og afastrákur voru saman í tíu daga einangrun. MYNDIR/RAKEL ÓSK

Þega smit kom upp í leikskólanum þurftu amma og afi að búa í hjólhýsinu.

Henni hefur gengið vel að hitta á viðfangsefni sín.

„Fólk er náttúrlega bara heima hjá sér á þessum undarlegu tímum og ekkert mál að hitta það, enda er algengasti brandarinn: „Við verðum bara heima." Stundum hefur fólk ekki hugmynd um hvernig það smitaðist og mér finnst þetta allt svo áhugavert út frá mannlegu sjónarmiði. Þess vegna fór ég af stað."

Þakklát fyrir ábendingar

Þegar veiran virtist í rénun í sumarbyrjun taldi Rakel verkefninu lokið.

„Mig grunaði ekki að ég ætti eftir að fara aftur af stað með nýjum faraldri en nú eru svo ótrúlega margir sýktir og komnir í einangrun, og meira að segja fjölmörg börn í sóttkví. Ég er því farin aftur af stað með myndavélina og er þakklát fyrir allar ábendingar sem ég fæ. Ég fékk til dæmis ábendingu á dögunum um hjón sem eru smituð með 25 ára syni sínum og búin að vera í einangrun í fjórar vikur, því enginn má fara út fyrr en sá síðasti er útskrifaður og hefur verið einkennalaus í sjö daga til að mega fara út í samfélagið á ný."

Rakel tekur myndirnar inn um glugga eða af svölum húsa og segir það bæði skemmtilegt og ögrandi.

„Ég hef nú verið ljósmyndari í sjö ár og þetta verkefni hefur gefið mér nýja sýn á hlutina. Ég segi fólki sem minnst áður en ég kem, sumir búa hátt uppi og svo hefur veðrið sín áhrif líka. Því verða til áhugaverðir vinklar sem þarf að finna lausnir á þar sem sjúklingarnir mega ekki fara út, né má ég stíga fæti inn í garða húsanna þar sem búa sýktir einstaklingar."

Þessi fjölskylda í Hafnarfirði þurfti öll að fara saman í verndarsóttkví.

Sumir tjá Rakel að þeir séu of veikir til að sitja fyrir á mynd.

„Mig langar samt að ná myndum af einstaklingum sem eru sjáanlega mikið lasnir af veirunni því það eru sögulegar heimildir líka. Ég tók líka mynd af yngsta barninu sem sýkst hefur hér á landi, en það var nýfæddur drengur sem ég myndaði með móður sinni. Þar var allur garðurinn girtur af og reyndi á að ná góðri mynd án þess að koma nær," upplýsir Rakel sem vill engu breyta í umhverfi þeirra sem hún tekur myndir af í einangrun og sóttkví.

„Ef útigrillið er beint fyrir framan húsið eða bíllinn, breyti ég engu þótt mér sé tamt að fegra ásýndina því ég hef unnið svo lengi við tímarita- og portrettljósmyndun, þar sem maður býr til fegraðan veruleika. Á COVID-myndunum blasir við hrár raunveruleikinn og það finnst mér einmitt svo heillandi, heimili og aðstæður fólks eru nákvæmlega eins og þær eru."

Tveir á efri hæð saman í einangrun og hinir í fjölskyldunni í sóttkví.

Rakel segir suma hafa sig til áður en hún kemur en stundum geti hún ekki tímasett komu sína upp á mínútu og þá komi hún fólki stundum að óvörum.

„Margir spyrja hvernig þeir eigi að vera og ég segi þeim að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Ein var enn á nærbuxunum þegar ég mætti fyrir utan og þá tók ég mynd af henni á nærbuxunum í gegnum gluggann, sem var skemmtilegt. Ég tók líka mynd af óléttri konu í svörtum bol og sem bjó svo hátt uppi að ég sá ekki bumbuna. Ég bað hana að fara í ljósari bol en þá fór hún bara úr bolnum og var á bumbunni og ég tók myndina þannig. Ég vildi sýna að hún væri ófrísk og hefði getað farið af stað í fæðingu, sem hefði þýtt að maðurinn hennar hefði ekki mátt vera viðstaddur."

Ástríðuverkefni

Aðalstarf Rakelar er portrettljósmyndun og þá aðallega barna- og fjölskyldumyndir, sem og fermingar, útskriftir og brúðkaup.

„COVID-myndatökurnar eru fyrst og fremst ástríðuverkefni og samtímaskráning á einstökum tímum. Það hefur verið mikið þroskaferli fyrir mig sem ljósmyndara að sjá hlutina frá öðru sjónarhorni, taka myndir af fólki úr fjarlægð og á heimili sínu sem má ekki yfirgefa í einangruninni," segir Rakel sem hefur ekki ákveðið hvort hún haldi sýningu á myndunum eða gefi þær út í bók.

„Það væri sannarlega gaman en ég er enn í miðju verkefni og mikilvægt að halda því áfram. Mér hefur þótt áhugavert að hitta alls konar fólk og mynda tengsl þess, eins og þrjá lögregluþjóna sem fóru saman í einangrun í sumarbústað eftir að hafa smitast af veirunni í vinnunni. Það voru tvær konur og einn karl sem missti af fæðingu dóttur sinnar vegna þess að hann mátti ekki rjúfa einangrun. Eftir að hafa hitt þau í einangruninni gat ég ekki hætt að hugsa um þetta, en fór svo og tók myndir af því þegar lögreglumaðurinn hitti nýfædda dóttur sína í fyrsta sinn. Ég er svo glöð í hjarta mínu að þær heimildamyndir séu til, því þetta er sannarlega bæði fordæmalaust og sögulegt ástand."

Þeir sem lesa þetta viðtal og eru í einangrun mega gjarna senda Rakel tölvupóst, sem og allir sem þekkja smitaða einstaklinga í einangrun.

„COVID-19 er sjúkdómur sem fer ekki í manngreinarálit og veiran getur lægst að fólki hvar sem er. Því þarf hvorki að skammast sín fyrir að hafa orðið veikur né að hafa samviskubit vegna þess að fleiri hafa þurft í sóttkví. Þetta eru einfaldlega þannig tímar og við þurfum að gæta heimildavinnunnar við þá."

Senda má Rakel ábendingar á netfangið rakel@rakelosk.com og á Instagram: @rakelphoto

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

Mest selda liðbætiefni á Íslandi

LIÐVERKIR, STIRÐLEIKI, EÐA BRAK Í LIÐUM?

„Ég var búinn að afskrifa mig sem keppnismann í átaksíþróttum fyrir 10 árum síðan.“ **Jón Arnar Sigurjónsson** (60 ára).

Nutrilenk Gold hefur gert mér kleift að æfa og keppa í hjólreiðum undanfarin 4 ár með óvæntum árangri. Ég hef notað Nutrilenk í fjölda ára og hef velt því fyrir mér hvort það sé eitthvað verkjastillandi í töflunum. Mér finnst það svo magnað að efnið fjarlægir óþægindi í hnénu ef ég tek það inn daglega. Hef prófað að hætta inntöku í nokkra daga og þá koma einkennin aftur í ljós. Ég æfði fótbolta hér áður fyrr en þurfti að hætta því fyrir 10 árum vegna eymsla í hné. Ég var gjörsamlega búinn að afskrifa mig sem keppnismann í átaksíþróttum. Því er það óvænt gleði að hnéð er nú í góðu lagi þrátt fyrir mikið æfingaálag. En ég hef hjólað yfir 11.000 km sem af er þessu ári og keppt í 10 keppnum þar sem ég hef farið heim með verðlaunagrip í hvert skipti. Auk þess varð ég íslandsmeistari og bikarmeistari í götuhjólreiðum og tímatöku í mínum aldursflokk. Ég get ekki annað en mælt hiklaust með Nutrilenk.

Innihaldsefni í Nutrilenk:

- Kondrótín sem er unnið úr fiskibeinum, aðallega frá hákörlum.
- Kalk sem er nauðsynlegt fyrir viðhald eðlilegra beina.
- Mangan sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina sem og eðlilega myndun bandvefja.
- D-vítamín sem stuðlar að viðhaldi eðlilegra beina og vöðvastarfsemi.
- C-vítamín sem stuðlar að eðlilegri myndun kollagens fyrir eðlilega starfsemi beina og brjósks og er þekkt fyrir að draga úr þreytu og lúa.

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.

Hrein, óbeisluð orka úr náttúrunni

Vítamínin frá Solaray eru uppfull af hreinni orku náttúrunnar og sú orka skilar sér í bættri heilsu, meiri orku og vellíðan. Það veit Sigríður Stefánsdóttir sem sannarlega finnur góð áhrif Solaray.

„Ég hef starfað með börnum í langan tíma og þykir starf mitt ómetanlegt. Ég þarf að hafa orku og úthald fyrir verkefni dagsins og finn svo sannarlega mun þegar ég tek inn vítamín frá Solaray. Ég er orkumeiri, betur vakandi á daginn og sef betur á nóttunni," segir Sigríður Stefánsdóttir, leiðbeinandi á leikskólanum Tjarnarborg.

Sigríður hefur tekið inn vítamín og steinefni frá Solaray með góðum árangri.

„Ég hef verið með hárlos í nokkurn tíma en finn gífurlega mikinn mun á hárinu mínu þegar ég tek inn Once daily for women-vítamínið frá Solaray. Meltingin er líka betri, þökk sé góðgerlum frá Solaray sem hafa góð áhrif á magaflóruna. Magaflóran hefur svo mikið að segja fyrir almenna vellíðan og einnig hafa góðgerlar góð áhrif á ónæmiskerfið okkar," segir Sigríður.

Bætiefni úr hágæða jurtum

Framleiðendur Solaray eru frumkvöðlar í blöndun jurta. Solaray-vörurnar komu fyrst á markað fyrir 40 árum og hefur áherslan frá upphafi verið á að framleiða bætiefni úr hágæðajurtum eftir ströngustu gæðareglum. Bætiefnin hafa frá upphafi verið framleidd og seld í sérstökum grænmetishylkjum sem bjóða upp á betri nýtingu á virkum efnum jurtanna.

Solaray-bætiefnin koma í hylkjum eða perlum og eru flestar vörurnar án glútens, gers, sykurs og mjólkur.

Solaray-vörurnar eru allar grænprófaðar (e. green screened), en þær merkingar upplýsa viðskiptavini um gæðaprófanir á virkni jurtanna og það hvort vörurnar eru „cruelty free", vegan og/eða framleiddar á umhverfisvænan máta.

Solaray fæst í Lyfju, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Lyfjum og heilsu, Heilsuveri og öðrum völdum apótekum.

Sigríður er leiðbeinandi á Tjarnarborg.



Góðgerlar Multidophilus geta bætt meltingu. Inniheldur Bacillus coagulans góðgerla og mjólkurlausa meltingargerla (Asídófílus). Blanda sem hentar öllum vel en einkum þeim sem þjást af mjólkurófnæmi. Geta verið nauðsynlegir fyrir eðlilega meltingu og vellíðan. Geta unnið gegn uppþembu, krömpum, verkjum, harðlífi og niðurgangi. Henta börnum vel.

Kalk, magnesíum og sink er dásamleg steinefnablanda í góðum hlutföllum, auðnýtanleg og þægileg í inntöku. Gott að taka fyrir svefninn. Hentar sérstaklega vel eldri einstaklingum. Algengt er að fólk skorti þessi mikilvægu efni, sem getur komið niður á beinþéttni, vöðvavirkni og ástandi taugakerfis.

Once daily woman er alhliða fjölvítamín fyrir konur og inniheldur öll helstu vítamín og steinefni. Hentar sérlega vel konum sem þurfa að huga að járnstöðu, með 18 mg af járni og góðri upptöku. Í því eru 800 mcg af fólínsýru sem er nægilegt magn fyrir þær sem huga að barneignum. Einnig MSM og amínósýrur fyrir hár, húð og neglur.

Þakklátur fyrir hvert framfaraskref

Tap á bragð- og lyktarskyni er algengt einkenni COVID-19. Margir eru heppnir og missa bragð- og lyktarskyn í stutta stund, á meðan aðrir hafa ekki fundið lykt og bragð svo mánuðum skiptir.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Leo Newhouse, ráðgjafi sem starfar með sjúklingum sem glíma við langvinn veikindi, skrifaði í vikunni grein á vef Harvard-háskóla þar sem hann lýsir upplifun sinni af því að missa bragð- og lyktarskyn og veltir fyrir sér hvað hægt sé að gera til að takast á við það.

Morgunn einn í mars þegar hann var að skera sítrónusneið út í teið sitt, fann hann enga lykt af sítrónunni. Að sama skapa fann hann ekkert bragð af ferskjusultunni á ristaða brauðinu sínu. Hann hafði verið örlítið slappur dagana á undan og áttaði sig á því að líklega væri hann kominn með vírusinn alræmda. Hann var heppinn að verða ekki alvarlega veikur, en er enn þá rúmu hálfu ári síðar að fást við skert bragð- og lyktarskyn.

Gríðarlegur fjöldi fyrrverandi COVID-19 sjúklinga glímir við skert bragð- og lyktarskyn. Newhouse vitnar í bandaríska tölfræði þar sem kemur fram að tæplega 90% þeirra sjúklinga sem fengu væg til miðlungs einkenni sjúkdómsins hafi kvartað yfir skertu bragð- og lyktarskyni.

Newhouse bendir á að missir bragð- og lyktarskyns geti haft neikvæð áhrif á heilsuna. Missirinn getur valdið minnkaðri matarlyst og óæskilegu þyngdartapi. Þegar fólk getur ekki lengur notið matarins, borðar það oft of lítið eða sleppir máltíðum. Skortur á þessu skyni getur líka valdið hættu, þar sem fólk finnur ekki lykt eða bragð af ónýtum mat og finnur ekki lykt af til dæmis gasleka eða bruna.

Það getur tekið tíma að fá bragðskynið og lyktarskynið til baka.
MYND/GETTY

Newhouse segir að nýlegar rannsóknir sýni tengsl á milli skorts á lyktarskyni eftir COVID-19 og þunglyndi og kvíða. Hann tekur þó fram að enn eigi eftir að rannsaka betur hvort það tengist beint bragð- og lyktarskyninu, eða hvort tengingin sé vegna áhrifa vírussins á miðtaugakerfið. Hann segir þó vitað með vissu að skapgerð og lyktarskyn tengjast að einhverju leyti.

Lyktartaugar geta endurnýjað sig, en þó að lyktarskynið geti komið til baka er ekki víst að allir sem missa lyktarskynið fái það til baka að fullu, að sögn Newhouse. Þar sem lyktarskynið minnkar yfirleitt vegna aldurs, gæti það einnig tekið lengri tíma fyrir eldra fólk að fá lyktarskynið aftur.

Newhouse segir að til að vekja aftur taugaendana í nefinu sem nema lykt, mæli sérfræðingar með lyktarþjálfun. Það er hægt að þjálfa lyktarskynið með því að þefa af ilmkjarnaolíum eins og sítrónu- eða rósaolíu. Newhouse segir að núvitund skipti mestu máli og að ef fólk finni ekki lyktina af olíunni þá sé gott að reyna að

> **Það er hægt að þjálfa lyktarskynið með því að þefa af ilmkjarnaolíum eins og sítrónu- eða rósaolíu.**

muna lyktina og virkja þannig hugann í að vekja tilfinninguna.

Hann segir einnig að ef fólk finnur ekki allt bragðið af matnum sem það borðar sé gott að einbeita sér að grunnbragðinu, sætu, beisku, súru eða söltu. Einnig er gott að einbeita sér að áferð matarins og njóta þess bragðs og áferðar sem hægt er að skynja.

Newhouse tekur sem dæmi að þegar hann borðar dökkt súkkulaði finni hann bara beiskt og sætt bragð, hann þarf að treysta á minnið til að finna bragðið af kakóbauninni. Hann segir að missirinn hafi kennt honum að vera þolinmóður og þakklátur fyrir hverja litla framför. Um daginn fann hann til dæmis í fyrsta sinn í nokkra mánuði örlitla sítruslykt af teinu sínu, hann segir að sítróna hafi aldrei áður ilmað eins vel.

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 21. október 2020

39. tölublað | 14. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

Tangente duo. Made in Germany. There are now four straightforward and elegant two-hand models of the finest Glashütte caliber. These smaller versions of the NOMOS classics—Tangente, Orion, Ludwig, and Tetra—keep time with exceptional precision, even without a seconds hand. Available at Michelsen. More information here: michelsen.is and nomos-glashuette.com

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

175 Years Watchmaking Glashütte

NOMOS GLASHÜTTE

Skoða fjárfestingu í Alvotech
Líftæknifyrirtækið kannar áhuga lífeyrissjóða á að koma að félaginu áður en það fer á markað í Hong Kong árið 2021.
2

Taki ríkisreksturinn í gegn
Ráðast þarf í heildstæða athugun á starfsemi hins opinbera, að mati Viðskiptaráðs. Skuldir munu vaxa á miklum hraða.
4

Í hringiðu breytinga
Þrjú mál, sem geta mótað samkeppnisumhverfið á hljóðbókamarkaði, eru til meðferðar. Líkur á að samruna Storytel og Forlagsins verði sett skilyrði.
10

Stórhuga í útflutningi á gini
Bandarískir fjárfestar frá Kísildalnum og Sigurjón Sighvatsson, eru í hluthafahóp Olafsson. Sala hafin í Sviss og horft til Englands, Spánar og Bandaríkjanna.
12

Alma sett í söluferli
Leigufélagið Alma, sem áður hét Almenna leigufélagið, hefur verið sett í formlegt söluferli. Kvika banki hefur umsjón með ferlinu.
16

Endurreisn á traustum grunni

Lyfjafyrirtækið Coripharma vinnur að 2,5 milljarða króna fjármögnun til að renna stoðum undir lyfjaþróun. Kaup á lyfjaþróun Actavis voru stórt stökk fram á við, að sögn Jónínu Guðmundsdóttur, forstjóra Coripharma. →8

Við einblínum á flóknari lyf sem sigla oft undir radarnum hjá stærri framleiðendum.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Fasteignafélögin styrki eiginfjárhlutfall

Fasteignafélögin sem skráð eru á hlutabréfamarkað eru skuldsettari en sambærileg félög á hinum Norðurlöndunum. Það hefur stuðlað að meiri lækkunum á hlutabréfaverði og hærra áhættuálagi á tímum COVID-19, að því er greinendur Landsbankans segja.

Frá því í febrúar hefur hlutabréfaverð Reita fallið um 37 prósent, Regins um 27 prósent og Eikar lækkað um níu prósent.

Þeir telja að hluthafar og skuldabréfaeigendur myndu njóta góðs af hærra eiginfjárhlutfalli hjá fyrirtækjunum. Eiginfjárhlutfall fasteignafélaga á hinum Norðurlöndunum er að meðaltali um 45 prósent en hlutfallið er 30-31 prósent hjá Reitum, Regin og Eik. Þetta kemur fram í ítarlegri greiningu sem Markaðurinn hefur undir höndum.

Reitir blésu í dag til hlutafjárútboðs, sem lýkur á morgun, til að safna rúmlega fimm milljörðum króna. Nýta á fjármunina til að styrkja eiginfjárstöðuna og hafa burði til að fjárfesta í fasteignum. Greinendur Landsbankans telja að stjórnendur Reita ættu ekki að nýta fjármunina til fjárfestinga heldur til að stíga skref í átt að því að færa eiginfjárstöðuna nær því sem tíðkast á Norðurlöndunum. Ef fjármunirnir yrðu nýttir til að greiða niður vaxtaberandi skuldir myndi skuldahlutfallið lækka úr 63 prósentum í 59 prósent. Hlutfallið er að meðaltali 44 prósent hjá sambærilegum fyrirtækjum á hinum Norðurlöndunum.

Fjármögnunarkostnaður fasteignafélaganna hefur ekki lækkað í takt við lægri ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum á skuldabréfamarkaði. Hlutabréfaverð fasteignafélaganna er nærmt fyrir þróun á vaxtakostnaði. Ef vaxtakostnaður myndi lækka um 70 punkta gæti það leitt til þess að virði þeirra aukist um 15-20 prósent, að því gefnu að aðrar forsendur standi óhreyfðar, segir í verðmatinu.

» Fjármögnunarkostnaður fasteignafélaganna hefur ekki lækkað í takt við lægri ávöxtunarkröfu á ríkisskuldabréfum á skuldabréfamarkaði.

Mesta kauptækifærið er í Reitum, að mati greinenda Landsbankans. Þeir verðmeta fasteignafélagið á 64,7 krónur á hlut sem er 35 prósent hærra en markaðsvirðið var við lok markaða í gær. Verðmat hinna tveggja fasteignafélaganna var 17 prósentum yfir markaðsverði. Landsbankinn verðmat Eik á genginu 8,9 og Regin á 19 krónur á hlut. Greinendur hafa þó á orði að til skamms tíma sé ólíklegt að jákvæðra tíðinda sé að vænta sem styðja muni við hærra gengi, nema að sjálfsögðu góðar fregnir af bóluefni gegn COVID-19.

Í ljósi aukins framboðs á atvinnuhúsnæði, hvort sem litið sé til skrifstofuhúsnæðis eða hótela, og fallandi eftirspurnar, megi gera ráð fyrir að því að leiguverð haldi áfram að lækka á næsta ári. Það gæti leitt til þess að bókfært verð fasteigna lækki. Landsbankinn telur ólíklegt að lækkanirnar verði miklar.

Athygli vekur markaðsverð fasteignafélaganna er mun lægra en bókfært virði eiginfjár (e. price to book). Hlutfallið er lítillega hærra en 0,5. Greinendur Landsbankans segja að í ljósi þess að fasteignirnar séu bókfærðar á markaðsvirði sé djúp gjá á milli væntinga hlutabréfamarkaðarins um framtíð atvinnuhúsnæðismarkaðarins og stjórnenda fyrirtækjanna. **– hvj**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** | Sími **550 5051**
Ritstjóri **Hörður Ægisson** **hordur@frettabladid.is**
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@frettabladid.is** Veffang frettabladid.is



Lífeyrissjóðir skoða að fjárfesta í Alvotech

Líftæknifyrirtækið kannar áhuga lífeyrissjóða á að koma að félaginu. Búið að ganga frá fjármögnun upp á 9 milljarða. Ætlar að ráðast í 5 milljarða fjárfestingu til að stækka hátæknisetur sitt í Vatnsmýrinni í 24 þúsund fermetra.

Íslenskir lífeyrissjóðir skoða nú að fjárfesta fyrir milljarða króna í Alvotech en líftæknifyrirtækið vinnur að útgáfu á nýju hlutafé að fjárhæð samtals hundrað milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði um 14 milljarða króna. Fulltrúar lífeyrissjóðanna hafa á undanförnum vikum átt fjárfestafundi með stjórnendum og innlendum ráðgjöfum Alvotech en verði af fjárfestingu þeirra yrði það í fyrsta sinn sem íslenskir stofnanafjárfestar koma í eigendahóp félagsins.

Sumir af stærstu lífeyrissjóðum landsins hafa undirritað trúnaðaryfirlýsingar og fengið þá um leið aðgang að rafrænu gagnaherbergi með ítarlegri upplýsingum um fjárhagsstöðu Alvotech. Það er verðbréfafyrirtækið Arctica Finance sem er ráðgjafi Alvotech við hlutafjáraukninguna hér innanlands.

Samkvæmt heimildum Markaðarins hefur Alvotech þegar gengið frá fjármögnun upp á 65 milljónir dala, jafnvirði 9 milljarða króna, en þar er meðal annars um að ræða stóra fjárfesta úr lyfjageiranum í Bandaríkjunum, Asíu og Evrópu.

Fjármögnun Alvotech, sem er stýrt af Róberti Wessman, stofnanda félagsins, er ætlað að styðja við rekstur þess fram að skráningu á markað á árinu 2021 samhliða hlutafjárútboði. Samkvæmt fjárfestakynningu Alvotech er stefnt að skráningu í kauphöll í Hong Kong en markaðsvirði félagsins nú er talið vera liðlega 1,4 milljarðar Bandaríkjadala, jafnvirði um 195 milljarða króna. Alþjóðlegu fjárfestingabankarnir Morgan Stanley, Goldman Sachs og HSBC verða ráðgjafar félagsins við þá skráningu.

Fram kemur í fjárfestakynningu félagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins, að núverandi eigendur Alvotech muni leggja því til um 30 milljónir dala við hlutafjáraukninguna. Alvotech er í meirihlutaeigu Aztiq Pharma, undir forystu Róberts, og þá er lyfjafyrirtækið Alvogen, systurfélag Alvogen, stór hluthafi, en þar eru fyrir einir stærstu fjárfestingasjóðir í heiminum í dag, CVC Capital Management og Temasek sem er fjárfestingasjóður í Singapore. Aðrir hluthafar eru meðal annars alþjóðlegi fjárfestingasjóðurinn Yas Holding og japanska lyfjafyrirtækið Fuji Pharma.

Stefnt er að því við hlutafjáraukninguna, að því er segir í fjárfestakynningunni, að fá inn nýja erlenda strategíska fjárfesta ásamt öðrum fjárfestum til að leggja félaginu til samtals um 70 milljónir dala. Til viðbótar við íslensku lífeyrissjóðina hefur fjárfestingin í Alvotech verið kynnt stórum fjárfestingafélögum hér innanlands þótt einkum sé horft til lífeyrissjóðina. Óvíst þykir hins vegar hvort af fjárfestingu þeirra í félaginu verði á þessu stigi.


Róbert Wessman, stofnandi og stjórnarformaður Alvotech. MYND/AÐSEND

1,4
milljarðar dala er áætlað markaðsvirði Alvotech í dag.

Frá stofnun hafa hluthafar Alvotech lagt félaginu til um 340 milljónir dala en auk þess var gefið út breytanlegt skuldabréf að fjárhæð 300 milljónir dala í ársbyrjun 2019, þar sem Morgan Stanley var lykilfjárfestir, og verður því breytt í hlutabréf við skráningu erlendis.

Í ágúst var tilkynnt um að Alvotech og alþjóðlegi lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals hefðu gert með sér samstarfssamning um þróun, framleiðslu og markaðssetningu fimm líftæknilyfja í Bandaríkjunum. Mun samningurinn tryggja Alvotech tekjur upp á hundruð milljarða króna á næstu árum. Fram hefur komið í máli stjórnenda félagsins að það stefni að því að velta Alvotech verði um 20 prósent af gjaldeyristekjum þjóðarbúsins árið 2027.

Gera áætlanir ráð fyrir því að fyrirtækið ráði til sín 70 vísindamenn og sérfræðinga til viðbótar við þá 480 sem nú starfa hjá Alvotech, að stærstum hluta á Íslandi. Þá hyggst Alvotech ráðast í stækkun á hátæknisetri sínu í Vatnsmýrinni, sem var tekið í notkun í júní, þannig að það verði samtals 24 þúsund fermetrar að stærð – það er 13 þúsund fermetrar í dag – og er áætlað að sú fjárfesting kosti um 33 milljónir dala, jafnvirði 4,6 milljarða króna, samkvæmt fjárfestakynningunni.

Samtals eru átta líftæknilyf í þróun hjá Alvotech en félagið tilkynnti fyrr á árinu um góðan framgang á klínískum rannsóknum á sínu fyrsta lyfi, sem er líftæknihliðstæða lyfsins Humira. Það er söluhæsta lyf heims og selst fyrir um 20 milljarða dala á ári. Stefnt er að því að markaðssetja lyfið á heimsvísu á árinu 2023 og er lyfið hluti af samstarfssamningi Alvotech við Teva.

Alvotech var rekið með um 140 milljóna dala tapi í fyrra en tekjur félagsins hafa verið nánast engar á undanförnum árum þar sem það hefur ekki enn hafið sölu neinna lyfja. Eigið fé var neikvætt um 374 milljónir dala í árslok 2019 en heildarskuldir, sem eru einkum lántökur, námu 712 milljónum dala.

hordur@frettabladid.is

Stefnir undirbýr nýjan framtakssjóð

Stefnir, sjóðastýringafyrirtæki Arion banka, vinnur að því að koma á fót nýjum framtakssjóði. Starfsmenn fyrirtækisins hafa fundað með fjárfestum vegna málsins, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Sjóðurinn er sá fjórði sinnar tegundar á vegum Stefnis og mun bera nafnið SÍA IV. Hann mun líkt og fyrri sjóðir fjárfesta í óskráðum eignum og mun ekki vera takmarkaður við tilteknar atvinnugreinar.

Samkvæmt samþykktum mun fjárfestingatímabil félagsins vera fjögur ár. Leitast verður við að selja allar fjárfestingarnar innan fimm ára eftir að fjárfestingatímabili lýkur.

» Starfsmenn Stefnis hafa fundað með fjárfestum. Sjóðurinn mun fjárfesta í óskráðum fyrirtækjum.

Fyrir fjórum árum safnaði Stefnir í tæplega 13 milljarða sjóð þegar SÍA III var komið á fót. Árið 2013 var safnað í 7,5 milljarða króna sjóð sem ber nafnið SÍA II. Fyrsti framtakssjóðurinn, SÍA I, var 3,4 milljarðar að stærð.

SÍA III fjárfesti meðal annars í Lyfju, Men&Mice, Terra og í byggingu Marriott Edition hótelsins við Hörpu. SÍA II fjárfesti meðal annars í móðurfélagi Krónunnar og Elko sem síðar sameinaðist N1. Sami sjóður fjárfesti í Skeljungi árið 2013 og fleytti félaginu á hlutabréfamarkað. Fyrsti framtakssjóður Stefnis fjárfesti meðal annars í Högum og kom að kaupum og síðar skráningu Sjóvá í Kauphöll. **– hvj**

Öflugur búnaður skiptir öllu máli þegar unnið er að heiman

Náðu forskoti með HP EliteBook x360 1000 Series

Opin Kerfi

Brýnt að taka ríkisrekstur inn í gegn

Ráðast þarf í heildstæða athugun á starfsemi hins opinbera, að mati Viðskiptaráðs. Skuldir ríkissjóðs munu vaxa á miklum hraða og stórar áskoranir til lengri tíma litið. Sala á eignarhlutum ríkisins gæti skilað sem nemur uppsöfnuðum hallarekstri til 2023.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Stjórnvöld ættu að forgangsraða í ríkisfjármálum til stuðnings verðmætasköpun í hagkerfinu og ráðast í heildstæða athugun á ríkisrekstrinum. Þetta er á meðal þess sem kemur fram í nýrri og ýtarlegri skýrslu Viðskiptaráðs Íslands, sem ber yfirskriftina Hið opinbera – meira fyrir minna. Í skýrslunni má finna fjölmargar tillögur, hugmyndir og annað sem getur nýst í þeirri vinnu að auka framleiðni í rekstri hins opinbera.

„Margir kalla eftir auknum útgjöldum ríkissjóðs en færri spyrja hvernig hægt sé að nýta fjármagnið betur. Nú, þegar hætta er á því að hagkerfið hafi orðið fyrir varanlegu höggi, er tímabært að skoða hvernig hægt er að auka framleiðni hins opinbera og hagræða, án þess að það bitni á atvinnustigi," segir Konráð S. Gíslason, aðalhagfræðingur og aðstoðarframkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, í samtali við Markaðinn.

Tilefni skýrslugerðarinnar er ekki einungis efnahagslega höggið sem kórónaveiran hefur veitt hagkerfinu, heldur einnig aðrar stórar áskoranir sem hagkerfið stendur frammi fyrir. Í því samhengi er nefnt að öldrun þjóðarinnar á næstu áratugum muni krefjast stóraukinna útgjalda til heilbrigðiskerfisins.

Skýrsluhöfundar rifja upp að síðastliðin ár hafi verið mikill uppgangur í hagkerfinu. Landsframleiðsla jókst um 35 prósent á árunum 2010 til 2019 og hinu opinbera tókst að létta skuldabyrði sína. En aðstæður breyttust hratt. Á þessu ári munu útgjöld úr ríkissjóði aukast um tæplega 140 milljarða króna og á sama tíma dragast skatttekjur saman. Er því útlit fyrir að hið opinbera verði í heild sinni rekið með nær 300 milljarða króna halla.

„Lykilþáttur í bættri stöðu opinberra fjármála voru stöðugleikaframlög föllnu bankanna upp á nærri 500 milljarða króna, sem runnu í ríkissjóð árið 2016. Ljóst er að slíkt mun ekki endurtaka sig og óvíst er hvenær ferðaþjónustan lifnar við á ný," segir í skýrslunni.

Ríkisstjórnin áformar að á næstu árum muni hið opinbera styðja við hagkerfið með hallarekstri og að aukin útgjöld verði ekki fjármögnuð með skattahækkunum heldur lántöku. Skuldir hins opinbera munu því aukast, en samkvæmt nýrri fjármálastefnu verða opinberar skuldir 59 prósent af landsframleiðslu árið 2023 og í lok sama árs er áætlað að uppsafnaður halli verði orðinn meiri en þúsund milljarðar.

Viðskiptaráð telur rétt að hið opinbera styðji nú við hagkerfið af krafti með hallarekstri og lántöku, en þó þurfi að tryggja að útgjöld vegna neyðarástandsins verði ekki varanleg, svo opinber fjármál verði sjálfbær til lengri tíma. Einnig þarf að vinna markvisst að því að auka framleiðni hjá hinu opinbera, svo að útgjöldin verði skilvirkari, efla samkeppnishæfni atvinnulífsins og hvetja til aukinnar fjárfestingar.

Ein tillaga Viðskiptaráðs er að losa um þá eignarhluti sem hið opinbera fer með í opinberum fyrirtækjum en samkvæmt grófri áætlun skýrsluhöfunda væri hægt að afla töluverðra fjármuna með þessari leið. Áætlunin miðast við svokallað V/I- hlutfall, það er markaðsverð miðað við eigið fé, hjá sambærilegum fyrirtækjum.



Viðskiptaráð segir álitamál um ríkisrekstur sjaldan tekin til skoðunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Afkoma hins opinbera, ma. kr.



Nokkrar tillögur úr skýrslu Viðskiptaráðs

- Selja á þær fasteignir ríkisins sem leiða til óhagkvæmrar nýtingar.
- Kanna þarf möguleika á því að hið opinbera losi um eignarhluti sem hið opinbera fer með í fyrirtækjum.
- Nýta þarf tækifæri í samvinnu einka- og opinberra aðila í auknum mæli, t.d. með samvinnuleið (PPP) um innviðaverkefni.
- Ýmis verkefni má færa frá hinu opinbera til einkaaðila í heilbrigðisþjónustu, menntamálum og eftirlitsstarfsemi, líkt og gert er í meira mæli á hinum Norðurlöndunum.
- Stuðla þarf að því að einkafjárfesting aukist á ný með skattalegum hvötum til einstaklinga og fyrirtækja, ásamt því að bæta í hvata til nýsköpunar.
- Hafi einkaaðilar haslað sér völl í ákveðinni starfsemi á ríkið að stíga til hliðar og hætta samkeppnisrekstri.
- Draga þarf úr miðstýringu í menntakerfinu.
- Horfa þarf til sameiningar ríkisstofnana svo þær geti sinnt hlutverkum sínum með fullnægjandi hætti.

Áætlað söluverð á eignarhlutum ríkisins

Félag	Hlutur	Áætlað söluverð hlutar (ma. kr.)
Landsvirkjun	100%	312
Orkuveita Reykjav.	100%	261
Landsbankinn	100%	134
Íslandsbanki	100%	97
Landsnet	100%	70
Isavia	100%	67
Rarik	100%	49
ÁTVR	100%	19
Sorpa	100%	17
Harpa	100%	10
HS Veitur	66%	9
Íslandspóstur	100%	6
RÚV	100%	5
Orkubú Vestfj.	100%	5
Strætó	100%	2
Samtals		**1.065**

> **Nú, þegar hætta er á því að hagkerfið hafi orðið fyrir varanlegu höggi, er tímabært að skoða hvernig hægt er að auka framleiðni hins opinbera og hagræða, án þess að það bitni á atvinnustigi.**

Konráð S. Guðjónsson, aðalhagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands

Samkvæmt áætlun Viðskiptaráðs væri hægt að losa um 1.065 milljónir króna með sölu á eignarhlutum ríkisins, og þar af rúmar 800 milljónir með sölu á Landsvirkjun, Orkuveitu Reykjavíkur, Landsbankanum og Íslandsbanka. „Þess utan myndi sala á eignarhlutum hins opinbera auka samkeppni, verðmætasköpun og störf innan einkageirans ásamt því að ýta undir fjárfestingu."

Þá er ríkið stærsti eigandi fasteigna á Íslandi með samtals 900 þúsund fermetra af húsnæði í um 954 fasteignum. Heildarfasteignamat þessara eigna er um 164 milljarðar króna. Viðskiptaráð bendir á að nýting þeirra sé óhagkvæm, en árið 2015 var gerð úttekt þar sem fram kom að ríkisstofnanir á höfuðborgarsvæðinu notuðu nærri tvöfalt fleiri fermetra á hvern starfsmann en alþjóðleg viðmið segðu til um.

Að mati Viðskiptaráðs væri æskilegt að ríkið seldi þessar eignir. „Leigi hið opinbera fasteignir á almennum markaði er líklegra að nýting húsnæðisins verði betri."

Viðskiptaráð segir brýnt að auka framleiðni í opinberum rekstri, enda sé óraunhæft að hið opinbera takist á við þær áskoranir sem fram undan eru með því að hækka skatta. Bent er á að framleiðni í opinberri þjónustu hafi setið eftir í samanburði við aðrar atvinnugreinar. Frá árinu 2008 hefur árlegur meðalvöxtur á framleiðni einungis verið 1 prósent hjá hinu opinbera, samanborið við 2 prósent í öðrum geirum atvinnulífsins.

„Í þessu ljósi vakna áleitnar spurningar um hvort laun hjá hinu opinbera séu orðin ósjálfbær í hlutfalli við afköst og hvort meðferð skattfjár sé forsvaranleg."

Að mati skýrsluhöfunda eru margar leiðir færar til að auka framleiðni í ríkisrekstri og ein þeirra er sú að sameina embætti og ríkisstofnanir. Þeir telja æskilegt að sameina Samkeppniseftirlitið, Póst- og fjarskiptanefnd, Neytendastofu og fjölmiðlanefnd í eina ríkisstofnun.

„Í nágrannaríkjunum má finna dæmi um sameiningar af þessum toga," benda skýrsluhöfundar á. „Þannig starfrækja Finnland og Danmörk til að mynda Samkeppnis- og neytendaeftirlit í einni stofnun og í Hollandi var samkeppniseftirliti, póst- og fjarskiptaeftirliti og neytendaeftirliti steypt í eina stofnun."

Einnig eru sögð tækifæri í því að viss eftirlitsstarfsemi verði færð frá sveitarfélögum, en í dag sinna 76 byggingarfulltrúar eftirliti með húsbyggingum og heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna eru tíu talsins. Að mati Viðskiptaráðs má leggja þessi embætti niður og sameina í eina stofnun. Auk þess má kanna möguleika á frekari sameiningu sýslumannsembættanna sem eru nú níu talsins.

Þá leggur Viðskiptaráð til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga verði lagður niður. Sameiningar sveitarfélaga ættu með skýrum hætti að vera tengdar framlögum úr jöfnunarsjóði, frekar en íbúafjölda.

„Þannig mætti til dæmis líta á framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði 3-5 ár aftur í tímann og setja viðmið um sjálfbærni sveitarfélagsins og þörf á sameiningu þess við önnur út frá því," segir í skýrslunni.

„Hafi viðkomandi sveitarfélag þegið slík framlög úr sjóðnum að rekstur þess verður ekki talinn sjálfbær, sé ljóst að sveitarfélagið þurfi að sameinast öðru."

Byggðu umhverfisvænt hús
-úr krosslímdu tré

Stór eða lítil
- allt eftir þínum óskum

Umhverfisvæn hús
úr krosslímdu tré

Bjóðum einnig
glugga, hurðir og
utanhússklæðningar
sem hæfa þínu húsi

Af hverju krosslímt tré?

- Umhverfisvæn og sjálfbær framleiðsla
- Léttari en steypa
- Frábær einangrun
- Engar kuldabrýr sem bjóða heim raka og myglu
- Mjög fljótlegt að reisa
- Einstakir burðareiginleikar
- Jarðskjálftaþol eins og best getur orðið
- Þynnri veggir - meira innra rými
- Notalegt og heilsusamlegt innra umhverfi

Byggðu til framtíðar með lausnum frá IDEX

IDEX

www.idex.is

Víkurhvarfi 6 - 203 Kópavogur - Sími 412 1700 - idex@idex.is

APOTEK
KITCHEN+BAR

TRYLLTIR
TAKE AWAY
TILBOÐSPAKKAR

TILBOÐSPAKKI – FYRIR TVO

Önd & Vaffla – Hægeldað andalæri, karamelluseruð epli, belgísk vaffla, maltsósa

Íslenskt landslag – Lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, graslauks-mayo, ediksnjór

Tígrisrækjusalat – Tígrisrækjur, epli, romain salat, parmesan-kex, dillfroða, piparrótarkrem

Lax – Kolagrillaður lax, beykisveppir, reykt soð

Kolagrilluð nautalund – Sellerírótar-purée, reyktir sveppir, karamelluseraður laukur, bernaisesósa

6.990 kr.
3.495 kr. á mann

Bættu við ljúffengum eftirrétti á **890 kr.**

AFMÆLISPAKKI

Panta þarf afmælispakka fyrir kl. 16 samdægurs og hann er eingöngu í boði fyrir tvo eða fleiri

Bleikja á vöfflu – Grafin bleikja með reyktum rjómaosti

Önd á vöfflu – Andaconfit rillet, karamelluseruð epli, maltsósa

Tígrisrækjusalat – Tígrisrækjur, epli, romain salat, parmesan-kex, dillfroða, piparrótarkrem

Íslenskt landslag – Lambatartar, sýrður rauðlaukur, reyktur rjómaostur, dillolía, ediksnjór

Kolagrilluð nautalund – Sellerírótar-purée, reyktir sveppir, karamelluseraður laukur, bernaisesósa

Súkkulaði afmæliskaka í eftirrétt (6-8 manna)
Kakan er með súkkulaðimús og hindberjum og hjúpuð súkkulaðiganache

4.990 kr. á mann

Tekið er við pöntunum í síma **551 0011**
og með góðum fyrirvara á **apotek@apotekrestaurant.is**

APOTEK KITCHEN+BAR // Austurstræti 16 / Sími 551 0011 / **apotek.is**

Samkvæmt skýrslu um arðsemi Landsnets er eignastofn fyrirtækisins sagður ofmetinn, vegna þess að miðað var við gengi krónunnar um mitt ár 2007, þegar fyrirtækið færði reikningshald sitt yfir í Bandaríkjadali.

Arðsemi sögð vera yfir löglegum mörkum

Yfirfærsla eignastofns Landsnets úr krónum í Bandaríkjadali miðaðist við gengi krónunnar um mitt ár 2007. Samkvæmt minnisblaði sem unnið var fyrir Landsvirkjun fyrr á þessu ári orsakar það verulegt ofmat á eignum.

Þórður Gunnarsson
thg@frettabladid.is

Yfirfærsla á eignastofni Landsnets yfir í Bandaríkjadali úr krónum árið 2011, hefur gert það að verkum að eignagrunnur tekjumarka fyrirtækisins mælt í dölum nærri tvöfaldaðist og þar af leiðandi reiknaður arður, en reiknaður arður ákvarðar tekjumörk fyrirtækisins, þar sem áætlaður, veginn fjármagnskostnaður er margfaldaður með eignastofni Landsnets. Skiptigengið sem notað var miðaðist við gengi krónunnar gagnvart dalnum um mitt ár 2007. Þetta leiddi svo til þess að arðsemi eigin fjár Landsnets á árunum 2011 til 2018 var yfir 20 prósent, sem er verulega yfir þeirri hámarksávöxtun sem Orkustofnun leyfir, samkvæmt líkani stofnunarinnar um tekjumörk Landsnets.

Þetta kemur fram í minnisblaði Summu rekstrarfélags um tekjumörk Landsnets sem útbúið var fyrir Landsvirkjun í mars á þessu ári.

Nokkuð hefur verið ritað og rætt að undanförnu um 90 milljarða króna fjárfestingaráætlun Landsnets á næstu tíu árum og hugsanleg áhrif hennar á gjaldskrá fyrirtækisins. Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, sagði þann 24. september síðastliðinn að áætlun Landsnets myndi orsaka að efnahagsreikningur fyrirtækisins myndi stækka töluvert við fjárfestingarnar á næstu árum og þar af leiðandi hækka flutningskostnað raforku á Íslandi, þar sem gjaldskrá Landsnets tekur mið af eignastofni fyrirtækisins. Þar sem stórnotendur rafmagns á Íslandi væru þegar við sársaukamörk ætti að draga saman seglin í stórfjárfestingum í flutningskerfi, til að halda aftur af verðhækkunum.

Hörður Arnarson, forstjóri Landsvirkjunar, sagði af sama tilefni að Landsnet gæti ráðist í sínar áætluðu fjárfestingar án hækkana á gjaldskrám, enda væru tekjumörk Landsnets metin of hátt. Landsnet hefur svarað því til að fjárfestingaráætlun fyrirtækisins snúi að nauðsynlegum úrbótum á flutningskerfi raforku í landinu. Þar að auki sé verðskrá fyrirtækisins undir öðrum komin, eða Orkustofnun.

> **Samkvæmt þessu hafa því tekjur Landsnets verið um 11,4 milljörðum króna hærri á árunum 2011-2018 vegna hærri bókfærðs eignastofns, sem leiðir til hærri reiknaðs arðs og hærri afskrifta.**
>
> Úr minnisblaði Summu um arðsemi Landsnets

Í minnisblaði Summu er farið í saumana á því hvers vegna eignastofn Landsnets er of hátt metinn. Það er einkum vegna þess gengis sem notað var við yfirfærslu á efnahagsreikningi Landsnets í Bandaríkjadal í byrjun árs 2011. Þar var miðað við gengi krónunnar gagnvart dalnum þann 31. júlí 2007, sem stóð þá í 61 krónu, en sú dagsetning var fest í breytingu á raforkulögum á árinu 2011.

Iðnaðarnefnd Alþingis rökstuddi notkun á þessari dagsetningu með því að þá hefði Landsnet fært gjaldskrá sína yfir í Bandaríkjadali. Hins vegar rökstuddi Landsnet notkun dagsetningarinnar með því að hún endurspeglaði virði eigna fyrirtækisins þegar til þeirra var stofnað.

„Það virðist því vera misræmi í því sem annars vegar Landsnet segir í kynningu, að þessi dagsetning endurspegli verðmæti í dölum þegar til eignanna var stofnað og þess sem iðnaðarnefnd fjallar um, að dagsetningin sé valin út frá gjaldskrárbreytingu Landsnets úr krónum yfir í dali," segir í minnisblaði Summu.

Afleiðing þess að velja þessa dagsetningu, sem er á þeim tíma sem krónan var sögulega sterk gagnvart öðrum gjaldmiðlum, er sú að tekjumörk Landsnets og þar með gjaldskrá fyrirtækisins verður hærri en ella. Í minnisblaðinu segir að eðlilegra hefði verið að miða við meðalgengi krónunnar gagnvart dalnum yfir lengi tíma, til að mynda frá byrjun árs 2000 og fram að júlílokum 2007. Meðalgengi krónu gagnvart dalnum á því tímabili var ríflega 77 krónur.

„Samkvæmt þessu hafa því tekjur LN verið um 11,4 milljörðum króna hærri á árunum 2011-2018 vegna hærri bókfærðs eignastofns, sem leiðir til hærri reiknaðs arðs og hærri afskrifta [...] Eignastofninn hefur veruleg áhrif á þann arð sem taka má út úr fyrirtækinu á hverju ári. Hár eignastofn í USD byggður á lágu gengi þann 31.7.2007 er augljóslega til þess fallinn að auka afskriftir og þann arð sem félagið hefur leyfi til að taka frá árinu 2011 samkvæmt tekjumörkum," segir í umfjöllun Summu.

Ásamt eignastofni er veginn fjármagnskostnaður Landsnets mikilvægur áhrifaþáttur tekjumarka Landsnets. Sérstök nefnd á vegum Orkustofnunar áætlar þennan vegna fjármagnskostnað, en bent hefur verið á að notkun tíu ára hlaupandi meðaltals af skuldatryggingaálagi Íslands við útreikning fjármagnskostnaðar Landsnets, gefi skakka mynd af raunverulegum vaxtakostnaði Landsnets, enda var skuldatryggingarálag Íslands í hæstu hæðum í mörg ár eftir hrun fjármálamarkaða 2008.

„Í stað þess að nota áætlaða vexti og vaxtaálag, byggt á vegnum meðaltölum aftur í tímann, við uppgjör tekjumarka, mætti nota raunverulegan vaxtakostnað Landsnets. Hinir raunverulegu greiddu vextir eru besti mælikvarðinn á vaxtakostnað Landsnets," segir í greiningu Summu.

Mercedes-Benz GLC. Rafmagnaður glæsileiki.

GLC er kraftmikill tengiltvinnbíll með allt að 50 km drægi. Hann getur dregið allt að 2.000 kg eftirvagn og 4MATIC fjórhjóladrifið er alltaf í fullri virkni, hvort sem ekið er á rafmagni eða eldsneyti. GLC er ríkulega búinn nýjustu öryggis- og aksturskerfum frá Mercedes-Benz.

Komdu og reynsluaktu GLC. Við tökum vel á móti þér.

GLC 300 e 4MATIC

Verð 8.750.000 kr.



ASKJA · Krókhálsi 11-13 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

Þú finnur Mercedes-Benz á Íslandi
á Facebook og Instagram.

Coripharma sækir milljarða fyrir metnaðarfull áform í lyfjaþróun

Lyfjafyrirtækið Coripharma vinnur að 2,5 milljarða króna fjármögnun til að renna stoðum undir lyfjaþróun. Rúmlega 12 milljarða króna tekjur á árinu 2025 samkvæmt viðskiptaáætlun og 260 störf. Byggja upp þekkingarfyrirtæki á grunni þess sem uppgangur lyfjageirans á Íslandi hafði í för með sér. Íslendingar verði atkvæðamiklir í alþjóðlegum lyfjaiðnaði og flestir vilja heim fyrir rest.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Jónína Guðmundsdóttir starfaði fyrst hjá félagi sem var tekið yfir af Delta, sem varð síðar að Actavis. Þar starfaði hún á markaðssviðinu fram til ársins 2003 þegar hún fór til Medis, dótturfélags Actavis, og leiddi þar meðal annars viðskiptaþróun. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lyfjafyrirtækið Coripharma vinnur að því að ganga frá umfangsmikilli fjármögnun sem ætlað er að renna stoðum undir þróun á samheitalyfjum. Ef ætlanir Coripharma ganga eftir – en starfsemin byggist á þeirri gríðarmiklu þekkingu á lyfjaþróun sem uppgangur Actavis hafði í för með sér – mun það velta um 75 milljónum evra, jafnvirði 12,3 milljarða króna, árið 2025 og skapa 260 störf í þekkingargeiranum.

Jónína Guðmundsdóttir, sem tók við sem forstjóri Coripharma í apríl, hefur farið vandlega yfir framtíðarplön lyfjafyrirtækisins, enda krefst lyfjaþróun mikillar fyrirhyggju. Hún segir mikinn áhuga á því að reisa við burðugt þekkingarfyrirtæki á Íslandi.

„Við sjáum fram á að vera komin með stöðugan rekstur í lok árs 2023 en þangað til stefnum við á að fjárfesta talsvert í lyfjaþróun," segir Jónína í samtali við Markaðinn.

Coripharma sótti 2 milljarða króna í nýtt hlutafé í febrúar og hefur nú hafið annað fjármögnunarferli sem er í umsjón Kviku eins og hið fyrra. Umfang fjármögnunarinnar, sem félagið stefnir á að klára snemma á næsta ári, nemur 2,5 milljörðum króna.

Viðræður hafa átt sér stað við núverandi hluthafa, innlenda fjárfesta og einnig innlenda fagfjárfestasjóði sem lífeyrissjóðir koma að. Aðspurð segir Jónína ólíklegt að erlendir fjárfestar taki þátt í þessari fjármögnunarumferð.

„Við teljum okkur enn eiga inni hjá íslenskum fjárfestum og það má segja að Coripharma haki í mörg box sem eru í umræðunni í dag. Þetta er félag í þróunar- og tæknigeiranum sem stefnir að því að tvöfalda starfsmannafjöldann á næstu fimm árum. Við erum að byggja upp þekkingu og endurvekja lyfjaframleiðslu í landinu. Það er erfitt að finna góð fjárfestingatækifæri þegar vaxtastigið er svona lágt og fá félög í Kauphöllinni eru á miklu vaxtarskeiði. Raunar held ég að Coripharma gæti vel átt heima í Kauphöllinni eftir árið 2025," segir Jónína.

Stærstu hluthafar Coripharma eru framtakssjóðurinn TFII, sem er í stýringu Íslenskra verðbréfa, félagið BKP Invest, sem er í jafnri eigu Bjarna og Kenneths Peterson, stofnanda Norðuráls, tryggingafélagið VÍS og Eignarhaldsfélagið Hof, í eigu bræðranna Sigurðar Gísla og Jóns Pálmasona.

Á meðal fjárfesta sem bættust í hluthafahópinn á síðasta ári voru fjárfestingarfélögin Stálskip, Brimgarðar, sem eru í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna, og Eldhrímnir, en það er í eigu hjónanna Ingimundar Sveinssonar arkitekts og fjölskyldu. Þá er Pretium, félag í eigu Guðbjargar Eddu Eggertsdóttur, fyrrverandi forstjóra Actavis á Íslandi, einnig á meðal stærstu hluthafa.

Skyndilegt tækifæri

Coripharma hóf undirbúning verktökuframleiðslu á lyfjum fyrir alþjóðleg lyfjafyrirtæki með kaupum á verksmiðju Actavis í Hafnarfirði á miðju ári 2018.

Við kaup þess á lyfjaþróun Actavis í maí á síðasta ári, eignaðist Coripharma allar þróunar- og framleiðsluеiningar Actavis á Íslandi og starfa þar nú tæplega 100 starfsmenn, en nær allir eru fyrrverandi starfsmenn Actavis. Lyfjaþróun Actavis átti að fylgja með risasölu á Medis, dótturfélagi Actavis sem heldur utan um sölu á hugviti samstæðunnar, til alþjóðlegs lyfjafyrirtækis, en þegar hætt var við söluferlið var ákveðið að ganga til viðræðna um sölu á þróunardeildinni til Coripharma.

> **Það er mikil ástríða fyrir því að byggja upp þekkingarfyrirtæki í lyfjaiðnaði á Íslandi. Og ég er í sambandi við fólk sem er starfandi hjá lyfjafyrirtækjum úti um allan heim og það langar alla heim fyrir rest. Fólk minnir á sig.**

„Upphaflega var gert ráð fyrir að Coripharma myndi einbeita sér að verktökuframleiðslu og byggja svo upp þróun til lengri tíma litið. En þegar skyndilega myndaðist tækifæri á að kaupa lyfjaþróun Actavis þá var stokkið til. Þetta var mikið gæfuspor því nú erum við með tvíþætt viðskiptalíkan þar sem hvort vegur annað upp."

Eins og hugtakið gefur til kynna snýst verktökuframleiðsla um framleiðslu fyrir önnur lyfjafyrirtæki, sem eiga hugvitið á bak við lyfin. Framlegðin er ekki mjög há en með kaupum á lyfjaþróun Actavis kemst rekstur Coripharma hins vegar upp á næsta stig.

„Afurð lyfjaþróunar eru skráningarskjöl (e. dossier), sem eru í raun hillumetrar af pappírum með uppskriftum og öllum þeim prófunum sem staðfesta að samheitalyfið virki nákvæmlega eins og frumlyfið. Þarna erum við að tala um frumlyf með einkaleyfi sem rennur út á næstu árum og samheitalyfið getur þá komið inn á markaðinn," útskýrir Jónína.

Stórt hlutfall starfsmanna í lyfjaframleiðslu sinnir gæðaeftirliti.

„Við sjáum um þróun lyfsins, skráningu og framleiðslu en gerum samninga við erlend lyfjafyrirtæki um að þau fái að dreifa lyfinu undir sínum eigin vörumerkjum. Sem sagt, við segjum við kúnnann að hann geti farið inn á markaðinn með okkar hugvit en á móti fáum við hlutdeild í sölunni."

Markaður í miklum vexti

Yfirleitt tekur þróunarferlið, það er frá því að þróunin er hafin og þangað til markaðsleyfið fæst, hátt í fjögur ár. Lyfjaþróun Actavis var hins vegar komin langt á veg með þróun nokkurra lyfja þegar hún var keypt yfir til Coripharma.

„Við munum fá markaðsleyfi fyrir fyrsta samheitalyfið, sem er flogaveikilyf, áður en einkaleyfið rennur út í júní 2021 og höfum nú þegar skrifað undir samninga við viðskiptavini í Suður-Evrópu þar sem frumlyfið hefur verið hvað mest notað. Við klárum síðan þriðja „dossierinn" á þessu ári og fjóra á næsta ári. Þetta er allt að fara á fleygiferð."

Næstu ár munu því annars vegar helgast af því að afla verktökusamninga við önnur lyfjafyrirtæki til að nýta framleiðslugetu verksmiðju félagsins í Hafnarfirði sem best og hins vegar að klára þróun og gera samninga um markaðssetningu á samheitalyfjum félagsins. Áform Coripharma gera ráð fyrir að fyrirtækið þrói fimm til sex lyf á ári.

„Við erum búin að velja lyf til að setja á markað á árunum 2021 til 2025 og nú erum við að horfa á árin 2026 til 2030. Við veljum verkefni sem henta okkar verksmiðju og vélakosti," segir Jónína. Hún bendir á að markaðurinn sé í miklum vexti.

„Ef við horfum á allan lyfjamarkaðinn á alþjóðavísu þá er gert ráð fyrir að hann vaxi að meðaltali um 2,6 prósent fram til ársins 2029. Samheitalyfin vaxa hraðar, um 3,8 prósent, og taka þannig til sín markaðshlutdeild á kostnað frumlyfja. Ef við köfum enn dýpra og skoðum þann markað sem Coripharma er að einblína á, það er

Endurvinnsla

MIÐVIKUDAGUR 21. OKTÓBER 2020

Kynningar: Hringrás, Íslenska gámafélagið, Grænir skátar

Hringrás tekur við gríðarlega miklu magni af hjólbörðum frá bílflökum og hjólbarðaverkstæðum. Hjólbarðarnir eru baggaðir og svo fluttir úr landi til endurvinnslu, en á þessu ári flytur Hringrás út um 4.000 tonn af hjólbörðum. Áður voru þessir hjólbarðar tættir niður og urðaðir í Álfsnesi, en nú taka viðurkenndir aðilar við þeim og endurvinna þá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Stærstir í útflutningi á brotajárni og hjólbörðum

Fyrirtækið Hringrás flytur árlega tugi þúsunda tonna af brotajárni, ónýtum hjólbörðum, rafgeymum og alls kyns raftækjum úr landi til endurvinnslu. Hringrás hefur gríðarlega mikil jákvæð umhverfisáhrif og tekur á móti þessum efnum frá bæði fyrirtækjum og almenningi. →2

Í heild tekur Hringrás við um 5-600 bílflökum á mánuði. Hjólbörðum af þeim og ónýtum hjólbörðum frá hjólbarðaverkstæðum er safnað saman og þeir fluttir út til endurvinnslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hringrás tekur við miklu magni af brotajárni, flokkar það og vinnur til útflutnings. Fyrirtækið flytur út um 35-40 þúsund tonn af brotajárni á þessu ári og það skiptir miklu fyrir umhverfið að þetta sé endurnýtt.

Alexander G. Edvardsson, framkvæmdastjóri Hringrásar, segir að áherslur fyrirtækisins hafi lítið breyst við eigendaskiptin í byrjun árs, en að unnið sé að því að auka flokkun og vinna meira það hráefni sem berst til fyrirtækisins og ná þannig meiri verðmætum úr því.

Framhald af forsíðu →

„Fyrirtækið Hringrás á sér áratugalanga sögu í söfnun og útflutningi á brotajárni og alls konar málmum, en við tókum við rekstri þess um síðustu áramót," segir Alexander G. Edvardsson, framkvæmdastjóri Hringrásar. Alexander var starfsmaður og meðeigandi hjá KPMG í samtals 40 ár og sinnti þar endurskoðun fyrir fjölda stórfyrirtækja áður, en starfar nú fyrir fjölskyldufyrirtækið.

„Nýr eigandi Hringrásar er Hópsnes í Grindavík, sem hefur rekið HP gáma í fjöldamörg ár. Þessi kaup áttu að tengja saman reksturinn á þessum tveimur fyrirtækjum og það hefur gengið vonum framar að samþætta rekstur þeirra," segir Alexander. „Við endurvinnum ekkert sjálf, heldur erum við milliliðir, en við segjum stundum að við séum sérfræðingar í að láta hluti hverfa, sem kemur sér sannarlega vel í þessum rekstri.

Áherslurnar hafa ekki breyst mikið eftir að við tókum við, en við erum að vinna að því að auka flokkun og vinna meira það hráefni sem berst til okkar og ná þannig meiri verðmætum úr því," segir Alexander.

Endurvinnsla í stað urðunar

„Við höfum lagt áherslu á móttöku bíla, en félagið tekur við miklu magni af bílum til förgunar. Hringrás er eina fyrirtækið sem býður upp á afskráningu á bílum á netinu, en það er hægt að gera það á vefnum okkar og fá skilagjaldið, sem er 20 þúsund krónur, lagt inn á sig frá Samgöngustofu. Það vita þetta ekki allir og sumir halda að þeir þurfi að borga til að losna við gamla og ónýta bíla," segir Alexander. „Við höfum verið að afskrá um 2-300 bíla á mánuði og tökum líka við bílum frá öðrum aðilum, þannig að í heild tökum við á móti um 5-600 bílflökum á mánuði.

Flestir bílarnir sem koma til okkar hafa hjólbarða og að auki leggjum við áherslu á að kaupa ónýta hjólbarða af hjólbarðaverkstæðum. Hjólbarðarnir eru baggaðir hjá okkur og fluttir úr landi til endurvinnslu," útskýrir Alexander. „Þetta er gríðarlegt magn, en á þessu ári munum við flytja út um 4.000 tonn af hjólbörðum. Áður voru þessir hjólbarðar tættir niður og settir ofan í jörðina hér í Álfsnesi, en nú taka viðurkenndir aðilar við þeim og endurvinna þá. Við teljum mjög mikilvægt að nýta þetta efni betur og losna við urðun þess."

Geta látið ýmislegt hverfa

„Við tökum líka við miklu magni af brotajárni, flokkum það og vinnum til útflutnings, en við flytjum út um það bil 35-40 þúsund tonn af brotajárni á þessu ári," segir Alexander. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir því hversu mikið magn fer í gegn hjá okkur, en þetta fer allt til endurvinnslu úti í heimi, þannig að við erum að losa landið við gríðarlega mikið af úrgangi. Það skiptir miklu fyrir umhverfið að þetta sé endurnýtt en endi ekki sem úrgangur á sorphaugum eða á víð og dreif um landið.

Við höfum verið í samstarfi við sveitarfélög og einkaaðila úti á landi til að taka við brotajárni og ætlum í frekara hreinsunarátak í samstarfi við þau. Þannig höfum við til dæmis flutt um 1.000 tonn af brotajárni frá Vestmannaeyjum í haust og í þessari viku erum við að hefja samstarf við sveitarfélag á Suðausturlandi til að losa þaðan brotajárn og dekk sem hafa safnast upp," segir Alexander. „Á þessu ári höfum við látið rússneskan togara sem hafði verið til vandræða í Njarðvíkurhöfn og krana sem hafði verið í höfninni í Straumsvík í meira en hálfa öld, hverfa. Kraninn var yfir 400 tonn og það komu um 1.300 tonn af brotajárni úr skipinu.

Hringrás hefur verið í samstarfi við sveitarfélög og einkaaðila úti á landi til að taka við brotajárni og ætlar í frekara hreinsunarátak í samstarfi við þau. Fyrirtækið flutti til dæmis um 1.000 tonn af brotajárni frá Vestmannaeyjum í haust og er að hefja samstarf við sveitarfélag á Suðausturlandi um að losa þaðan brotajárn og dekk.

Við eigum færanlega brotajárnspressu, en hún er 50 tonna skrímsli sem við notum til að pressa brotajárn úti á landi þar sem verulegt magn er af því. Þannig getum við pakkað málminum saman og minnkað rúmmál hans, sem eykur hagkvæmni við flutning þess," segir Alexander. „Við erum líka með sérfræðinga í að taka niður og fjarlægja stóra hluti, hvort sem það eru byggingar eða önnur mannvirki. Við leggjum mikla áherslu á að ganga vel frá og skilja vel við svæði þar sem við vinnum."

„Þar sem félagið tekur við miklu magni af bílum, flytjum við einnig út umtalsvert magn rafgeyma úr bílum og lyfturum. Það fara hundruð tonna af rafgeymum úr landi í gegnum okkur á ári," segir Alexander.

Raftæki í stríðum straumum

„Við erum líka með samning við Sorpu og tökum á móti raftækjum úr söfnunargámum þeirra. Þetta eru mestmegnis hlutir sem borgar sig ekki að gera við og við flokkum og flytjum þessa hluti úr landi til endurvinnslu," segir Alexander. „Þetta eru um 3.000 tonn á ári, sem er gríðarlegt magn og við segjum stundum að þetta sé eins og fljót, þar sem hér virðist um endalausan straum að ræða."

Kaupa efni fyrir milljónir í hverri einustu viku

„Þeir sem ætla að rífa byggingar, skipta um járn á þökum, farga ónýtum tækjum eða annað slíkt geta haft samband og við útvegum gáma eða ílát fyrir efni sem við kaupum," segir Alexander. „Við kaupum brotajárn, hjólbarða og góðmálma af einstaklingum og fyrirtækjum. Aðilar sem koma með efni fá það greitt næsta föstudag og við greiðum milljónir króna í hverri viku fyrir innlagt efni."

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Björn Víglundsson | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is



Terra er
umhverfisfyrirtæki ársins

Við stillum saman umhverfisstrengi

Samtök atvinnulífsins hafa útnefnt **Terra umhverfisfyrirtæki ársins**. Sem metnaðarfullt og leiðandi fyrirtæki í umhverfisþjónustu erum við sérlega glöð og stolt yfir þessari viðurkenningu, sem verður okkur hvatning til dáða.

Allt okkar starf snýst um samvinnu. Til að allt gangi upp og ekkert sé skilið eftir **þurfum við öll að vinna saman**; fyrirtæki, einstaklingar og sveitarfélög. Okkar hlutverk er að vera mikilvægur hlekkur í keðju endurvinnslu og skynsamlegrar förgunar.

Þessi nafnbót er til marks um að það hafi tekist og við deilum henni með viðskiptavinum okkar.

Við munum halda áfram að kappkosta við að vera hluti af lausninni í mikilvægasta viðfangsefni samtímans.

2020
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

terra
Skiljum ekkert eftir

Ein nunnan fékk sjónina á ný

Síðastliðin fimm ár hafa um það bil 18.000 gleraugu verið send frá Íslandi til munaðarleysingjahælis í Brazzaville í Kongó. Þar selja nunnur gleraugun og ágóðinn fer í reksturinn.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Nunnunar Angelge og Brigette Yango sem reka munaðarleysingjahælið þakka fyrir sig ásamt hópi barna sem þar dvelur. MYND/AÐSEND

„Markmiðið var 1.000 gleraugu fyrir fimm árum en er nú komið upp í ca. 18.000 gleraugu," segir Sæmundur Jóhannsson flugvirki. Að verkefninu koma ótal aðilar og má þar nefna Móðurást, Sjónlag, Prooptik, flugfélögin Air Atlanta og Bluebird ásamt fjölda flugvirkja.

Fullkomin fjáröflun

Verkefnið hófst fyrir hálfgerða tilviljun þegar Sæmundur var staddur í Kongó. „Ég var í tvö ár að vinna á flugvellinum, kynntist þá þessu hæli og sá hvað það var úr litlu að moða þarna, þannig að maður byrjaði á því að fara með aðallega barnaföt. Vinur minn sem er 85 ára gamall gaf mér svo poka af gleraugum, fannst það hálf asnaleg hugmynd fyrst en fór út með tuttugu gleraugu."

Viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Nunnurnar voru svakalega glaðar. Ein fékk sjónina aftur og byrjaði bara að góla! Hún hafði séð illa í mörg ár en gleraugun frá vini mínum pössuðu akkúrat. Þá fattaði ég hvað gleraugu eru mikilvæg, það er gríðarlega mikil fátækt þarna og þú kaupir ekkert gleraugu ef þú ert fátækur. Ég sá því tækifæri til að safna gleraugum heima og nunnurnar koma þeim í verð."

Nunnurnar gefa þeim allra fátækustu gleraugu og þess er gætt að fólk fái réttan styrkleika. „Gleraugun koma í kössum frá Íslandi og eru styrkleikamæld. Það er séð til þess að fólk fái réttu gleraugun."

Fyrirkomulagið hefur reynst afar árangursríkt. „Þetta er besta fjáröflun sem til er, tekur lítið pláss, þarf ekki að biðja um peninga og þetta er álitið „rusl" heima, þannig að allir vinna. Einn bananakassi fullur af gleraugum eru cirka 500 gleraugu og nunnurnar fá svona 5 evrur fyrir hver gleraugu og svo fer allur ágóði í rekstur á munaðarleysingjahælinu," skýrir Sæmundur frá, en bananakassana fær hann frá Krónunni.

Hver evra dýrmæt

Hver einasta evra er kærkomin þar sem börnin búa við sára fátækt. „Það búa 68 krakkar þarna og bara maturinn kostar sitt. Krakkarnir þarna eru í mjög mismunandi ásigkomulagi og koma flest af götunni. Þau eru samt þau heppnu, þar sem þau eru með húsaskjól og mat. Margir af krökkunum eru að glíma við alls konar vandamál, það þarf að kaupa lyf, sumir þurfa að fara á spítala og sumir hreinlega deyja en það kostar líka," segir Sæmundur og bætir við að allavega fimm börn á heimilinu séu smituð af eyðni.

Þá á Sæmundur vart orð til þess að lýsa aðdáun sinni á nunnunni og lækninum Brigitte Yengo sem stýrir heimilinu. „Ég hef séð hana bjarga mörgum lífum. Hún er alveg ótrúleg."

Óhætt er að fullyrða að saga Yengo sé stórmerkileg. Hún fæddist í Kongó en ólst upp í Frakklandi þar sem hún lærði sálfræði og náði tökum á fimm tungumálum. Hún flutti svo aftur til Kongó sem nunna og var send til Bandaríkjanna í kírópraktorsnám. Eftir að hún sneri aftur til heimalandsins árið 1987 opnaði hún stofu og var um skeið eini kírópraktorinn í Kongó. Hún áttaði fljótlega sig á því hversu alvarleg og margþætt vandamál fólksins sem hún sem sinnti voru og ákvað hún því að fara í læknisfræði. Árið 1997 brutust svo út átök í landinu sem urðu að einni skæðustu borgarastyrjöld síðustu aldar. Yengo sem vann sem sjálfboðaliði á vígvellinum uppgötvaði þá köllun sína innan um börn sem misst höfðu foreldra sína og út frá því var munaðarleysingjahælið sett á laggirnar.

> **Margir af krökkunum eru að glíma við alls konar vandamál, það þarf að kaupa lyf, sumir þurfa að fara á spítala og sumir hreinlega deyja en það kostar líka.**
>
> **Sæmundur Jóhannsson**

Hún náði þó ekki að taka þátt í starfinu fyrst um sinn en eftir að skotið var á hana við sjálfboðastörf í stríðinu var hún send til Bandaríkjanna, þar sem hún vann meðal annars með börnum einstæðra kvenfanga og síðar með þolendum heimilisofbeldis. Hún sneri svo aftur til Kongó árið 2004.

Ekki hægt án hjálpar

Sæmundur segir að verkefnið hefði aldrei orðið að veruleika án aðkomu aðila úr ýmsum áttum sem lagst hafa á eitt. „Guðrún Jónasdóttir í versluninni Móðurást tekur á móti flestum gleraugum og barnafötum. Ég eða konan förum svo reglulega til Guðrúnar, sækjum kassa sem við geymum í bílskúrnum í nokkrar vikur og svo keyri ég kassana til Keflavíkur. Þetta er orðið mjög „streamlined" hjá okkur," segir hann.

„Svo hef ég samið við Bluebird Airlines sem sér um að koma kössunum til Belgíu og þaðan taka flugvirkjar Air Atlanta við kössunum og flytja þá til Brazzaville í Kongó. Þannig að það koma margir að þessu, ég er bara einn hluti af þessu, eitt brot í keðjunni. Ég get safnað endalaust en það eru Atlanta og Bluebird sem halda þessu uppi. Þessi tvö félög skipta öllu máli og velvilji frá fólki sem maður þekkir."

Upplýsingar um verkefnið eru á Facebook undir „Söfnun á notuðum gleraugum fyrir efnalítið fólk í Brazzaville Congo" og hægt er að skila inn fötum og gleraugum í Móðurást á Laugavegi 178.

ÞAÐ TEKUR AÐEINS UM 30 SEK. AÐ SKIPTA UM POKA

SJÁLFBÆR **FLOKKUN** SORPS ER KRAFA

Paxxo Longopac flokkunarkerfið er byltingarkennd lausn í sjálfbærri flokkun. Paxxo er sænskur framleiðandi í fremstu röð á sínu sviði í heiminum.

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 8-17

COMMERZ
H: 100 cm B: 107,5 cm D: 44 cm
VERÐ 188.900 KR.

LONGOSTAND MINI
H: 100 cm B: 107,5 cm D: 44 cm
VERÐ 12.890 KR.

MINI BULLET
H: 86 cm B: 38 cm D: 20 cm
VERÐ 39.890 KR.

PAXXO

olís

REKSTRARLAND

Rekstrarland | Vatnagörðum 10 | 104 Reykjavík | Söluver 515 1100 | rekstrarland.is

Aðstoða með flokkun og losun

Íslenska gámafélagið veitir fyrirtækjum, stofnunum og sveitarfélögum ráðgjöf um flokkun til endurvinnslu og innleiðingu á flokkunarkerfum. Í ráðgjöfinni er leitast við að finna góðar lausnir.

Birgir Kristjánsson, framkvæmdastjóri ráðgjafar- og gæðasviðs, segir að sífellt fjölgi þeim fyrirtækjum sem notfæri sér þjónustu Íslenska gámafélagsins og taki upp ábyrga stefnu varðandi mikilvægi flokkunar. „Ráðgjafar- og gæðasvið Íslenska gámafélagsins veitir ráðgjöf til fyrirtækja og sveitarfélaga varðandi flokkun auk umhverfismála almennt. Umhverfisvitund fólks hefur aukist mjög mikið á undanförnum árum, en þegar kemur að fyrirtækjum geta úrgangsmál verið flókin. Við sendum ráðgjafa í fyrirtækin, skoðum hvað til fellur og í hvaða magni og finnum hentugar lausnir sem henta hverju fyrirtæki fyrir sig. Með réttri flokkun er hægt að hámarka umhverfislegan ávinning og fjárhagslegan. Þótt mjög margir séu orðnir meðvitaðir um flokkun og endurvinnslu er algengt að í fyrirtækjum vefjist þetta aðeins fyrir fólki,“ útskýrir Birgir.

„Það má alltaf gera betur þegar kemur að flokkun úrgangs. Flest stærri fyrirtæki eru með metnaðarfulla umhverfisstefnu þar sem vel er tekið á flokkunarmálum.

Úrgangsflokkar fyrirtækja geta hins vegar verið mjög margir en við aðstoðum fyrirtæki við að finna bestu mögulegu lausnina út frá umhverfislegu og fjárhagslegu sjónarmiði. Hjá smærri fyrirtækjum þarf að finna hentugar lausnir svo hægt sé að flokka að minnsta kosti pappír, plast, málma og lífrænan úrgang. Við bjóðum alls kyns lausnir, til dæmis að setja pappírsflokkana saman með plasti sem við flokkum síðan í stöðinni hjá okkur. Við leigjum hentug ílát, sækjum þau og tæmum,“ segir Birgir og bendir á fræðsluna sem boðið er upp á.

Birgir Kristjánsson er framkvæmdastjóri ráðgjafar- og gæðasviðs Íslenska gámafélagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er mjög gott fyrir fyrirtæki að fá sérfræðing frá okkur sem mælir þetta út og finnur góða lausn. Við gerum tillögu að flokkunarkerfi og merkingum og komum með ílátin á staðinn. Sömuleiðis gefum við út flokkunarleiðbeiningar og fræðslubæklinga. Fræðsla til starfsfólks um mikilvægi flokkunar og sjálfa úrgangsflokkana er afar mikilvæg, til að góður árangur náist. Þá er einnig mikilvægt að starfsfólk fái upplýsingar um árangur flokkunarinnar og þess vegna mælir umhverfissvið okkar með reglulegri flokkunarfræðslu, til að viðhalda góðri flokkun hjá fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þessi fræðsla getur verið í formi fyrirlestra, handbóka, eða minni bæklinga,“ segir Birgir. „Við hvetjum til þess að allur úrgangur sé flokkaður og almenna sorpið á helst að vera eins konar neyðartunna sem eingöngu er notuð fyrir það sem ekki er endurvinnanlegt, eins og tyggjó eða grímur og hanska sem er mikið notað núna vegna COVID. Ruslafötur við skrifborð á skrifstofum eiga ekki að þekkjast lengur, en flokkunarstöðvar eiga að vera á aðgengilegum stað,“ segir hann. „Stundum getur verið erfitt fyrir fólk að átta sig á hvað er pappír og hvað plast. Þegar svo er leyfum við plastinu að njóta vafans þar sem við getum flokkað það frá hjá okkur. Ef það reynist ekki endurvinnanlegt þá lendir það í orkuvinnslu í stað urðunar. Allt sem við getum ekki endurunnið sendum við úr landi, til viðurkenndra aðila sem framleiða úr því orku til húshitunar.“

> **Við gerum tillögu að flokkunarkerfi og merkingum og komum með ílátin á staðinn. Sömuleiðis gefum við út flokkunarleiðbeiningar og fræðslubæklinga.**

Meðal þeirra vara sem Íslenska gámafélagið býður upp á eru flokkunarílát af öllum stærðum og gerðum til að nota innan- og utanhúss. Þar má helst nefna djúpgáma, grenndarstöðvar, fjölhólfa flokkunarílát, maíspoka og margt fleira sem hentar fyrirtækjum, stofnunum og einstaklingum.

Íslenska gámafélagið er að byggja upp nýtt svæði að Koparsléttu á Esjumelum. Ný flokkunarlína verður tekin í gagnið þar næsta sumar. „Það er mikil þróun í gangi í umhverfismálum og alltaf eitthvað nýtt í gangi. Við finnum fyrir mikilli vakningu meðal fólks og allir að leita leiða til að endurvinna hluti. Einnig er komin meiri krafa á framleiðendur að láta frá sér endurvinnanlegar umbúðir,“ segir Birgir.

Fer allur úrgangur í sömu holuna?

Stutta svarið er nei. Hver úrgangsflokkur á sinn feril og tilgangur með endurvinnslu er að spara auðlindir og koma í veg fyrir að fylla „holuna“ af hráefni sem annars væri hægt að nýta áfram.

Íslenska gámafélagið vill stuðla að skilvirkari og umhverfisvænni leiðum við endurvinnslu og förgun, með því að hætta að líta á rusl sem úrgang heldur frekar hráefni sem má nýta. Á síðasta ári stóð fyrirtækið fyrir átakinu „Hættum að urða“ og var tilgangurinn með því að hvetja stjórnvöld til að finna betri lausnir en urðun sem förgunarleið.

Íslenska gámafélagið sendir nú almennt sorp til orkuvinnslustöðva þar sem það er brennt til orkuframleiðslu. Orkan er svo nýtt til rafmagnsframleiðslu og húshitunar í stað óumhverfisvænni kosta, eins og kola og olíu. Það sem af er ári hefur fyrirtækið flutt út um 11.500 tonn af almennu sorpi til orkuvinnslu, sem annars hefði verið urðað.

Með urðun tapast bæði efni og orka úr hringrásarhagkerfinu og því enginn umhverfislegur ávinningur með þeirri förgunarleið. Á Íslandi er flokkun heimilisúrgangs svipuð og á Norðurlöndunum, sem þýðir að almenna sorpið hentar sérstaklega vel fyrir þessar hátæknibrennslur þar sem hráefnið er einsleitt og álíka orkuríkt og þar.

En hvert fer þetta þá?

Ef vel er gengið frá endurvinnsluhráefninu, það er að segja ef það er hreint og flokkað rétt, þá endar það í endurvinnslu og helst þannig inni í hringrásarhagkerfinu. Innihaldið úr Grænu tunnunni, sem er plastumbúðir, sléttur pappi, fernur, dagblöð, tímarit og annar pappír ásamt smáum málmhlutum er flokkað frekar í flokkunarskemmu Íslenska gámafélagsins. Hráefnið fer á færiband þar sem segull tekur um það bil 60% af málmunum frá en restin heldur áfram á bandinu þar sem það er handflokkað. Þannig er tryggt að allir málmhlutirnir endi í réttu ferli. Á færibandinu eru pappírsflokkarnir og plastumbúðirnar flokkaðar og síðan er hver flokkur fyrir sig pressaður og baggaður til að nýta plássið í gámunum sem best. Í dag fer almenna sorpið til Danmerkur, pappírsflokkarnir og málmarnir fara að mestu til Hollands en plastumbúðirnar til Svíþjóðar.

Á flokkunarbandinu er endurvinnsluhráefnið handflokkað í rétta flokka.

Þetta er í okkar allra höndum

– Hugsum áður en við hendum og gerum okkar besta til að halda hringrásarhagkerfinu gangandi því það er öllum í hag.

Bylgjupappi á leið til endurvinnslu. MYNDIR/AÐSENDAR

Almennt sorp er pressað í bagga og sent erlendis til orkuvinnslu.

Burðarpokar eru þvílík sóun

Erla Vigdís Óskarsdóttir rekur saumastofu með manninum sínum Jónatani Ingimarssyni. Nýlega fóru þau að sauma ruslapoka úr gömlum tjöldum, en Erlu hefur alltaf verið illa við plastpoka.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Erla og Jónatan reka saumastofuna Ystagil í Garði. Þau hafa í gegnum tíðina verið mikið í því að laga tjöld.

„Við höfum verið að nota gömul tjöld í viðgerðirnar, af því þau eru búin að hlaupa og veðrast, en núna þegar uppblásin tjöld eru mikið að koma inn þá er minna um tjaldviðgerðir," útskýrir Erla.

„En við eigum svo mikið af tjöldum sem okkur hafa verið gefin eða við höfum keypt í Góða hirðinum. Það eru svo mikil verðmæti í þeim að við tímum ekki að henda þeim. Maðurinn minn segir þess vegna: Hvernig væri að nota þessi tjöld og búa til margnota poka undir dósir og ýmislegt? Og við slógum til."

Pokarnir sem þau hjónin sauma eru á stærð við venjulega svarta ruslapoka. Á þeim er lykkja svo hægt sé að hengja þá upp og band til að binda fyrir þá. Pokarnir eru sterkir og sæmilega vatnsheldir.

„Tjöld eru vatnsheld, en pokarnir eru samt ekki gerðir til að geyma úti í langan tíma," útskýrir Erla. „En það getur til dæmis lekið úr flöskunum og dósunum í efnið og það er hægt að þvo pokana. Það má til dæmis setja þá í þvott með vinnufötunum."

Erla segist hafa látið krakkana sína hafa poka en hún hefur líka reynt að selja þá þar sem þau hjónin eiga ógrynni af tjöldum og poka á lager.

„Ég veit að margir hafa verið að nota gömul sængurver og þess háttar fyrir svona poka, en þau eru ekki eins sterk og tjöldin. Ég hef verið að selja pokana á 2.000 krónur stykkið en þrjá á 5.000. Þannig að þú græðir smá ef þú kaupir fleiri," segir Erla.

Hún segir mestu vinnuna við pokasauminn vera að klippa tjaldið niður.

„Ég er að vísu ekki að taka upp saumana, ég hef þá bara. En suma poka er ég lengi að sauma því ég nota allar pjötlur, hann verður þá kannski þrílitur eða röndóttur, svo eru sumir pokar einlitir. Ég reyni bara að nýta efnið eins og ég get."

Erla segir að þau hjónin séu bara nýbyrjuð á að sauma tjaldpokana, en hún hefur þó verið að sauma alls kyns poka í mörg ár.

„Ég hef saumað jólapoka lengi. Ég kaupi aldrei jólapappír. Ég sauma poka úr efni með jólamynstri og set gjafirnar í pokann. Efnið kaupi ég yfirleitt á útsölum.

Erla Vigdís með pokana sem hún saumar úr gömlum tjöldum. MYND/AÐSEND

> **Ég reyni að komast hjá því að nota plast. Ég nota plastpoka undir ruslið ef ég á ekkert annað, en ég kaupi þá ekki.**

Svo saumaði ég innkaupapoka handa systrum mínum, það eru örugglega 23 ár síðan. Ég hef saumað innkaupapoka í mörg ár og til dæmis gefið öllum krökkunum mínum," segir Erna og bætir við að henni hafi alltaf verið illa við plast, en hún hefur greinilega verið á undan sinni samtíð í notkun fjölnota innkaupapoka.

„Ég reyni að komast hjá því að nota plast. Ég nota plastpoka undir ruslið ef ég á ekkert annað, en ég kaupi þá ekki. Þessir burðarpokar eru bara þvílík sóun, að kaupa einhverja fimm til sex poka undir vörurnar. Frekar set ég þær bara í innkaupakörfuna og tíni upp úr henni þegar ég kem í bílinn ef ég gleymi fjölnotapokunum mínum."

HRINGRÁS ENDURVINNSLA
STERKIR Í BROTAJÁRNI

Torfi, verkefnastjóri Grænna skáta, segir að ágóðinn sem kemur af söfnun á skilagjaldsskyldum umbúðum sé ómetanlegur styrkur fyrir skátastarfið um land allt. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK.

Velta þungu hlassi fyrir hvort tveggja húsfélög og fyrirtæki

Það eru liðin rúmlega þrjátíu ár síðan Grænir skátar byrjuðu að safna skilagjaldsskyldum umbúðum og drykkjarílátum. Söfnunin hófst um leið og skilagjald fékkst fyrir umbúðaskil.

Það kannast flestir, sem eru orðnir eldri en tvævetra, við stóru gulu söfnunarkúlurnar sem voru okkar einkennismerki í upphafi. Í dag þekkir fólk okkur á fjólubláu kössunum við grenndarstöðvarnar," segir Torfi Jóhannsson, verkefnastjóri Grænna skáta.

Í dag er rekstur Grænna skáta með þrennt í fyrirrúmi.

Í fyrsta lagi er það umhverfisvernd, það að koma umbúðum í réttan farveg og gæta þannig að hag umhverfisins. Í öðru lagi er það að veita fólki með skerta starfsgetu tækifæri til atvinnu og tekjuöflunar. Í þriðja lagi er það styrking við skátastarfið, en allur ágóði af söfnunarstarfinu rennur beint í það góða starf sem skátarnir reka um allt land.

Grænir skátar reka móttökustöð fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir í Hraunbæ, en móttakan þar mun tvöfaldast í nóvember. Jafnframt hefur opnunartíminn lengst og er nú opið virka daga 9-18 og 12-16.30 laugardaga og sunnudaga. „Hjá okkur starfa rúmlega tuttugu starfsmenn frá Vinnumálastofnun við flokkun. Um er að ræða fjölbreyttan hóp af fólki sem á það sameiginlegt að vera með skerta starfsgetu. Ásamt þessum hópi starfar svo hjá okkur fjöldi skáta sem aflar þannig fjár til skátastarfsins," segir Torfi.

Markaðurinn stækkar

Síðastliðin sex ár hafa Grænir skátar fikrað sig inn á stærri markað með því að bjóða fyrirtækjum, stofnunum og húsfélögum upp á stórsniðuga þjónustu við flokkun og skil á drykkjarumbúðum með skilagjaldi.

„Það fer varla fram hjá neinum að það getur safnast upp gríðarlegt magn af einnota umbúðum og drykkjarílátum viku- eða mánaðarlega hjá húsfélögum og fyrirtækjum og er oft mikill hausverkur að sjá um talningu og flokkun á því. Okkar þjónusta virkar þannig að við mætum á staðinn með viðeigandi ílát, flokkum, teljum og skilum svo umsömdum hluta skilagjaldsins inn á reikning félagsins. Þetta fyrirkomulag eykur þægindi fyrir starfsfólk og íbúa til muna. Þjónustan kostar húsfélagið ekki neitt nema hluta af skilagjaldinu, og afgangurinn rennur svo beint í húsfélagssjóð eða fyrirtækjasjóð, eftir því sem við á.

Grænir skátar þjónusta fjölda fyrirtækja, stofnana og húsfélaga á höfuðborgarsvæðinu með söfnun, flokkun og skilum á skilagjaldsskyldum drykkjarílátum.

Húsfélögin eru auðvitað misstór og neyslan mismunandi. Því finnum við út hversu oft þarf að tæma hvern stað miðað við hve fljótt söfnunarílátin fyllast. Það er líka alltaf hægt að hafa samband við okkur ef það verður yfirfullt og við komum og tæmum. Sumir aðilar kjósa enn fremur að láta allan ágóðann renna til okkar, sem skilar sér að sjálfsögðu beint í skátastarfið."

Flokka og telja hlössin

Að sögn Torfa hafa Grænir skátar einnig fikrað sig út fyrir höfuðborgarsvæðið með söfnunina. „Við erum með nokkrar sumarhúsabyggðir fyrir austan fjall í þjónustu hjá okkur þar sem við sækjum, flokkum og skilum. Einnig aðstoða Grænir skátar íþróttafélög og skólahópa við fjáraflanir. Það er auðvelt fyrir slíka hópa að safna dósunum ef ekki þarf að finna húsnæði til þess að flokka það sem safnast, áður en því er skilað til Endurvinnslunnar. Okkar þjónusta felst þá í því að sækja stórar safnanir og sjá um þetta allt gegn hluta af skilagjaldinu, en við höfum fjárfest í fyrsta flokks búnaði við að flokka, telja og flytja mikið magn af dósum og flöskum. Frá stofnun Grænna skáta hefur allur ágóðinn af þessari starfsemi runnið óskertur í skátastarfið, sem hefur verið afar dýrmætt fyrir skáta um land allt," segir Torfi að lokum.

Nánari upplýsingar má nálgast á graenirskatar.is

Einnota plast verður bannað

Alþingi hefur samþykkt breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir sem felur í sér innleiðingu á tilskipun Evrópusambandsins um einnota plastvörur. Bannað verður að setja tilteknar, algengar einnota vörur úr plasti á markað frá og með 3. júlí 2021. Bannað verður að setja á markað einnota bómullarpinna úr plasti, hnífapör, diska, sogrör, hræripinna og blöðrustangir. Þá verða matarílát, drykkjarílát, glös og bollar úr frauðplasti óheimil og ekki verður heimilt að afhenda endurgjaldslaust einnota bolla, glös og matarílát úr öðru plasti, sem ætluð eru undir drykki og matvæli til neyslu, líkt og algengt er á skyndibitastöðum. Undantekningar eru gerðar ef vörur flokkast sem lækningatæki, að því er greint er frá á vef Umhverfisstofnunar.

Skilyrðislaust bann verður við því að setja vörur á markað sem gerðar eru úr plasti sem er niðurbrjótanlegt með oxun eða svokallað oxó-plast. Vörur úr slíku plasti hafa rutt sér til rúms á markaði síðustu ár, einkum vissar tegundir plastpoka, en eðli þess er að sundrast í öragnir sem eru skaðlegar heilsu og umhverfi og er vaxandi vandi á alþjóðavísu.

Kveðið er á um sérstaka merkingu sem tilteknar einnota plastvörur eiga að bera. Um er að ræða upplýsingar um meðhöndlun vörunnar eftir notkun. Þær vörur eru ýmsar tíðavörur, blautþurrkur til heimilis- og einkanota, ýmsar tóbaksvörur og bollar fyrir drykki.

Þetta verður bannað. MYND/GETTY

Það er um að gera að endurnýta gamlar sápur og nota í freyðibað.

Umhverfisvænt freyðibað

Fátt er eins notalegt og gott freyðibað, en freyðisápur keyptar úti í búð eru oft ekki náttúruvænar frekar en margar vörur sem notaðar eru á baðherberginu. Það hefur færst í aukana að fólk búi til sínar eigin sápur og er lítið mál að búa til sitt eigið freyðibað úr afgöngum af sápu og koma þannig í veg fyrir sóun. Auðvitað er þá ráðlegt að nota afganga af náttúrvænum sápum sem koma í náttúruvænum umbúðum.

Á netinu er til fjöldinn allur af uppskriftum að heimatilbúnu freyðibaði og sápum úr sápuafgöngum. Það er því um að gera að prófa sig áfram.

Með endurvinnslu göngum við ekki á ótakmarkaðar náttúruauðlindir.

Hvers vegna að endurvinna?

Úrgangur er dýrmæt auðlind. Ýmsar náttúruauðlindir jarðar, til dæmis skógar, jarðolía, jarðvegur og málmur, eru notaðar til að framleiða vörur sem við kaupum og þær eru ekki óendanlegar. Þegar notuð vara er endurunnin er henni breytt í nýja vöru án þess að gengið sé á náttúruauðlindir.

Úrgangur er því verðmætt hráefni sem með endurvinnslu kemur aftur inn í hringrás framleiðsluferilsins. Sem dæmi má nefna að þegar áldós fer á urðunarstað og er grafin þar í jörðu ásamt öðru sorpi er hún ekki lengur verðmætt hráefni, þar sem ekki er hægt að nýta álið í henni í nýja dós.

Ávinningur af endurvinnslu:

- Nýtir hráefni og viðheldur hringrás efna í náttúrunni.
- Dregur úr urðun og sparar þannig landsvæði.
- Dregur úr ýmiss konar umhverfismengun.
- Orka sparast.
- Ódýrara fyrir samfélagið að endurvinna en urða.
- Gerir okkur meðvituð um eigin neyslu.
- Minnir okkur á að við erum ábyrg fyrir umhverfi okkar.
- Ferðum með ruslapokann út í tunnu fækkar.
- Minna sorp – meiri verðmæti.

Heimild: urvinnslusjodur.is



Framleiðslugeta verksmiðjunnar er 1,2 milljarðar taflna á ári.

Nær allir Íslendingar sem unnu hjá Actavis erlendis starfa nú sem stjórnendur hjá lyfjafyrirtækjum úti um allan heim. Við höfum getið af okkur gríðarlega marga sérfræðinga og stjórnendur á þessu sviði.

samheitalyf í töflu- eða hylkjaformi fyrir Evrópumarkað, þá er gert ráð fyrir að sá markaður vaxi um 5 prósent næstu tíu árin. Frumlyfin, sem eru vernduð með einkaleyfum sem renna út á árunum 2026 til 2030, eru því mjög verðmæt," segir Jónína.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur að tekjurnar þróist?

„Þrátt fyrir ungan aldur er Coripharma mjög eignaríkt félag. Við erum með fasteignir sem spanna 17.500 fermetra og eru metnar á 5 til 5,5 milljarða króna, brunabótamatið er 7,8 milljarðar króna. Þessum eignum fylgir talsverður fastur kostnaður og við miðum að því að ná verktökusamningum til þess að éta upp kostnaðinn. Það verður ekki fyrr en á árunum 2023 eða 2024, þegar við verðum komin með nokkur af okkar eigin þróuðu lyfjum á markaðinn, að við byrjum að sjá jákvæða rekstrarafkomu. Við sjáum fram á að tekjurnar verði í kringum 75 milljónir evra á árinu 2025 og EBITDA-markmiðið þá er 22 prósent. Á árinu 2030 sjáum við fram á að vera komin með yfir 100 milljóna evra veltu."

Gæðamál vega þyngst

Hvernig er samkeppnishæfni verksmiðjunnar?

„Ákvörðun Teva um að loka verksmiðjunni snerist um að einfalda starfsemina, enda var fyrirtækið með 90 verksmiðjur eftir yfirtökuna á Actavis. Þau ákváðu að fækka verksmiðjum og loka minni einingum. En þessi tiltekna verksmiðja hafði alltaf verið mikilvæg og hún var oft notuð sem skotpallur fyrir ný samheitalyf á markað. Þau voru framleidd í verksmiðjunni til að byrja með og þegar framleiðslan komst í jafnvægi var hún færð til stærri verksmiðja erlendis.

Í íslensku verksmiðjunni hefur byggst upp gríðarleg þekking, sérstaklega á flóknum verkefnum, og þróunarteymið sem kom til okkar var lykilteymi innan Actavis á sínum tíma. Þetta skiptir viðskiptavini okkar miklu máli. Það hefur ekkert upp á sig að vera með ódýrasta birginn ef þú ert ekki með hágæðalyf á markaði á réttum tíma."

Gæðamálin eru sem sagt lykilatriði?

„Já, ekki spurning. Gæðamál eru aðgangsmiði að bransanum og þurfa að vera upp á tíu. Ef þú hugsar um 50 starfsmenn í framleiðslu þá þarf 30 manns í gæðamálin. Hver einasta lota sem fer í gegnum framleiðsluna er rýnd og svo rýnd aftur, af þeim sem hafa eftirlit með gæðum framleiðslunnar. Og það þarf að skoða allt í kringum framleiðsluna áður en vara fer á markað. Þessi verksmiðja hefur flogið í gegnum allar gæðaúttektir, hvort sem þær eru af hálfu viðskiptavina eða heilbrigðisyfirvalda frá öllum heimshlutum."

Þurfið þið að stækka við ykkur í fyllingu tímans?

„Lyfin sem við höfum valið til að þróa og setja á markað fram til ársins 2025 voru valin þannig að þau passi við vélarnar og afkastagetuna í Hafnarfirðinum. Auk þess erum við ekki að þróa samheitalyfin sem munu seljast í mesta magninu. Verksmiðja okkar getur ekki keppt í verðum við stóra framleiðendur á láglaunasvæðum sem keyra stórar lotur daginn út og daginn inn. Við einblínum á flóknari lyf sem henta okkar verksmiðju og sigla oft undir radarnum hjá stærri framleiðendum."

Hefur COVID sett strik í reikninginn?

„Já, það er ekki hjá því komist. Við erum nýtt nafn í bransanum og þrátt fyrir háan starfsaldur og víðtækt tengslanet starfsmanna þurfum við að fljúga út um allan heim og mæta á þessar stóru ráðstefnur til þess að koma okkur almennilega á framfæri. Þetta hefur allt legið niðri. Við vorum með brattari vaxtaráætlanir fyrir COVID en höfum aðlagað þær breyttum aðstæðum."

Nítján ár í lyfjageiranum

Ræðum aðeins um starfsferil þinn.

„Ég er í grunninn lyfjafræðingur, en hef í raun starfað á viðskiptahliðinni eftir að ég útskrifaðist rétt fyrir aldamót. Þá var að hefjast mikil uppbygging í þessari atvinnugrein. Ég starfaði fyrst hjá félagi sem var tekið yfir af Delta sem varð síðar að Actavis. Þar starfaði ég á markaðssviðinu fram til ársins 2003 þegar ég fór til Medis, dótturfélags Actavis, og leiddi þar meðal annars viðskiptaþróun," segir Jónína.

Starfsemi Medis fólst í því að selja hugvit Actavis til annarra lyfjafyrirtækja, sem nýttu það til þess að setja vörur á markað undir eigin nafni. Á tíu ára tímabili, frá árinu 2000 til ársins 2010, tífaldaðist velta Medis úr 20 milljónum evra upp í yfir 200 milljónir evra.

Lyfjarisinn Teva Pharmaceuticals keypti Actavis árið 2016 og ákvað í kjölfarið að hefja söluferli á Medis. „Það ferli gekk mjög vel og við fengum bindandi tilboð í félagið, en það var ýmislegt sem breyttist í millitíðinni. Teva skipti um framkvæmdastjórn og endurfjármagnaði sig algjörlega, sem varð til þess að lausafjárþörfin minnkaði. Að lokum var ákveðið að hætta við söluferlið og innlima Medis í Teva og upp úr því ákvað ég að láta af störfum sumarið 2019."

Allir vilja heim fyrir rest

Uppbygging lyfjaiðnaðarins gat af sér mikla þekkingu hérlendis. Þegar mest lét störfuðu um 850 manns hjá Actavis-samstæðunni á Íslandi, þar af um 70 hjá Medis og um 300 í verksmiðjunni. Höfuðstöðvar Actavis voru hins vegar fluttar til Sviss vorið 2011 og fylgdu margir íslenskir stjórnendur fyrirtækinu út.

„Margir hafa aldrei snúið aftur heldur farið að vinna hjá öðrum lyfjafyrirtækjum. Nær allir Íslendingar sem unnu hjá Actavis erlendis hafa nú hætt störfum hjá fyrirtækinu og starfa nú sem stjórnendur hjá lyfjafyrirtækjum úti um allan heim. Við höfum getið af okkur gríðarlega marga sérfræðinga og stjórnendur á þessu sviði."

Sem dæmi um það hversu atkvæðamiklir Íslendingar hafa verið í alþjóðlegum lyfjaiðnaði, nefnir Jónína ráðstefnu árið 2015. Um er að ræða risastóra, árlega ráðstefnu sem laðar til sín tugi þúsunda gesta á hverju ári. Þar eru veitt verðlaun í ýmsum flokkum.

„Skömmu fyrir viðburðinn var greint frá sex tilnefningum í flokknum „Leiðtogi ársins" en þar af voru þrír Íslendingar, eða Róbert Wessman, forstjóri Alvogen, Sigurður Óli Ólafsson, forstjóri Teva, og Valur Ragnarsson, forstjóri Medis. Þrjár af sex tilnefningunum Íslendingar. Það segir sína sögu."

Þá er ekki ólíklegt að einhverjir stjórnendur muni snúa aftur heim eftir því sem umsvif Coripharma aukast. Að sögn Jónínu er mikill áhugi fyrir því að reisa við burðugt þekkingarfyrirtæki á Íslandi.

„Þegar verksmiðjan var sett aftur í gang voru tvö ár frá því að starfsemin var lögð niður. Fyrrverandi starfsmenn og stjórnendur höfðu leitað á önnur mið. En þegar fjárfestar greindu þeim frá áformunum voru flestir tilbúnir að kasta öllu frá sér og stökkva út í óvissuna. Það er mikil ástríða fyrir því að byggja upp þekkingarfyrirtæki í lyfjaiðnaði á Íslandi. Og ég er í sambandi við fólk sem er starfandi hjá lyfjafyrirtækjum úti um allan heim og það langar alla heim fyrir rest. Fólk minnir á sig."

Planið vandlega yfirfarið

Hvernig hafa fyrstu mánuðirnir í starfi forstjóra Coripharma verið?

„Við byrjuðum á því að fara vandlega yfir stefnuna og fórum síðan nákvæmlega yfir áætlanir okkar til næstu tíu ára. Þegar við vorum búin að teikna upp hvernig framleiðslan yrði, bæði hvað varðar verktöku og lyfjaþróun, þá keyrðum við þær áætlanir í gegnum framleiðslukerfið til þess að sjá hvort það væru einhverjir flöskuhálsar í framleiðslunni. Þetta var heilmikil vinna og í kjölfarið fórum við í ýtarlega greiningu á kostnaðarverði seldra vara. Allt var reiknað upp á nýtt til að leggja mat á samkeppnisfærnina.

Nú líður okkur mjög vel með planið. Við erum ekki að yfirselja framleiðslugetu verksmiðjunnar og vitum nákvæmlega hvað við getum framleitt og hvað það mun kosta. Við vitum einnig að verksmiðjan verður samkeppnisfær í verðum fyrir þau verkefni sem við höfum valið okkur."

Sæta svínið
GASTROPUB

SÚPER TAKE AWAY
HÁDEGISTILBOÐ
11.30–15.00

Dós af Coke, Coke Zero, Sprite eða Topp fylgir með hverjum rétti!

1.500 kr.

ÞESSIR RÉTTIR AÐEINS

SÆTA SVÍNS BORGARINN hinn eini sanni, 175 g úr sérvaldri rumpsteik og „short ribs",bjór-brioche brauð, rauðlaukssulta, Búri, trufflu-mayo, vöfflufranskar

BBQ VEGAN BORGARI, buff úr linsubaunum og sólblómafræjum, tómatur, BBQ strandsveppir, „mozzarella" og spicy„mæjó"

ANDARSALAT, confit eldað andalæri, grasker, chili, spírur, kóríander, furuhnetur

LAMBASAMLOKA, hægelduð lambaöxl, romaine salat, vöfflufranskar, bernaise

VEGAN BBQ JACKFRUIT BURRITO, avókadó, kryddhrísgrjón, pico de gallo, ferskt salat

GRILLAÐUR LAX, perlubygg, svart hvítlauks-sesam froða, paprikusósa

LANGA, kartöflumús, kapersblóm, hollandaise-sósa



SVÍN VIRKAR

FLEIRI FRÁBÆRIR RÉTTIR

SÚPA DAGSINS með nýbökuðu brauði 690 kr.

LAMBASKANKI, hægeldaður í 12 klst. chorizo og beikon ragú, smjörbaunir, grænar ertur 2.000 kr.

NAUTALUND 200g, sveppir í plómusósu, smælki, gulrætur, nautadjús 2.500 kr.

EKKI KLIKKA Á ÞESSU!

Pantaðu í síma **555 2900** | Nánar á **saetasvinid.is**



Storytel ber höfuð og herðar yfir aðra framleiðendur hljóðbóka hér á landi en fyrirtækið framleiddi yfir 300 titla á árinu 2019. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Hljóðbækur eru í hringiðu breytinga

Þrjú mál, sem geta mótað samkeppnisumhverfið á hljóðbókamarkaði, eru til meðferðar. Sérfræðingur í samkeppnisrétti segir allar líkur á því að samruna Storytel og Forlagsins verði sett skilyrði. Einkafyrirtæki í samkeppni við umfangsmikla ríkisútgáfu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Um þessar mundir eru þrjú mál til meðferðar þar sem starfsemi og starfshættir hljóðbókaútgefenda og bóksala eru lagðir á vogarskálar samkeppnisreglna og höfundaréttar. Málin eru ólík að eðli en eiga það þó sameiginlegt að hljóðbækur, og framleiðsla þeirra, eru í brennidepli. Miklir hagsmunir eru undir þar sem hljóðbókaútgáfa er orðin mikilvæg atvinnugrein um leið og hún breytir öðrum og eldri.

Eggert Bjarni Ólafsson, lögmaður og sérfræðingur í samkeppnisrétti, fer yfir þessi þrjú mál. Það fyrsta er yfirtaka streymisveitunnar Storytel á Forlaginu, en um er að ræða yfirtöku stærsta framleiðanda hljóðbóka hér á landi á stærsta útgefanda prentaðra bóka. Bæði rithöfundar og forleggjarar hafa lýst yfir áhyggjum sínum af samrunanum.

Tilkynnt var um yfirtökuna til Samkeppniseftirlitsins 20. júlí síðastliðinn og er málið í svokallaðri „fasa II skoðun“ hjá Samkeppniseftirlitinu að sögn Eggerts, sem þýðir að stofnunin telur að yfirtakan geti skapað samkeppnisleg vandamál.

Við meðferð málsins þarf Samkeppniseftirlitið að svara því hvort með samrunanum verði til fyrirtæki með markaðsráðandi stöðu á tilteknum skilgreindum markaði, einum eða fleirum, með tilheyrandi hættu á verðhækkunum. Og í öðru lagi þarf það skoða hvort samruninn skapi hættu á útilokun frá markaði. Með öðrum orðum þarf að skoða hvort erfiðara verði fyrir keppinauta og viðskiptavini Forlagsins og Storytel að athafna sig á markaðnum eftir samrunann, sem að lokum gæti einnig leitt til minni verðsamkeppni og hærra verðs en ella.

„Að líkindum mun Samkeppniseftirlitið heimila samrunann, en þó með skilyrðum, sem ætlað er að koma í veg fyrir að samruninn raski samkeppni með umtalsverðum hætti, eins og það er orðað í lögunum,“ segir Eggert og bætir við að önnur samkeppnismál þar sem bókaútgáfa hefur verið til meðferðar bendi til að þetta verði niðurstaðan. Þar með talið Uglumálið sem er enn til meðferðar hjá Samkeppniseftirlitinu.

Uglumálið gefur vísbendingar

Í maí síðastliðnum tók Penninn nýjar og nýlegar bækur Uglu útgáfu úr sölu í verslunum sínum ef þær voru jafnframt til sölu sem hljóðbækur. Ugla kærði sölusynjunina til Samkeppniseftirlitsins, sem taldi að synjun fæli í sér misnotkun á markaðsráðandi stöðu og því væri ástæða til að beita bráðabirgðaákvörðun í málinu. Það er fremur sjaldgæft að sögn Eggerts.

Pennanum var lagt fyrir að taka bækur Uglu aftur í sölu. Þótt endanleg ákvörðun í málinu liggi ekki fyrir má finna vísbendingar um hvernig stofnunin mun afgreiða samruna Storytel og Forlagsins.

„Samkeppnisyfirvöld eru gjarnan íhaldssöm í markaðsskilgreiningu. Ef tiltekinn markaður hefur verið skilgreindur með ákveðnum hætti í samrunamáli eða samkeppnisbrotamáli, þarf yfirleitt mikið að breytast til að önnur markaðsskilgreining verði lögð til grundvallar í síðara máli sem varðar sömu atvinnugrein. Markaðsskilgreining Samkeppniseftirlitsins í Uglumálinu er í samræmi við þetta,“ segir Eggert.

Þannig skilgreindi samkeppniseftirlitið starfsemi Pennans sem smásölu bóka í bókaverslunum, eins og það hafði gert í eldri málum þar sem bókaútgáfa var til umfjöllunar. Á þessum markaði, smásölu bóka í bókaverslunum, væri Penninn í markaðsráðandi stöðu.

„Samkeppniseftirlitið virðist ekki hafa túlkað tilraun Pennans til að útiloka Uglu frá hinum hefðbundna bókasölumarkaði sem vísbendingu um að hljóðbókasala með streymi og hefðbundin bóksala tilheyrðu einum og sama markaðnum, smásölu bóka. Samkeppniseftirlitið tók þó fram að útgáfa hljóðbóka væri þýðingarmikill, tengdur markaður. Sú yfirlýsing opnar fyrir afskipti Samkeppniseftirlitsins af yfirtöku Storytel á Forlaginu,“ segir Eggert.

> **Að líkindum mun Samkeppniseftirlitið heimila samrunann, en þó með skilyrðum sem ætlað er að koma í veg fyrir að samruninn raski samkeppni með umtalsverðum hætti.**
>
> Eggert B. Ólafsson lögmaður

Ýmis skilyrði koma til greina

Samkeppniseftirlitið mun því ekki skilgreina samruna Storytel og Forlagsins sem láréttan samruna með tilheyrandi samþjöppun á markaði heldur mun það huga vandlega að lóðréttum áhrifum samrunans, svo sem markaðsaðgangi.

„Hljóðbók verður ekki framleidd nema til sé efni fyrir upplestur. Þótt ekkert sé því til fyrirstöðu að efni sé frumútgefið á hljóðbók, þá er það ekki gert í raun að neinu marki. Nær allar hljóðbækur eru gerðar eftir bókum sem gefnar hafa verið út á prenti og allflestar þeirra eru háðar höfundarétti. Prentaðar og höfundaréttarvarðar bækur eru því nauðsynlegt hráefni fyrir hljóðbókagerð, ef svo má að orði komast,“ útskýrir Eggert.

Storytel gæti þannig þrengt aðgang annarra hljóðbókaframleiðenda að titlum Forlagsins og þar með stórum hluta „hráefnismarkaðarins“. Að sama skapi gæti Forlagið neitað höfundum um útgáfu nema þeir samþykktu jafnframt hljóðbókaútgáfu á verki sínu. Auk þess gæti Storytel látið bækur útgefnar af Forlaginu ganga fyrir í hljóðbókaframleiðslu og þannig skaðað samkeppnisstöðu rithöfunda.

„Það eru því allar líkur á að Samkeppniseftirlitið muni setja yfirtöku Storytel á Forlaginu ýmis skilyrði, sem verði ætlað að tryggja að fyrirtækin mismuni ekki keppinautum sínum og viðskiptavinum, þar með talið rithöfundum, og skapi ekki ójafnar samkeppnisaðstæður. Þá mun Samkeppniseftirlitið að öllum líkindum setja yfirtökunni skilyrði um hverjir megi sitja í stjórnum fyrirtækjanna og framkvæmdastjórnum, í þeim tilgangi að tryggja óháði stjórnenda fyrirtækjanna á meðan þau eru rekin sitt í hvoru lagi eins og gefið hefur verið út að þau muni gera,“ segir Eggert.

Óánægja með ríkisumsvif

Þriðja hljóðbókamálið varðar starfsemi Hljóðbókasafns Íslands. Ef hljóðbókaútgáfa er sett í flokk með útgáfu prentaðra bóka þá var Hljóðbókasafnið stærsti útgefandi bóka hér landi um margra ára skeið. Það var ekki fyrr en á síðasta ári, þegar Storytel kom inn á markaðinn með 300 útgefna titla, að útgáfutölur Hljóðbókasafnsins voru jafnaðar.

Eggert segir að lengi hafi ríkt óánægja meðal margra rithöfunda og bókaútgefenda með starfsemi Hljóðbókasafnsins, sem þeir telja vera óeðlilega umsvifamikla og benda á hin Norðurlöndin í því samhandi til samanburðar.

Hljóðbók slf., eitt fárra fyrirtækja í þeirri grein sem lifði af samkeppnina við Hljóðbókasafnið, hefur stefnt ríkinu til skaðabóta vegna starfsemi safnsins.

Það sem Hljóðbók og aðrir hafa gagnrýnt sérstaklega í starfsemi Hljóðbókasafnsins er að því skuli heimilt að gefa út nýútkomna bók á hljóðbók án nokkurra tímamarka og án tillits til þess hvort verkið sé þegar í almennri sölu sem hljóðbók. Þannig getur ný skáldsaga verið komin út á hljóðbók hjá Hljóðbókasafninu tveimur vikum eftir útgáfu viðkomandi bókar á prenti og eins þótt fyrirtæki eins og Hljóðbók slf. hafi gefið sama verk út til dreifingar á markaði. Um 90 prósent útgefinna bóka Hljóðbókar eru fáanlegar hjá Hljóðbókasafninu.

Þá hefur einnig verið gagnrýnt að efni sem safnið framleiðir rati í stórum stíl til einstaklinga sem ekki uppfylla aðgangsskilyrði að safninu. Sú hætta kalli á að Hljóðbókasafninu séu settar skýrar reglur til að starfa eftir.

En er ekki sjálfsagt að starfrækt sé hljóðbókasafn í þágu blindra, sjónskertra og lestrarhamlaðra?

„Auðvitað er það sjálfsagt. Það er ekki verið að finna að þjónustunni sem slíkri, segir Eggert og ítrekar að starfsemi Hljóðbókasafnsins byggi á undanþáguheimild í höfundalögum sem beri að túlka þröngt.

„Skilyrði fyrir starfsemi á grundvelli undanþágunnar er að hún skerði ekki með ósanngjörnum hætti lögmæta hagnýtingu rétthafa á höfundaréttarvörðu efni. Það verður að gæta meðalhófs í starfsemi á grundvelli undanþágunnar,“ segir Eggert. Þessa skilyrðis hefur verið gætt í öðrum löndum eins og til dæmis Noregi og Bretlandi. Þar mátti til skamms tíma ekki gefa út hljóðbók á grundvelli undanþágunnar, ef verk var þegar til á markaði í hljóðbókarformi.

Þrjú mál sem móta samkeppnisumhverfið á hljóðbókamarkaði

1. Yfirtaka Storytel á Forlaginu, stærsta útgefanda prentaðra bóka hér á landi.
2. Meint brot Pennans á samkeppnislögum með því að neita að selja bækur frá Uglu bókaforlagi.
3. Skaðabótamál Hljóðbókar slf. gegn Hljóðbókasafni Íslands vegna meints brots á höfundalögum.

UPPÞVOTTAVÉLAR

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM UPPÞVOTTAVÉLUM

20%
AFSLÁTTUR

LÍFIÐ ER OF STUTT FYRIR UPPVASK

TRYGGÐU ÞÉR NÝJA UPPÞVOTTAVÉL Á 20% AFSLÆTTI DAGANA 16. – 24. OKTÓBER

ÞÚ FINNUR ALLT ÚRVALIÐ OKKAR Á RAFLAND.IS - BJÓÐUM UPP Á HEIMSENDINGU UM ALLT LAND

BOSCH SAMSUNG SIEMENS ASKO

GILDIR 16. - 24. OKTÓBER.

BETRA BORGAR SIG

Opið virka daga 10 – 18 · Laugardaga 11 – 16

RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

Stórhuga í útflutningi á Olafsson gini

Bandarískir fjárfestar frá Kísildalnum og Sigurjón Sighvatsson í hluthafahópnum. Breti þróaði bragðið með forsprökkum Olafsson. Ginið vann til tvennra verðlauna fyrir bragðið í sumar. Ísland er lykillinn í markaðssetningunni. Hugmyndin kviknaði í veiðiferð.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Markmið þeirra sem standa að gininu Olafsson er þríþætt: Ná fótfestu á íslenska markaðnum, hefja útflutning til fjögurra til átta landa, og loks selja í miklum mæli á erlendum mörkuðum. Þetta segir Arnar Jón Agnarsson, framkvæmdastjóri Eyland Spirits.

Hluthafar fyrirtækisins eru nokkrir Bandaríkjamenn sem efnast hafa af fjárfestingum í Kísildalnum, Sigurjón Sighvatsson kvikmyndaframleiðandi og Arnar Jón.

„Við náðum markmiðum okkar á Íslandi og erum að róa að því að hefja útflutning," segir hann og nefnir að sala á gininu sé hafin í Sviss og horft sé til þess að selja til Englands, Spánar og fjögurra fylkja í Bandaríkjunum.

„Við erum stórhuga," segir Arnar Jón. „Það ætti að vera komin hreyfing á málin um áramót."

Að hans sögn er framlegðin af hverri sölu ekki mikil. Því þurfi að selja í miklum mæli.

Arnar Jón segir að þeir sem standi að fyrirtækinu séu fjársterkir og það hafi opnað margar dyr fyrir fyrirtækið. Hluthafarnir séu þó ekki reiðubúnir að tapa háum fjárhæðum. „Við tökum eitt skref í einu með það að leiðarljósi að ná eins langt og við getum."

Arnar Jón segir að hugmyndin að fyrirtækinu hafi sprottið í veiðiferð árið 2015 með Bandaríkjamönnunum. „Ég er upprunalega úr veiðibransanum," segir hann. Arnar Jón hafði um árabil Laxá í Ásum á leigu ásamt öðrum.

„Okkur langaði til að framleiða íslenskt áfengi sem gæti keppt alþjóðlega," segir Arnar Jón. Lykilatriði í markaðssókninni væri íslenskt vatn og hreint framleiðsluland. Hugmyndin hafi þó ekki komist á rekspöl fyrr en eftir veiðiferð þremur árum seinna. Við hafi tekið vandaður undirbúningur, „þetta reddast-hugarfari" var haldið í skefjum eins og kostur var.

Fleiri vörur

Að hans sögn mun Eyland Spirits bjóða upp á fleiri vörur en gin. „Gin er fyrsta varan okkar. Gin er sá áfengismarkaður sem hefur verið í mestri sókn undanfarin tíu ár." Gin sé auk þess framleitt úr jurtum og því hafi eins mikið af íslenskum jurtum verið nýtt til framleiðslunnar og hægt var.

Eyland Spirits leituðu til Breta til að þróa með þeim bragðið á gininu. Sú vinna tók um ár. „Bretinn hefur komið að þróun margra af frægustu ginum veraldar," segir Arnar Jón. „Við vildum að bragðið myndi endurspegla Ísland; það væri ferskt með smá jörð, létt og auðdrekkanlegt og veitti fólki ánægju," segir hann.

Að sögn Arnars Jóns hafi þeir hitt í mark með bragðið, því Olafsson hafi hreppt tvenn gullverðlaun í sumar.

Í upphafi var lögð áhersla á að selja Íslendingum Olafsson ginið, til að sanna að varan ætti erindi á markað. „Við náðum markmiðum okkar á fyrstu þremur mánuðunum. Markmiðin lutu að því hve margar vínflöskur yrðu seldar í Vínbúðinni, hve mikið í Fríhöfninni og hve mikið til veitingahúsa og kráa. Við settum okkur háleit markmið og erum í skýjunum með viðtökurnar. Við erum til að mynda í öllum Vínbúðum landsins. Augljóst var að markaður var fyrir ginið. En svo kom COVID-19. Það setur strik í reikninginn þegar nýrri vöru er hleypt af stokkunum," segir hann.

Hvernig voru löndin valin sem selja á ginið til?

„Við völdum markaði eftir stærð og áhuga á gini. Að sama skapi horfðum við til markaða þar sem við höfum sambönd og eins þar sem er áhugi á íslenskum vörum.

Næstu skref hjá okkur eru að treysta okkur betur í sessi á íslenska markaðnum. Það koma nýjar og spennandi vörur á markaði eftir áramót."

Arnar Jón segir að það sé dýrt að selja í miklum mæli til stórra markaða. Sendingarnar séu stórar.

Arnar Jón Agnarsson, segir mikil verðmæti fólgin í því að framleiða ginið á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Gin er sá áfengismarkaður sem hefur verið í mestri sókn undanfarin tíu ár.**

> **Við tökum eitt skref í einu með það að leiðarljósi að ná eins langt og við getum.**

Heitir í höfuðið á Eggerti Ólafssyni

Arnar Jón segir að Olafsson-ginið heiti í höfuðið á 18. aldar skáldinu og náttúrufræðingnum Eggerti Ólafssyni. Hann hafi ferðast um Ísland í kringum 1750 ásamt Bjarna Pálssyni og ritað ferðabók, fyrir tilstilli Konunglega danska vísindafélagsins. Hann hafi birt nákvæma lýsingu á landinu og jurtum, og Arnar Jón segir að hann hafi ekki alltaf farið fögrum orðum um landsmenn.

„Við höfum birt textabrot úr bókinni á samfélagsmiðlum."

Að hans sögn var hægt að fara á dýptina með vörumerkið með því að tengja það við Eggert. „Miðinn á flöskunni, sem hannaður er af frönskum listamanni, er byggður á ferðabók Eggerts. Hann var magnaður maður sem dó langt fyrir aldur fram, drukknaði ásamt eiginkonu sinni, skömmu eftir brúðkaup þeirra."

Vægi samfélagsmiðla mikið

Hvernig stundið þið markaðsstarf á erlendum mörkuðum?

„Erlendir markaðir eru eins misjafnir og þeir eru margir. Í Bandaríkjunum byggir markaðsstarfið á að finna dreifingaraðila sem hefur áhuga á þinni vöru og metnað fyrir henni. Þetta er eins og gott hjónaband, það þarf að finna rétta makann ef vel á að ganga. Auk þess þarf að styðja dreifingarfyrirtækið með markaðsefni og fjármagni. Í Sviss skiptir dreifingarfyrirtækið ekki jafnmiklu máli, því salan fer mest fram í stórmörkuðum. Þar þarf því að gera samninga beint við stórmarkaði.

Það sem hefur komið á óvart er hve vægi samfélagsmiðla er mikið í markaðssetningu. Við verðum að vera virk á samfélagsmiðlum, enda erum við að keppa við samfélagsmiðla stórfyrirtækja sem hafa verið lengi að.

Það er mikil vinna fólgin í því að pósta þrisvar til fjórum sinnum á viku. Ef vel á að vera þarf ljósmyndara, textahöfund og hugmyndasmið. Yfir árið birtast mögulega 200 innslög, þar af 20 myndbönd, og póstur númer 197 þarf að vera jafn áhugaverður og efnið sem birtist fyrst. Til viðbótar þarf ný mynd að fylgja hverjum pósti.

Við nýtum samfélagsmiðla til að auglýsa Ísland og íslenska tónlist. Einblínum ekki einvörðungu á Olafsson ginið."

Er ekki dýrt að framleiða ginið á Íslandi og flytja út?

„Nei, í stóra samhenginu er það ekki. Það væri mun dýrara að framleiða ginið í miðríkjum Bandaríkjanna þar sem fjöldi þeirra er framleiddur í Omaha. Það gefur okkur ómetanlegan slagkraft að koma frá Íslandi. Vissulega er framleiðslukostnaður hærri, en það skiptir ekki máli hvort gæðavara er tveimur Bandaríkjadölum dýrari eða ódýrari."

Tollar á kínverskt ál sem flutt er til Evrópusambandsríkja

Evrópusambandið hefur ákveðið að allt að 48 prósenta innflutningstollar verði lagðir á kínverskar álvörur. Framkvæmdastjórn ESB tilkynnti þetta á dögunum, en rannsókn á innflutningi álvara af ýmsu tagi frá Kína til ríkja ESB, hefur staðið yfir síðan í febrúar. ESB hefur því fetað í fótspor Bandaríkjanna í þeirri viðleitni að vinna gegn markaðsráðandi stöðu Kína á álmarkaði. Íslensku álframleiðendurnir selja nánast alla sína framleiðslu til evrópskra viðskiptavina. Því mun hið nýja tollaumhverfi líklega styrkja þeirra stöðu á markaði.

Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar á álinnflutningi frá Kína hófst eftir að hagsmunasamtök álframleiðenda í Evrópu, European Aluminum (EA), sendu inn kvörtun vegna meintrar undirverðlagningar á kínversku áli á mörkuðum í Evrópu. Að sögn EA hafði innflutningur á kínversku áli til Evrópu tvöfaldast á árunum 2014 til 2019.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins mun leggja allt að 48 prósent toll á álvörur frá Kína og fylgir þar með í fótspor Bandaríkjanna MYND/AÐSEND

„Áhrif innflutningsins [frá Kína] hefur leitt af sér samdrátt í framleiðslu og minnkandi markaðshlutdeild evrópskra framleiðenda, sem hefur neytt fjölda fyrirtækja til að endurskipuleggja rekstur eða jafnvel loka verksmiðjum, með tilheyrandi atvinnumissi fjölmargra," sagði í tilkynningu vegna málsins. Innflutningstollarnir eru á bilinu 30 til 48 prósent og öðluðust þegar gildi þann 14. október síðastliðinn. Rannsókn framkvæmdastjórnarinnar mun endanlega ljúka í apríl næstkomandi, en fastlega er búist við því að tollarnir verði þá festir í sessi til ársins 2026.

> **Íslensku álframleiðendurnir selja nánast alla sína framleiðslu til evrópskra viðskiptavina. Því mun hið nýja tollaumhverfi líklega styrkja þeirra stöðu.**

Aðgerðir framkvæmdastjórnarinnar nú snúa að því að styrkja stöðu evrópskra framleiðenda gagnvart kínversku álverunum, en framleiðendur þar hafa ákveðna skattalega hvata til að flytja út álvörur, en 15 prósenta útflutningstollur er á hreinu áli. Sá tollur fellur niður sé álið hálfunnið á einhvern hátt, og þar að auki fá kínverskir framleiðendur ákveðinn skattaafslátt við útflutning á hálfunnum álvörum. Erlendir fjölmiðlar hafa greint frá því að það hafi því færst í vöxt á undanförnum árum meðal kínverskra álframleiðenda að stunda lágmarksáframvinnslu á álinu, til að njóta áðurgreindrar skattahagkvæmni sem hlýst af því. Málmurinn er svo aftur bræddur niður, gjarnan hjá milliliðum staðsettum í öðrum löndum, og seldur til endanlegs viðskiptavinar sem hreint ál.

Bandarísk yfirvöld hafa raunar þegar hafið rannsókn á þessum viðskiptaháttum. Það er, að áframunnið ál sé flutt frá Kína, aftur brætt niður í hrátt ál – til að mynda í Víetnam eða Mexíkó – og svo þaðan flutt inn til Bandaríkjanna án innflutningstolla, sem annars gilda um kínverskt ál. Samkvæmt greiningarfyrirtækinu CRU, sem sérhæfir sig meðal annars í málmum, er allt að 95 prósentum af árlegum sex milljóna tonna álútflutningi Kína í formi áframunninna álvara. **– thg**

Auður Inga Einarsdóttir, markaðsstjóri Advania, segir að stafræn haustráðstefna fyrirtækisins hafi gengið vonum framar. Ráðstefnan var ein sú fjölmennasta sem fyrirtækið hefur staðið fyrir á undanförnum árum. MYND/AÐSEND

Eyðir hverri lausri stund í bras á fjöllum

Svipmynd

Auður Inga Einarsdóttir

Nám:
Viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Meistaragráða í stjórnun og forystu frá Háskólanum á Bifröst.

Störf:
Varði fyrstu árunum á vinnumarkaði hjá Vodafone, síðast sem rekstrarstjóri verslana á árunum 2008-2012. Þaðan fór ég til Advania þar sem ég hef verið sölustjóri og varð síðar forstöðumaður notendalausna. Gegni nú starfi markaðsstjóra.

Fjölskylduhagir:
Í sambúð með Jóhannesi Smára Ólafssyni.

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Auður Inga Einarsdóttir gegnt stjórnendastöðum í atvinnulífinu um árabil. Henni líður best uppi á fjöllum og varla líður sú helgi sem Auður Inga ver ekki töluvert hátt yfir sjávarmáli. Til lengri tíma litið hyggur hún á að setjast að á landsbyggðinni.

Hver eru þín helstu áhugamál?

Allt með forskeytinu fjall- og því fylgir venjulega töluvert bras. Mér líður best einhvers staðar utandyra þar sem ég get hlaðið batteríin. Að koma þreytt heim eftir góða helgi á fjöllum með manninum mínum og vinum finnst mér besta leiðin til að verja frítíma mínum, sama hvaða árstíð er. Ég bætti fjallahjólinu við í sumar, en fram að því var ég mikið að ganga á fjöll og svo eru það auðvitað fjallaskíðin. Ég er reyndar á fjallabretti (e. splitboard) sem er snjóbrettaútgáfan af fjallaskíðum. Þegar ég keypti mér þannig bretti fyrir nokkrum árum opnaðist mér algjörlegra ný vídd í íslenskri náttúru. Að geta rennt sér á skíðum allt árið um kring eru forréttindi.

Ég hef svo verið að fikra mig áfram í skútusiglingum, en maðurinn minn er allur í þeim. Ég myndi segja að ég væri meira á hliðarlínunni í dag, en ég er farin að slá um mig með sjóaraslangri og veit hvenær ég á að beygja mig undir bómuna. Það er víst fyrsta skrefið.

Hvernig er morgunrútínan þín?

Mikið vildi ég geta sagt að ég hellti upp á kaffibolla, læsi blaðið og ristaði mér brauð með smjöri og osti áður en ég skottaðist alltof snemma í hóptíma í ræktinni. Raunin er sú að ég velti mér fram úr rúminu um áttaleytið eftir allnokkur snús, hef mig til fyrir vinnuna í flýti og er farin út um dyrnar korteri síðar. Um helgar er þó hraðinn allt annar. Þá setjum við góða tónlist á og hendum í morgunmat áður en við höldum út í daginn og upp á fjöll.

Nærðu að halda jafnvægi milli vinnu og fjölskyldulífs?

Já, það gengur furðu vel. Það koma álagstímar þar sem annað víkur fyrir hinu, en ég hef síðustu ár náð mjög góðu jafnvægi þarna á milli. Það skiptir mig miklu máli að vinna hjá fyrirtæki sem leggur sig fram við að hlúa að jafnvæginu. Að geta stundum hætt á hádegi og farið út í góða veðrið og tekið svo aðra lengri daga á móti, er lykillinn að jafnvægi fyrir mig.

Hver hafa verið mest krefjandi verkefnin á undanförnum misserum?

Það mun vera haustráðstefna Advania. Þegar heimsfaraldurinn bankaði upp á og hróflaði við okkar áætlunum um að halda haustráðstefnu Advania í Hörpu, kom ekki til greina að fresta henni.

Breyttir tímar kalla á ný vinnubrögð og við ákváðum að tækla þetta með tækninni. Tekin var ákvörðun rétt fyrir sumarfrí um að keyra á stafræna ráðstefnu í ár. Við ákváðum líka að gefa ekki tommu eftir í gæðum eða öðru sem snerti upplifun gesta.

Úr varð ekki aðeins fjölmennasta og einna best heppnaða ráðstefnan okkar í 26 ár, heldur leiddi þessi ákvörðun til nýsköpunar í sinni tærustu mynd, þar sem við þróuðum þessa líka fínu stafrænu ráðstefnulausn.

Hver eru helstu verkefnin fram undan?

Þau snúa flest að stafrænni vegferð okkar hjá Advania. Við í markaðsdeildinni framleiðum stærstan hluta af okkar markaðsefni sjálf og í grunninn snýst þetta alltaf um réttu skilaboðin á réttan hóp á réttum tíma. Á stóru heimili er alltaf nóg að gera.

Ef þú þyrftir að velja annan starfsframa, hvað yrði fyrir valinu?

Mig langar rosalega að segja atvinnumaður í karaóki, en það er frekar langsóttur draumur. Söng-hæfileikar mínir hafa hingað til tæpast fallið í kramið hjá fólki, þó ég bæti það upp með sterku lagavali og faglegri sviðsframkomu. Ætli ég myndi ekki velja eitthvað hönnunartengt. Keramik, textílhönnun og föndur af ýmsu tagi hefur alltaf höfðað til mín.

Hvar sérðu þig eftir tíu ár?

Væntanlega einhvers staðar á fjöllum. Eftir 20 ár ætla ég hins vegar að búa í einhverju litlu bæjarfélagi á landsbyggðinni með fjölskyldu og vinum. Er það ekki hugguleg framtíðarsýn?

Hvers hlakkar þú mest til þessa dagana?

Má segja að ferðast aftur til útlanda? Fyrir tæpu ári vorum ég og maðurinn minn að sigla skútu í námunda við Púertó Ríkó. Ég væri alveg til í að vera með eitthvað þess háttar á dagskrá til að hlakka til. Ég held bara áfram að láta mig dreyma.

Hvers konar stjórnunarstíl hefurðu tileinkað þér og hvers vegna?

Stjórnendastílinn minn snýst eflaust að mestu leyti um það að hvetja aðra áfram og ganga fram með góðu fordæmi. Fá fólk með mér í lið að leysa krefjandi verkefni. Ég áttaði mig mjög fljótt á því á mínum stjórnendaferli, sem nú þegar hefur spannað yfir tólf ár, að ég myndi seint verða sérfræðingur í öllu. Það var mér mikill léttir þegar ég áttaði mig á því. Mitt hlutverk snýst um að skapa nærandi umhverfi, treysta og hjálpa fólkinu mínu að ná árangri. Þannig myndi ég mæla minn árangur.

TAPASBARINN MEÐ ÞÉR HEIM!

SÚPER TAKE AWAY TILBOÐ



TILBOÐ A – FYRIR TVO
- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Marineraðar lambalundir með lakkríssósu
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Djúpsteiktur humar í orly
- Kjúklingaspjót (2 stk.) með blómkáls-cous cous, furuhnetum, blómkálsmauki og alioli
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smælki

5.890 kr. 2.945 kr. á mann

TILBOÐ B – FYRIR TVO
- Nýbakað brauð með hummus og tapenade
- Beikonvafin hörpuskel og döðlur á spjóti (2 stk.) með sætri chilli sósu
- Andabringa með jarðskokkum, svartrót og Malt- og Appelsínsósu
- Djúpsteiktur humar í orly
- Kjúklingastrimlar í chiliraspi með gráðaostasósu
- Lambaspjót (2 stk.) með chorizo-sósu, smælki og rótargrænmeti
- Nautaspjót (2 stk.) með sveppaduxelles, bourgunion-sveppasósu og smælki

6.890 kr. 3.445 kr. á mann

VEGAN TILBOÐ
- Nýbakað brauð með hummus og tapenade V
- Blómkál marinerað með harissa, blómskálsmauki, pistasíu-lime vinaigrette og granatepli V
- BBQ Jackfruit soft taco (2 stk.) með mangó-jalapeno salsa, avókadómauki og ferskum kóríander V
- Vegan Piri Piri "rif" með djúpsteiktu smælki og sítrus-hvítlaukssósu V

3.990 kr. á mann

Tekið er við pöntunum í síma 551 2344
eða á netfangið tapas@tapas.is

HINN EINI SANNI Í 20 ÁR!

tapas.is

Skotsilfur

Vel gert

Afar frískandi var að sjá hvernig heilbrigðisráðuneytið tók á nýjustu tillögum sóttvarnalæknis um tilhögun opnana líkamsræktarstöðva. Sóttvarnalæknir hefur auðvitað eingöngu smitvarnaforsendur að leiðarljósi við sína tillögusmíð, en það liggur í augum uppi að fleiri sjónarmið þurfa nú að komast að í baráttunni við kórónaveiruna. Í umfjöllun ráðuneytisins sagði meðal annars: „Niðurstaða ráðuneytisins var sú að ekki væri stætt á því að banna hreyfingu í líkamsræktarstöðvum þar sem unnt væri að uppfylla sömu skilyrði og gilda um íþróttastarf.“ Það er ánægjulegt að grundvallarlögmál á borð við jafnræðisregluna hafi nú aftur hlotið hljómgrunn meðal íslenskra stjórnmálamanna. Vel gert, **Svandís Svavarsdóttir!**

Lítilmannlegt

Benedikt Jóhannesson, sem titlar sig einatt stofnanda Viðreisnar, ætti að þekkja höfuðgildi flokksins: Frjálslyndi. Engu að síður hefur hann það ekki í hávegum. Þess í stað sveiflast skoðanir hans eins og lauf í vindi. Tvennt er í tísku um þessar mundir: Gera lítið úr frelsi fólks á tímum COVID-19 og skoðunum Brynjars Níelssonar þingmanns. Benedikt, sem þarf að njóta vinsælda til að komast aftur á þing, kaus því að traðka á grunngildum flokksins og gera lítið úr Brynjari til að afla sér vinsælda. Það er hvorki stórmannlegt né góð byrjun á framboði.

Vel fjármagnað

Enginn vafi leikur lengur á því að Stjórnarskrárfélagið, undir formennsku **Katrínar Oddsdóttur**, er vel fjármagnað, hvort sem það er með beinum eða óbeinum hætti. Sjónvarpsauglýsingar, þar sem málstað félagsins er haldið á lofti, birtast á besta tíma, til dæmis fyrir Ráðherrann á sunnudagskvöldið. Einhver telur sig eða þjóð sína, ranglega, hafa ríka hagsmuni af því að stjórnarskránni verði umbylt. Forvitnilegt væri að vita hverjir helstu bakhjarlar félagsins eru. Það er hins vegar ljóst að bakhjarlarnir hafa notið góðrar ávöxtunar. Stjórnarskrárfélagið hefur á ótrúlegan hátt náð að koma máli, sem á ekkert erindi í umræðuna á þessum tímum, efst á dagskrá. Önnur brýnni mál líða fyrir það.

Risavaxin yfirtaka ConocoPhilips á samkeppnisaðila

Olíumarkaðir hafa farið illa út úr kórónakreppunni, en eftirspurn hráolíu hefur sett mikinn þrýsting á heimsmarkaðsverð olíu. Þeir framleiðendur sem vinna olíu úr leirsteinsberglögum (e. shale) eru þar síst undanskildir. Í vikunni var tilkynnt að olíurísinn ConocoPhilips myndi kaupa Concho Energy, sem einmitt reiðir sig á leirsteinsberglögin. Kaupverðið er 9,7 milljarðar Bandaríkjadala, eða sem nemur um 1338 milljörðum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Boltinn hjá fyrirtækjunum

Helga Melkorka Óttarsdóttir
lögmaður á LOGOS

Halldór Brynjar Halldórsson
lögmaður á LOGOS

Í sumar voru samþykktar á Alþingi umfangsmestu breytingar sem gerðar hafa verið á samkeppnislögum hér á landi síðastliðinn áratug. Verður þó aðeins ein þeirra gerð að umtalsefni hér, en hún tekur gildi nú um áramótin næstkomandi.

Í þeirri breytingu felst að fyrirtæki sækja ekki lengur um undanþágu til Samkeppniseftirlitsins fyrir lögmætu samstarfi sín á milli. Þess í stað er það nú á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra sem að einhvers konar samstarfi standa, að meta hvort skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir lögmætu samstarfi séu uppfyllt. Sé svo ekki kann samstarfið að brjóta gegn 10. gr. laganna, teljast ólögmætt samráð, með tilheyrandi sektum sem geta numið allt að 10% heildarveltu þess fyrirtækis (og samstæðu þess) sem aðild á að broti, ásamt mögulegri refsiábyrgð einstaklinga.

Almennt má segja að um talsverða réttarbót sé að ræða. Þannig var samsvarandi breyting gerð á samkeppnislöggjöf Evrópusambandsins, sem íslensk samkeppnislög byggja á, fyrir yfir hálfum öðrum áratug. Voru rökin að baki þeirri breytingu meðal annars þau að meðferð undanþágubeiðna tæki of langan tíma á vettvangi Evrópusambandsins. Loksins þegar þær væru veittar hefði bæði tapast mikilsverður tími og hagsmunir. Þar sem samstarf þarf að uppfylla eftirgreind skilyrði til að teljast lögmætt, fælist í þessari tímalengd í reynd skaðleg áhrif á samkeppni:

1. Stuðla að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir
2. Veita neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst
3. Leggja ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og
4. Veita fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.

Óumdeilt er þannig að samstarf sem hlotið hefur undanþágu, bæði hér á landi og fram til ársins 2003 í Evrópusambandinu, hefur verið til hagsbóta fyrir samkeppni og neytendur. Í því felst óhjákvæmilega að allur sá dráttur sem verður á því að samstarfið komist á er skaðlegur samkeppni og þar með neytendum.

Málsmeðferðin við veitingu undanþága hér á landi hefur síst verið styttri en hún var í Evrópusambandinu. Hefur þannig veiting undanþága að jafnaði tekið eitt til tvö ár. Vart þarf að fjölyrða um að forsendur slíks samstarfs geta breyst eða jafnvel brostið á svo löngum málsmeðferðartíma, sér í lagi á mörkuðum þar sem samstarf getur verið mjög til hagsbóta, svo sem tækni- og nýsköpunarmörkuðum í örri þróun. Þar sem óumdeilanlega er um lögmætt samstarf að ræða sem er til hagsbóta fyrir neytendur getur sá ábati þar með glatast.

Þó breytingin sé þannig ótvírætt til hagsbóta felst í henni að fyrirtækjum er fengið vandasamt verkefni sem felur í sér mat á því hvort skilyrðin eru uppfyllt eða ekki. Þannig er ekki lengur unnt að fá „blessun“ Samkeppniseftirlitsins fyrir samstarfi heldur er það á ábyrgð fyrirtækjanna sjálfra að meta hvort ofangreind skilyrði séu uppfyllt hverju sinni.

Þar getur hins vegar verið vandrataður vegurinn enda hafa fyrirtæki meðal annars á undanförnum árum gagnrýnt Samkeppniseftirlitið fyrir skort á leiðbeiningum og of lítinn fyrirsjáanleika í niðurstöðum. Hættan er sú að sé stofnunin síðar meir ósammála því mati fyrirtækja sem að samstarfi standa að skilyrðin hafi verið uppfyllt, teljist samstarfið ólögmætt samráð að mati stofnunarinnar. Viðurlög fyrir slík brot eru þung og geta numið allt að 10% af heildarveltu, auk hins neikvæða umtals í almennri umræðu sem óhjákvæmilega fylgir fregnum af „ólögmætu samráði“ fyrirtækja og möguleg refsiábyrgð einstaklinga sem að brotinu koma og stjórnenda.

Það er þó ekki svo að fyrirtæki geti hvergi leitað um leiðbeiningar um hvernig túlka beri ofangreind skilyrði og hvenær þau séu uppfyllt hverju sinni. Þannig má meðal annars taka mið af þeirri rúmlega 15 ára framkvæmd innan Evrópusambandsins sem átt hefur sér stað frá því undanþáguheimildin var afnumin á þeim vettvangi. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur einnig gefið út leiðbeiningarreglur sem líta má til við matið. Loks má hafa hliðsjón af framkvæmd Samkeppniseftirlitsins við veitingu undanþága á síðastliðnum árum, ásamt leiðbeiningum sem Samkeppniseftirlitinu ber að gefa út á grundvelli samkeppnislaga.

Efnislega eru reglurnar þannig óbreyttar um það hvers konar samstarf fyrirtækja er heimilt, en stóra breytingin og áskorunin fyrir fyrirtæki felst í því að leggja nú sjálfstætt mat á það með aðstoð sérfræðinga hvort skilyrði slíks samstarfs eru uppfyllt áður en stofnað er til samstarfsins.

Fjármálafræðsla og COVID

Ragnar Trausti Ragnarsson
sérfræðingur á Markaðs -og samskiptasviði Íslandsbanka

Þrátt fyrir þá miklu erfiðleika sem fylgja COVID-19 er óhætt að segja að veiran hefur haft stórkostleg áhrif á líf okkar. Við höfum þurft að breyta venjum okkar og taka upp nýja siði. Með tilkomu samkomubanns höfum við á mínum vinnustað, líkt og flestir aðrir, þurft að endurhugsa margt, þar á meðal hvernig við ætluðum að halda okkar fræðslustarfi gangandi. Við fórum þá leið að færa fundina, sem þúsundir Íslendinga sækja á ári hverju, á netið. Sem dæmi héldum við fund um íbúðakaup í beinni útsendingu á Facebook en umræða um húsnæðismarkaðinn var þá fyrirferðarmikil og því réttur tími til þess að miðla ráðum til þeirra sem voru að íhuga íbúðakaup eða endurfjármögnun og svara þeim spurningum sem brunnu á áhorfendum.

Það segir sig sjálft að með því að halda fræðslufundi á netinu getum við nálgast fleira fólk sem hefur áhuga á efninu okkar en við höfum líka áttað okkur á að það felast ýmis önnur tækifæri í því að halda fræðslufundi í beinni útsendingu. Við getum til dæmis gert fræðsluna aðgengilegri með því að bjóða upp á til að mynda táknmálstúlkun yfir útsendingar, texta undir upptökur og túlkaþjónustu á hinum ýmsu tungumálum með fram útsendingu. Fyrir utan þægindin að geta horft á efnið okkar hvenær sem fólki hentar sjáum við mikla aukningu hjá þeim hópi sem er að huga að fjármálum á kvöldin þegar ró er komin á heimilið og vilja þá sækja sér fræðslu eða þjónustu.

Breyttar venjur vegna COVID hafa opnað augu okkar fyrir nýjum tækifærum til að miðla fræðslu um fjármál á aðgengilegri hátt en við höfum gert hingað til. Það getur þó verið vandasamt verk því þó efnið sé gert aðgengilegra þá breytir það því ekki að það þarf að vera áhugavert og markmiðið ávallt skýrt, að aðstoða fólk við að taka vandaða og upplýsta ákvörðun.

Við höfum gott af því að þurfa að hugsa hlutina svona upp á nýtt og leita leiða til að rafræn fræðsla nýtist sem best. Við vonum að sjálfsögðu að við getum fyrr en síðar hitt fólk í persónu á fundum en við vitum þó að hlutir verða aldrei eins eftir svona tímabil og fjölmörg tækifæri sem við þurfum að vanda okkur að nýta.

wagner

ÞÝSK HÖNNUN · EINSTÖK GÆÐI

EINU STÓLARNIR MEÐ

Dondola®

360°

VELTITÆKNI

FRÁBÆRT TILBOÐSVERÐ Í SAMVINNU VIÐ WAGNER

138.900 kr.

LISTAVERÐ: 229.900 kr.

FAGAÐILAR MÆLA MEÐ WAGNER

Elís Þór Rafnsson
sjúkraþjálfari

Að sitja á hreyfingu getur komið í veg fyrir ýmis bakvandamál og hjálpað þeim sem nú þegar stríða við eymsli og þreytu í baki. Hreyfingin miðar að því að létta álag á bakið og styrkja það í hrífandi samspili hvíldar og hreyfingar.

SITJUM Á HREYFINGU!

MYNDFORM GRAFÍK

2020 Framúrskarandi fyrirtæki

2018 2020 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Hirzlan

SKRIFSTOFUHÚSGÖGN

RAMMASAMNINGUR VIÐ
RÍKISKAUP

www.hirzlan.is

Síðumúla 37. Sími: 564-5040. hirzlan@hirzlan.is.

Verslun opin mán-fim 09:00-18:00, föst. 09:00-17:00, laugard. 12:00-16:00. **Lager opinn** mán-fim 13:00-17:00 og föst. 13:00-16:00.

MARKAÐURINN

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 21. október 2020

FRÉTTABLAÐIÐ IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

SKOÐUN

Helgi Vífill Júlíusson

Sýni auðmýkt

Stjórnarskrárfélagið, sem berst fyrir því að drög að stjórnarskrá sem Feneyjanefnd Evrópuráðsins gaf falleinkunn árið 2013 verði leidd í lög, er skipað færum pólitískum aðgerðasinnum. Áhrifaríkar auglýsingar frá þeim bera þess glöggt vitni.

Tímasetningin, þegar þjóðfélagið er í sárum vegna COVID-19, er varla tilviljun. Meðlimir Stjórnarskrárfélagsins hafa eflaust hugsað sér gott til glóðarinnar enda spruttu tillögurnar upphaflega úr jarðvegi óróleika og reiði sem bankahrunið 2008 skapaði.

Athygli vekur að ekki hefur verið ákall um breytta stjórnarskrá fyrir undanfarnar alþingiskosningar. Þar hafði sitt að segja að Feneyjanefndin sagði að tillögurnar væru óljósar, almennt orðaðar, stjórnarkerfið flókið og án samræmis. Ekki bætti úr skák að kosningar til stjórnlagaráðs voru dæmdar ólöglegar og tillögurnar ekki bornar undir þjóðina.

Hve stóran sess vinstri hugmyndafræði á í hjörtum höfunda tillagnanna og forsprakka Stjórnarskrárfélagsins er hluti af vandanum. Stjórnarskráin var ekki þjóðarinnar allra heldur þeirra.

Katrín Oddsdóttir, formaður hópsins, sagði í Silfrinu á sunnudaginn að hún gæti ekki sætt sig við að forsætisráðherra myndi leggja fram frumvarp um breytingar á tveimur ákvæðum stjórnarskrárinnar sem lúti að auðlindum og náttúru- og umhverfisnefnd.

Katrín, sem tók þátt í að semja drögin fyrir átta árum, sættir sig einungis við að tillagan verði lögleidd í heild sinni. Að öðrum kosti sé verið að ramma inn ósanngirni. „Við þurfum alvöru auðlindaákvæði í stjórnarskrá sem kveður á um að það megi ekki veðsetja og framselja aflaheimildir, og ekki nýta þær nema gegn fullu verði.“

Það er margt dapurlegt við þessa afstöðu, eins og til dæmis að stjórnarskráin höfði ekki bæði til vinstra og hægra fólks, enda munu að öllum líkindum ríkisstjórnir sem horfa með ólíkum augum á kvótakerfið stýra landinu á næstu áratugum.

Tillaga Katrínar mun stórskaða atvinnulífið og draga úr lífskjörum landsmanna. Sjávarútvegur er eina stóra útflutningsgrein þjóðarinnar sem mögulega getur stigið ölduna í COVID-19. Það mun hann ekki geta í spennitreyju Stjórnarskrárfélagsins. Gangi hugmyndirnar eftir verður það stórt skref í átt að fátækara samfélagi.

Snúum dæminu við. Með tíð og tíma skammast listamenn sín stundum fyrir sitt fyrsta verk. Það ættu fulltrúar í stjórnarlagaráði að gera í þessu tilviki. Í ljósi þess hve mikla athygli tillögurnar fá núna væri við hæfi að þeir myndu biðjast afsökunar á óljósum texta og vinstri pólitík. Það væri heiðarlegt.

Leigufélagið Alma sett í söluferli

Leigufélagið Alma, sem áður hét Almenna leigufélagið, hefur verið sett í formlegt söluferli. Það er Kvika banki sem hefur umsjón með ferlinu, samkvæmt heimildum Markaðarins, og var stutt fjárfestakynning send út til ýmissa fjárfesta fyrr í vikunni

Heildareignir Ölmu, sem er næststærsta leigufélag landsins með um 1.200 íbúðir, námu um 46,6 milljörðum króna um mitt þetta ár og var eigið fé um 12,4 milljarðar. Rekstrartekjur voru 1.335 milljónir á tímabilinu og drógust saman um 146 milljónir frá fyrra ári.

María Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Ölmu

Leigufélagið er í eigu fagfjárfestasjóðs í rekstri GAMMA, dótturfélags Kviku, og hefur verið stefnt að því að slíta sjóðnum á næsta ári. Upphaflega stóð til að skrá Ölmu á markað en horfið var frá þeim áformum í fyrra en rekstur félagsins hafði þá verið undir væntingum og aðstæður á mörkuðum ekki taldar fýsilegar. – hae

20.10.2020

Sitjiði róleg bara, sitjiði róleg. Þetta var alvöru sko.

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Freyðitöflur við mígreni

Mígreni er höfuðverkur sem kemur í köstum og lýsir sér oft í æðaslætti öðrum megin í höfði. Mígreni kemur fram hjá öllum aldurshópum en er algengara hjá konum en körlum.

Mígreniköst geta staðið yfir í allt frá nokkrum klukkustundum upp í þrjá sólarhringa og þeim fylgja oft ógleði og uppköst. TREO freyðitöflur eru fáanlegar í lausasölu og eru ætlaðar við mígreni en einnig vægum verkjum eins og höfuðverk, vöðva- og liðverkjum, tíðaverkjum og tannpínu. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 15 ára án samráðs við lækni og aldrei ef þau eru með hita.

Skjótvirk freyðitafla

„TREO freyðitöflur eru verkjalyf sem innihalda asetýlsalisýlsýru, en einnig innihalda þær koffín, sem eykur verkjastillandi áhrif asetýlsalisýlsýru," segir María Sif Sigurðardóttir, lyfjafræðingur hjá Icepharma. „Freyðitöflur frásogast hraðar en hefðbundnar töflur og næst því hámarksvirkni eftir um það bil hálfa klukkustund." TREO freyðitöflur eru auðveldar í inntöku og getur því lyfið hentað vel þeim sem eiga erfitt með að gleypa töflur eða hylki.

Nýtt bragð – TREO HINDBÆR!

TREO hefur lengi verið á markaði hér á landi og er flestum kunnugt. Í fyrra kom TREO CITRUS með sítrónubragði á markað og nú í sumar bættist við þriðja tegundin, TREO HINDBÆR með hindberjabragði. Þegar nota á TREO við vægum verkjum skal leysa upp 1-2 freyðitöflur í ½ glasi af vatni 1-4 sinnum á sólarhring. Við mígreni skal leysa upp 2 freyðitöflur í ½ glasi af vatni 1- 4 sinnum á sólarhring. Passa þarf að taflan sé alveg uppleyst áður en lyfið er tekið inn. Nota má TREO freyðitöflur að hámarki í 10 daga í mánuði.

Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli, fyrir notkun lyfsins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir.

María Sif Sigurðardóttir, lyfjafræðingur hjá Icepharma.

Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is. Mylan Denmark ApS . MYL201001 – Október 2020.

Mígreniköst geta staðið yfir í allt frá nokkrum klukkustundum upp í þrjá sólarhringa og þeim fylgja oft ógleði og uppköst. TREO freyðitöflur eru verkjastillandi og eru meðal annars ætlaðar við mígreni.

Líkamanum fylgja engar leiðbeiningar

Hildur Sólveig Sigurðardóttir sjúkraþjálfari heldur utan um verkefnið Leiðarvísir líkamans, en þar er að finna fjölbreytta fræðslu um góða líkamsstöðu, líkamsbeitingu og vinnustellingar.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiserna@frettabladid.is

Ég er 37 ára sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfari, fædd og uppalin á Akranesi, en fluttist til Vestmannaeyja 11 ára gömul. Þar kynntist ég eiginmanni mínum, Sindra Ólafssyni, og á með honum tvö börn. Ég starfa líka sem hreyfistjóri við heilsugæsluna í Vestmannaeyjum, er vottaður sérfræðingur Vinnueftirlitsins um öryggi og heilbrigði á vinnustað og hef sótt mér réttindi til Bandaríkjanna í vinnuvistfræðiráðgjöf. Auk þess er ég oddviti og bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Vestmannaeyjum."

Lítið vitað um líkamann

Hildur segir hugmyndina að Leiðarvísi líkamans hafa kviknað í námi. „Hugmyndin fæddist þegar ég áttaði mig á í náminu hversu lítið ég vissi um líkamann, en þróaðist áfram þegar ég fór að sinna einstaklingum sem hefðu oftar en ekki að einhverju leyti getað komið í veg fyrir sín vandamál með meiri grunnþekkingu á líkamanum, líkamsstöðu og líkamsbeitingu."

Sagan að baki heiti verkefnisins er áhugaverð. „Ég gaf verkefninu nafnið Leiðarvísir líkamans því við fjárfestum á lífsleiðinni í fjölmörgum útskiptanlegum raftækjum, sem fylgja oftar en ekki þykkar leiðbeiningar um við hvaða aðstæður er best að nota græjuna, hvernig er hægt að auka líftíma hennar og hvað beri að gera ef algeng vandamál koma upp. Svo fæðumst við í þessu verkfræðiundri sem mannslíkaminn er, en honum fylgja engar notkunarleiðbeiningar. Samt er fjölmargt sem við getum gert til að tryggja betri endingartíma hans, til að koma í veg fyrir að við þurfum á varahlutum að halda og ýmislegt sem við getum gert án lyfja eða aðgerða þegar algeng vandamál koma upp," útskýrir Hildur.

Ætladi að skrifa bók

„Upprunalega hugmyndin var að skrifa sjálfshjálparbók, en vandamálið er að þeir sem kaupa sjálfshjálparbækur eru oftast þeir sem þurfa síst á aðstoðinni að halda, því þeir eru byrjaðir að huga að heilsunni. Þekkingarútbreiðslan væri þannig háð áhuganum á heilsueflingu."

Hildur leggur sérstaka áherslu á að ná til ungmenna. „Besta leiðin til að ná til flestra er í gegnum menntakerfið og því beini ég fræðslunni að elstu bekkjum grunnskóla og byrjaði í Grunnskólanum í Vestmannaeyjum. Það vatt upp á sig og ég fór að halda fyrirlestra og kynningar fyrir fjölmarga hópa og vinnustaði, ásamt því að halda úti vefsíðunni www.leidarvisirinn.is og fésbókarsíðunni Leiðarvísir líkamans. Fræðslan samanstendur af fjölbreyttum fróðleik, þar sem áhersla er á góða líkamsstöðu, líkamsbeitingu og vinnustellingar."

Hildur Sólveig Sigurðardóttir segir afar áríðandi að auka fræðslu um stoðkerfisvanda. MYND/SINDRIÓLAFSSON

Mikil vinna hefur farið í að búa til námsefni. „Ég þróaði námsefni fyrir grunnskólanemendur yfir langan tíma, hef nýtt mér reynslu, áhuga og samtöl við nemendur til að gera efnið áhugavert og eftirminnilegt. Mikilvægast er að nemendur átti sig á hvaða hag þeir hafa af því að tileinka sér það sem ég er að kenna þeim. Lokamarkmiðið er að þetta verði hluti af aðalnámskrá, enda hagnýt þekking, ekki bara fyrir nemendurna sjálfa, heldur atvinnulífið og heilbrigðiskerfið okkar til framtíðar," segir hún.

Styrkurinn mikilvæg hvatning

„Í vor fékk verkefnið úthlutun úr Lýðheilsusjóði Embættis landlæknis sem var mikilvæg hvatning til að halda áfram á þessari braut. Ég þróaði áfram námsefnið og spurningalista til að fá betri yfirsýn yfir þekkingu nemenda á líkamsstöðu og líkamsbeitingu. Ég hef fengið jákvæð viðbrögð úr skólaumhverfinu og er komin með marga áhugasama grunnskóla á verkefnalistann og hafa heilsueflandi grunnskólar forgang eins og er. Ég finn fyrir miklum áhuga nemenda og þakklæti og hvatningu frá kennurum sem ég er þakklát fyrir. Ég hef verið að skipuleggja skólaheimsóknir næstu mánaða en áhrif COVID hafa vissulega sett strik í reikninginn. Ég bíð því mjög spennt að komast aftur í að breiða út fagnaðarerindið."

Þá sé brýnt að huga að heilsunni um þessar mundir. „Það er fjölmargt sem við getum gert til að bæta líkamlega og andlega heilsu sem kostar lítið og það hefur sjaldan verið mikilvægara að stunda einhvers konar heilsueflingu."

Hér fyrir neðan eru nokkrar heilsubætandi hugmyndir frá Hildi.

- 30 mínútna ganga í náttúrunni
- Huga að vinnuaðstöðunni. Fyrir þá sem vinna skrifstofustörf skiptir skrifborðsstóll, skrifborð og staðsetning skjás miklu máli
- Brosa. Það veldur losun boðefna í heilanum sem hafa jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu. Gervibros gefa sömu áhrif og einlæg bros þó ekki í sama mæli. Það er góð heilsurækt að æfa bros.
- Gera góðverk og taktu þátt í sjálfboðastörfum eða félagsstarfi
- Huga að góðu mataræði og reglulegum nætursvefni
- Takmarka notkun ávanabindandi efna (áfengis og tóbaks)
- Ekki hika við að leita þér aðstoðar sjúkraþjálfara ef þú glímir við stoðkerfisverki

Við stöndum vörð um kaupendur og seljendur

**Í sýningum sem og á skrifstofunni virðum 2ja metra regluna,
sótthreinsum snertifleti og setjum upp grímur.
Við hlýðum þríeykinu í hvívetna og hvetjum alla til að gera slíkt hið sama.**

Garðar Hólm
s: 899-8811

Ragnheiður
s: 788-3069

Garðar K.
s: 853-9779

TRAUSTI fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

Guðlaug
s: 661-2363

TRAUSTI fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

Kristján
s: 867-3040

Viktoría Larsen
s: 618-5741

Styrmir Bjartur
s: 899-9090

Styrmir
s: 846-6568

Bára
s: 693-1837

TRAUSTI fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

TRAUSTI fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

Guðbjörg G.
s: 899-5949

Kristín María
s: 837-1177

Aðalsteinn Jón
s: 767-0777

Garðar B.
s: 898-0255

Ólafur Haukur
s: 866-1242

TRAUSTI fasteignasala
Vegmúla 4 | 108 Reykjavík | s.546-5050
trausti.is | trausti@trausti.is

Halldór
s: 660-5312

Hallgrímur
s: 896-6020

Einar Örn
s: 823-4969

Nanna Dröfn
s: 694-2494



Sólveig
s: 869-4879

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

VW Caddy 4/2019 ekinn aðeins 19 þ.km. Sjálfskiptur. Bensín / Metan umhverfisvænn gæðingur. Verð: 2.990.000 með vsk.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR EHF.
Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Getum bætt við okkur verkefnum innan og utanhús. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. Sigurður 896-5758.

MÁLARAR.
Faglærðir Málarar. Tökum að okkur alla almenna málningarvinnu. Sanngjarnt verð. S. 696 2748 og 782 4540 / loggildurmalari@gmail.com

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Heilsa

Heilsuvörur

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Tilkynningar

Tilkynningar

WWW.YAAKOVSWELL.NET
Here you will find a series of studies of the Blessed Torah. All the material is completely free. you may download it, copy it and give it away.

VERSLUNARTÆKNI
www.verslun.is
geiri
www.geiriehf.is
STÓREIDHÚS
Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Erum með til sölu geymsluskúra að Álhellu 14 Hafnarfirði. Afhending í desember 2020.

45 fm geymsluskúr á 14.900.000 kr
32 fm geymsluskúr á 9.900.000 kr
26,3 fm geymsluskúr á 8.500.000 kr

Nánari upplýsingar veitir Gunnar Bergmann í síma: 839-1600 eða gunnar@fasteignamidlun.is

TAKTIK 2528 #

GÓÐ BÓK ER GULLS ÍGILDI



Kindasögur - 2. bindi
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.499.-



Stigið á strik
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-

Þjóð gegn sjálfsvígum
TILBOÐSVERÐ: 5.399.-
Verð: 5.999.-

Dularfulla styttan og drengurinn sem hvarf
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð: 4.999.-



Gullráðgátan
TILBOÐSVERÐ: 3.799.-
Verð: 4.299.-



Lotta og börnin í Skarkalagötu
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-

Tíminn minn 2021
TILBOÐSVERÐ: 3.599.-
Verð: 3.999.-



Hundmann - Taumlaus
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð: 4.199.-



Randver kjarftar frá - Geggjað ævintýri
TILBOÐSVERÐ: 4.499.-
Verð: 4.999.-

Framúrskarandi fyrirtæki

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

PENNINN Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboðsverð gildir til og með 22. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

21. OKTÓBER 2020 MIÐVIKUDAGUR

†

Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Fríður Esther Pétursdóttir

Sóltúni 29, Selfossi,
áður Laugargerði, Biskupstungum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, laugardaginn 17. október. Útför hennar fer fram frá Selfosskirkju föstudaginn 23. október kl. 14. Vegna aðstæðna verða aðeins nánustu aðstandendur viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á vefsíðu Selfosskirkju.

Reynir Ásberg Níelsson
Pétur Hjaltason
Erlingur Hjaltason
Hafsteinn Hjaltason
Jakob Hjaltason
Guðbjörg Hjaltadóttir
Marta Hjaltadóttir
Rut Fjölnisdóttir
Sjöfn Ólafsdóttir
Anna Kristín Kjartansdóttir
Alice Petersen
Björgvin Snorrason
Þór Guðnason
og fjölskyldur.

†

Elskulegur eiginmaður minn,

Ástráður Ólafsson

lést 18. október á Ljósheimum, Selfossi. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Erla Þórhallsdóttir

†

Innilegar þakkir fyrir veitta samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar og tengdamóður,

Helgu Hansdóttur

Sléttuvegi 13,
Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk 3. hæðar norður á Hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun og hlýju.

Guðrún Þorsteinsdóttir
Sigrún Þorsteinsdóttir
Hans Ragnar Þorsteinsson
Sveinn Þorsteinsson
Friðrik G. Olgeirsson
Brynjólfur Markússon
Helga Laufdal
Heiða Lára Eggertsdóttir

†

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru

Kristínar H. Pálsdóttur

hjúkrunarfræðings,
Skipalóni 24, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk á krabbameins- og líknardeildum Landspítalans sem og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins fyrir hlýhug og góða umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Guðmundur Friðrik Sigurðsson
Sigrún Sveinbjörnsdóttir
Páll Arnar Sveinbjörnsson
Þröstur Sveinbjörnsson
Jónas Hagan Guðmundsson
Magnús Friðrik Guðmundss.
Michael Ted Lawson
Henny María Frímannsdóttir
Valgerður Jóna Jónbjörnsd.
Jóhanna Sævarsdóttir
Becky Guðmundsson
og barnabörnin tólf.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055 .

Túlka skólasögu á sýningu

Lesið í nesið er árlegt haustverkefni í Álftanesskóla sem endar með sýningu. Í haust var þemað hin 140 ára skólasaga Álftaness og sýningin sett upp í gluggum skólans.

„Við ákváðum að rifja upp 140 ára skólasögu Álftaness og skoða staðina sem skólarnir voru á," segir Erna Ingibjörg Pálsdóttir, skólastjóri Álftanesskóla, er hún lýsir útikennsluverkefni skólans, Lesið í nesið, þetta haustið. Hún segir barnafræðslu hafa byrjað í lítilli skólastofu á Bessastöðum, sem Grímur Thomsen hafi lánað. Svo hafi orðið til farskólar og litlir sveitaskólar, einn á Hausastöðum, síðan annar á Bjarnastöðum. „Svo kom Álftanesskóli til sögunnar og hann hefur oft verið stækkaður og endurbættur," segir hún og upplýsir að nemendur í ár séu 412.

„Við vorum að taka í notkun viðbyggingu og ætluðum að sameina vígslu hennar og myndlistarsýningu nemenda, sem jafnan er haldin að loknu haustverkefni. Vegna veirunnar varð niðurstaðan sú að setja sýninguna upp í glugga skólans, ásamt texta. Krakkarnir voru búnir að æfa skólasönginn og kryfja en í stað þess að hann sé sunginn á samkomu tvinnast hann inn í myndirnar. Það er heilmikið í sýninguna lagt. Allir nemendur tóku þátt í undirbúningi hennar og fengust við ólík verkefni eftir skólastigum." – gun

Erna Ingibjörg Pálsdóttir skólastjóri.

Fegurð og fróðleikur. MYND/AÐSEND

†

Ástkær unnusta mín, móðir, dóttir og systir,

Kristín Ósk Hallgrímsdóttir

lést þann 3. október eftir langvarandi og erfið veikindi. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á styrktarreikning fyrir börnin hennar hjá Voninni hjálparstarfi í banka 0322-26-003897, kt. 530717-1350. Jarðarför verður auglýst síðar.

Hafsteinn Þór Harðarson
Hörður Þór, Jakob Jóhannes, Guðný Ósk, Ísabella Ósk, Hafdís Ósk

†

Þökkum innilega auðsýnda samúð og kærleik við andlát og útför elsku hjartans móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

Svövu Lilju Valdimarsdóttur

áður til heimilis að Hrísmóum 1, Garðabæ.

Sérstakar þakkir fær allt starfsfólk Bylgjuhrauns, Hrafnistu Hafnarfirði, fyrir alla ykkar umönnun, hlýhug og kærleik í garð móður okkar.

Jónfríður Loftsdóttir
Valdimar Arnfjörð Loftsson
Sóldís Elfa A. Loftsdóttir
Sigrún Linda Loftsdóttir
Svala Rós Loftsdóttir
Øivind Smebye
Ingibjörg D. Baldursdóttir
Hörður Jónsson
Sigurður Óli Ólason
Bjarni Gunnarsson
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Magnús Ólason

skipstjóri,
Hríseyjargötu 19, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri föstudaginn 16. október. Útförin fer fram mánudaginn 26. október kl. 13.30 í Akureyrarkirkju. Í ljósi aðstæðna verða einungis nánustu ættingjar og vinir viðstaddir. Streymt verður frá athöfninni á Facebook-síðunni Jarðarfarir í Akureyrarkirkju, beinar útsendingar. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heimahlynningar, Heimahjúkrunar og lyfjadeildar SAk.

Borghildur Kristbjörnsdóttir
Kristinn Magnússon
Svala Gígja Magnúsdóttir
Óli Magnússon
Ásta Guðný Kristjánsdóttir
Kristjana Guðrún Halldórsdóttir
Gústaf Adolf Þórarinsson
barnabörn og barnabarnabörn.



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Gréta Frederiksen

áður til heimilis að Vallargötu 21, Sandgerði,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, laugardaginn 10. október. Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju föstudaginn 23. október kl. 13. Í ljósi aðstæðna munu einungis nánustu aðstandendur vera viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á: https://www.facebook.com/olinaalda.karlsdottir Þökkum auðsýnda samúð og hugheilar þakkir til starfsfólks Nesvalla í Reykjanesbæ.

Ólína Alda Karlsdóttir
Snæfríður Karlsdóttir
Margrét Helma Karlsdóttir
Reynir Karlsson
Karl Grétar Karlsson
Alda Karlsdóttir
Guðfinnur Karlsson
Pétur Guðlaugsson
Karl Ólafsson
Júlía Óladóttir
Margrét Jónasdóttir
Dante Kubischte
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.

†

Ástkæra eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

Amalía Berndsen

Lundi 7, Kópavogi,

lést á Líknardeild Landspítalans sunnudaginn 18. október.

Sveinbjörn Þór Haraldsson
Inga Björk Sveinbjörnsdóttir
Haraldur Þór Sveinbjörnsson
Berglind Berndsen Sveinbjörnsdóttir
Ágúst Heiðdal Friðriksson
Edda Þöll Hauksdóttir
Steinar Valur Ægisson
og barnabörn.

†

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Sigurður Þorsteinsson

bóndi,
Heiði, Biskupstungum,

verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn 23. október kl. 14. Vegna aðstæðna í þjóðfélaginu geta aðeins nánustu aðstandendur verið viðstaddir athöfnina. Athöfninni verður streymt á facebook-síðu Skálholts.

Ágústa Sigríður Sigurðardóttir
Þorsteinn Sigurðsson
Guðmundur Bjarnar Sigurðsson
Brynjar Sigurgeir Sigurðsson
Gísli Þórarinsson
Abigael Sörine Kaspersen
Guðríður Egilsdóttir
Marta Sonja Gísladóttir
og fjölskyldur.

ZWIESEL GLAS

RIEDEL
THE WINE GLASS COMPANY

GLAS VÍNSÉRFRÆÐINGSINS
FÆST Í VOGUE FYRIR HEIMILIÐ

GOTT GLAS GERIR GOTT VÍN ENN BETRA

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | 533 3500 | VOGUE.IS

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Suðaustan 5-13 í dag og dálítil rigning eða slydda öðru hvoru, en hægara og þurrt eystra með hita kringum frostmark. Hiti -2 til 4 stig að deginum.

Staður	°C	m/s
Reykjavík	4	3 ↑
Ísafjörður	0	2 ↖
Akureyri	3	2 ↖
Egilsstaðir	1	1 ↗
Kirkjubæjarkl	1	1 ↗
Hveravellir	-2	5 ↑

Fimmtudagur

Staður	°C	m/s
Reykjavík	3	8 ↖
Ísafjörður	1	6 ↖
Akureyri	2	2 ↑
Egilsstaðir	2	3 ↘
Kirkjubæjarkl	3	9 ←
Hveravellir	-2	9 ↑

Föstudagur

Staður	°C	m/s
Reykjavík	7	6 ↙
Ísafjörður	2	6 ↙
Akureyri	1	2 ↙
Egilsstaðir	2	3 ↙
Kirkjubæjarkl	2	4 ↙
Hveravellir	0	9 ↙

LÉTT

	8					3	1	
	9							4
	4	1	5	9			2	8
			8	1		6		
				6	2			
		2			4		3	
	7	6		8				
9								
1	3	8	9	2	7		5	

MIÐLUNGS

			3	9	5			
			2				8	3
		5						6
5		4	6	2				
		3	4			2		
9	1			7			4	
1			8	6			2	
2		8						
	9					8		

ÞUNG

		4	9				7	
5	9				7	2	4	
2						5		1
			2		3		1	5
		8						
1			4	6				
9								
		1	5	9		6		
4		3			8	7		

Krossgáta

LÁRÉTT
1 mörg
5 litþrota
6 tveir eins
8 einsetumaður
10 tveir eins
11 gönuhlaup
12 úrgangur
13 mokað
15 granaldin
17 gera

LÓÐRÉTT
1 meira
2 viðureign
3 stafur
4 sannfæringar
7 skrapast
9 molna
12 tala
14 þar til
16 sýl



LÁRÉTT: 1 flest, 5 ren, 6 rr, 8 einbúi, 10 kk, 11 ras, 12 sorp, 13 rutt, 15 ananas, 17 skalt
LÓÐRÉTT: 1 frekara, 2 leik, 3 enn, 4 trúar, 7 rispast, 9 brotna, 12 stak, 14 uns, 16 al

Skák

Gunnar Björnsson

Ferces átti leik gegn Franco í Lugano árið 1987.

1...Dh3! 2. Rxf7+ Kh7 3. gxh3 g2+ 4. Kg1 Rxh3# 0-1.

Ný bók Guðmundar G. Þórarinssonar um einvígi Fischers og Spassky er komin út. Áritað eintak má nálgast á sértilboði og með frírri heimsendingu á skak.is. Skáksambandið hittist á stjórnarfundi í gær og lagði drög að dagskrá sambandsins til áramóta.

www.skak.is: Bók um einvígi allra tíma!

Svartur á leik

2	9	8	3	6	1	5	7	4
7	5	1	8	2	4	9	6	3
3	6	4	5	7	9	1	8	2
9	1	6	4	3	7	2	5	8
4	7	2	6	8	5	3	1	9
5	8	3	9	1	2	6	4	7
6	2	9	1	4	8	7	3	5
8	3	5	7	9	6	4	2	1
1	4	7	2	5	3	8	9	6

3	4	9	8	7	1	6	5	2
5	7	8	6	4	2	9	3	1
1	2	6	9	3	5	7	4	8
6	8	3	1	9	4	5	2	7
2	5	4	3	6	7	1	8	9
7	9	1	2	5	8	3	6	4
4	3	2	7	1	6	8	9	5
8	6	7	5	2	9	4	1	3
9	1	5	4	8	3	2	7	6

4	2	5	1	3	9	6	7	8
6	8	3	7	2	4	9	1	5
7	9	1	5	6	8	2	4	3
9	6	8	2	4	5	1	3	7
1	3	2	6	8	7	5	9	4
5	4	7	9	1	3	8	6	2
8	5	4	3	9	6	7	2	1
2	7	9	4	5	1	3	8	6
3	1	6	8	7	2	4	5	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Eyrún Ingadóttir hefur skrifað sögulega skáldsögu um einn kunnasta náttúruverndarsinna Íslands. MYND/VERÖLD

Einþykk og félagsfælin kona

Konan sem elskaði fossinn er söguleg skáldsaga eftir Eyrúnu Ingadóttur sagnfræðing. Aðalpersónan er Sigríður í Brattholti.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Sigríður í Brattholti er aðalpersónan í sögulegri skáldsögu Eyrúnar Ingadóttur, Konan sem elskaði fossinn. Sigríður er einn kunnasti náttúruverndarsinni Íslandssögunnar.

Eyrún segir áhuga sinn á Sigríði hafa vaknað árið 1992 þegar hún var að ljúka námi í sagnfræði við Háskóla Íslands. „Þá skrifaði ég svokallaða „BA-ritgerð hina minni“ um Sigríði. Upp úr henni skrifaði ég síðan grein sem var birt í jólalesbók Morgunblaðsins árið 1993 og Sigríður hefur svolítið fylgt mér síðan, enda merkilegt að kona skuli hafa barist gegn virkjun Gullfoss á fyrstu árum 20. aldar með öllum færum leiðum og hótað að henda sér í fossinn við fyrstu skóflustungu. Í febrúar næstkomandi verða 150 ár liðin síðan Sigríður fæddist og ég held að hennar tími sé loksins kominn.“

Spurð hvernig persóna Sigríður hafi verið segir Eyrún: „Sigríður var með ríka réttlætiskennd, listræn, dugleg en jafnframt einþykk og félagsfælin. Gullfossmálaferlin voru ekki fyrsta deilan sem hún lenti í, en bændur í sveitinni kærðu hana til sýslumanns Árnesinga fyrir að rífa niður gaddavírsgirðingu sem þeir höfðu byrjað að girða fyrir ofan Brattholt, milli Tungufljóts og Hvítár. Það er stórmerkilegt að kona á þessum tíma hafi risið upp gegn valdinu, ferðast ein síns liðs langar leiðir og lagt á sig ómælt erfiði til að koma í veg fyrir eyðileggingu Gullfoss.“

> **ÞAÐ ERU EYÐUR Í SÖGU SIGRÍÐAR SEM ER GRÍÐARLEGA ÁHUGAVERT AÐ FÁST VIÐ Í SÖGULEGRI SKÁLDSÖGU.**

Frelsi til að skálda

Eyrún, sem er sagnfræðingur, sendi árið 2012 frá sér sögulegu skáldsöguna Ljósmóðirin, sem hlaut góðar viðtökur. Hún er spurð af hverju hún hafi ákveðið að skrifa skáldsögu um Sigríði en ekki fræðibók. „Skáldsöguformið heillar mig, að geta gætt persónur lífi, getið mér til um skoðanir þeirra og hugsanir. Það gefur mér einnig mér frelsi til að skálda í eyðurnar. Það eru eyður í sögu Sigríðar sem er gríðarlega áhugavert að fást við í sögulegri skáldsögu, til dæmis af hverju faðir hennar leigði Gullfoss fyrir lítið fé til 150 ára, til ársins 2062, í stað þess að selja hann fyrir stórfé. Eins, hvers vegna Einar fósturbróðir hennar sveik hana er hann seldi Gullfoss ríkinu árið 1945. Skáldsagan höfðar til mun stærri lesendahóps og mig langar auðvitað að verkin mín séu lesin sem víðast.“

Um heimildavinnu við gerð skáldsögunnar segir Eyrún: „Ég fylgi heimildunum svo langt sem þær ná, en leyfi mér jafnframt að skálda inn í þegar sagan krefst þess. Það er áskorun að fara úr forminu sem sagnfræði setur – að þekkja reglurnar en fara ekki eftir þeim. Að sama skapi setur það mér ákveðnar skorður að fjalla um fólk sem einu sinni var og því fylgir ábyrgð sem ég er vel meðvituð um. Ég setti síðan „aflátsbréf sagnfræðingsins“ aftast; það er að segja lista með helstu heimildum sem áhugasamir geta skoðað.“

Lygilegur raunveruleiki

Tímarammi skáldsögunnar er frá 1904 til 1975 en Sigríður fæddist árið 1871 og dó haustið 1957. „Sagan hefst eiginlega þegar Sigríður fer að hafa afskipti af málum í sveitinni sem misbuðu réttlætiskennd hennar. Auk þess að vera sögð út frá sjónarhóli Sigríðar, þá er sagan einnig sögð út frá fleiri persónum sem áttu í samskiptum við Sigríði og fjölskyldu hennar. Svo koma margir við sögu, til dæmis Sveinn Björnsson fyrsti forseti lýðveldisins, en hann var lögfræðingur Sigríðar og föður hennar í Gullfossmálaferlunum. Prestshjónin á Torfastöðum, séra Eiríkur Þ. Stefánsson og frú Sigurlaug Erlendsdóttir, koma einnig mikið við sögu en þau voru miklir velvildarmenn Sigríðar.

Stundum er raunveruleikinn lygilegri en skáldskapurinn og allar persónurnar eru sprottnar úr raunveruleikanum. Ég breytti einstaka nöfnum og hnikaði til tíma, allt til þess að láta söguna njóta sín.“

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

93.000

Íslendingar lesa Fréttablaðið daglega að meðaltali.*

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma **550 5050** eða sendu tölvupóst á **orn@frettabladid.is.**

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

*Prentmæling Gallup, 12 - 80 ára, okt. - des. 2019, Mannfjöldatölur Hagstofu Íslands 2019

FRÉTTABLAÐIÐ – MEST LESNA DAGBLAÐ LANDSINS

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

HRINGBRAUT

20.00 Sólheimar 90 ára Sólheimar í Grímsnesi fagna 90 ára afmæli í ár. Sýnt frá afmælishátíðinni í júlí í sumar. Umsjón: Linda Blöndal.
20.30 Viðskipti með Jóni G. Í viðskiptaþættinum með Jóni G. Haukssyni er rýnt í verslun og viðskipti landsmanna með aðstoð sérfræðinga og stjórnenda atvinnulífsins.
21.00 21 - Fréttaþáttur á miðvikudegi 21 er upplýsandi umræðu- og fréttaskýringaþáttur undir stjórn þeirra Lindu Blöndal og Sigmundar Ernis með áherslu á innlendar og erlendar fréttir, þjóðmál, menningu og lífsreynslu.
21.30 Saga og samfélag Þáttur þar sem málefni líðandi stundar verða rædd í sögulegu samhengi og vikið að nýjustu rannsóknum fræðimanna á margvíslegum sviðum.

RÚV SJÓNVARP

09.00 Heimaleikfimi
09.10 Kastljós
09.25 Menningin
09.30 Spaugstofan 2006 - 2007
09.55 Úr Gullkistu RÚV. Með okkar augum
10.20 Grínistinn Laddi eins og hann leggur sig
11.00 Umræðuþáttur um COVID-19
11.50 Heimaleikfimi
12.00 Kona er nefnd Aðalbjörg Sigurðardóttir
12.35 Sætt og gott
12.55 Á tali hjá Hemma Gunn 1993-1994
14.20 Viktoría
15.05 Gettu betur 2016 MR - Kvennó
16.25 Ferðir víkinga
17.20 Poppkorn 1987
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 KrakkaRÚV
18.01 Hrúturinn Hreinn
18.08 Kúlugúbbarnir
18.30 Hæ Sámur
18.37 Rán og Sævar
18.48 Minnsti maður í heimi
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin
20.00 Kiljan
20.40 Kæra dagbókKære dagbog
21.10 Haltu mér, slepptu mér Cold Feet
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Forgarður Vítis. Eitraður úrgangur A. Bloshie - Forecourt of Hell
23.10 Í eldlínunni. (Um)bylting í eldhúsinu The Heat. A Kitchen (R) evolution
00.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

06.45 PGA Tour 2020 Útsending frá The CJ Cup @ Shadow Creek.
09.50 PGA Highlights 2020
10.45 European Tour 2020 Útsending frá Scottish Championship.
15.15 LPGA Tour 2020 Útsending frá Shoprite Classic.
18.15 Champions Tour Highlights 2020
19.10 European Tour 2020 Útsending frá Scottish Open á Evrópumótaröðinni.
00.40 European Tour - Highlights
01.10 PGA Special. The Alamo 2020

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
12.30 Dr. Phil
13.15 The Late Late Show
14.00 Single Parents
14.25 The Block
15.40 90210
16.30 Family Guy
16.50 The King of Queens
17.10 Everybody Loves Raymond
17.35 Dr. Phil
18.20 The Late Late Show
19.05 The Good Place
19.30 American Housewife
21.00 Transplant
21.50 68 Whiskey
22.20 Love Island Bráðskemmtileg raunveruleikasería þar sem eldheitir einstaklingar fá tækifæri til að finna ástina í fjörugum leik.
23.15 The Late Late Show
00.15 Blue Bloods
01.00 Law and Order. Special Victims Unit
01.45 Tommy Spennandi þátta-röð með Edie Falco í aðalhlutverki. Hún er fyrsti kvenkyns lögreglustjórinn í Los Angeles en starfið er krefjandi og það eru mörg ljón í veginum.
02.30 How to Get Away with Murder
03.15 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Listahátíð í Reykjavík 50 ára
15.00 Fréttir
15.03 Svona er þetta
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Hlustaðu nú!
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan. Sólon Íslandus (9 af 32)
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

11.00 Middle School
12.30 A Dog's Way Home
14.00 My Cousin Vinny
15.55 Middle School
17.25 A Dog's Way Home
19.00 My Cousin Vinny
21.00 Skyscraper
22.40 Loving Pablo
00.40 Life Itself
02.35 Skyscraper

STÖÐ 2

07.55 Heimsókn
08.10 The Good Doctor 3
09.05 Bold and the Beautiful
09.25 Gilmore Girls
10.05 Feðgar á ferð
10.30 Masterchef USA
11.10 Brother vs. Brother
11.50 Fósturbörn
12.10 Stelpurnar
12.35 Nágrannar
12.55 Falleg íslensk heimili
13.20 Á uppleið
13.50 Grand Designs
14.35 Gulli byggir
15.00 Hvar er best að búa?
15.40 Kórar Íslands
16.50 Asíski draumurinn
17.35 Bold and the Beautiful
18.00 Nágrannar
18.26 Veður
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.50 Sportpakkinn
18.55 Ísland í dag
19.05 Víkinglottó
19.10 Ísbíltúr með mömmu
19.35 10 Years Younger in 10 Days
20.25 The Commons
21.15 The Deceived
22.05 Sex and the City
22.35 Barry
23.05 LA's Finest 2
23.55 NCIS. New Orleans
00.40 Shrill
01.05 Shrill
01.25 Shrill
01.50 Shrill
02.10 The Bold Type
02.50 The Bold Type
03.35 The Bold Type

STÖÐ 2 FJÖLSKYLDA

08.00 Barnaefni
20.00 Friends
20.20 Friends
20.45 Mom
21.05 Warrior
21.50 His Dark Materials
22.45 Friends
23.10 Ríkið
23.30 Friends
23.50 High Maintenance
00.20 Mom

STÖÐ 2 SPORT

09.00 Meistarakeppni kvenna. Skallagrímur - Valur
10.30 Bestir í boltanum. Brooklyn
11.30 Snæfell - Keflavík Útsending frá leik 3 í úrslitaeinvígi Dominos deildar kvenna árið 2015.
12.50 Snæfell - Keflavík
13.25 Dominos Körfuboltakvöld
14.45 HK - KR
16.25 11. umferð
17.55 UCL Classic Matches Eftirminnilegir leikir úr sögu Meistaradeildar Evrópu rifjaðir upp.
18.50 Bayern München - Atletico Madrid Bein útsending.
20.50 Meistaradeildin – Saga Zinedine Zidane
21.15 Hermann Hreiðarsson
21.50 Dynamo Kiev - Juventus
23.30 Ajax - Liverpool

STÖÐ 2 SPORT 2

06.40 Preston North End - Cardiff
08.20 Football League Show
08.50 Torino - Cagliari
10.30 Chelsea - Sevilla
12.25 Dynamo Kiev - Juventus
14.10 Lazio - Dortmund
15.50 PSG - Manchester United
17.30 Meistaradeildarmörkin
18.10 The Fifth Quarter
18.30 Meistaradeildarmessan
21.00 Meistaradeildarmörkin
21.40 Especial Clásico
22.10 Real Madrid - Shakhtar Donetsk
23.50 Manchester City - Porto

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radió
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

Í KVÖLD 19:10

Ísbíltúr með mömmu

Mæðginin Edda Björgvins og Björgvin Franz reyna að skapa gæðastundir með því að fara í vikulegan ísbíltúr. Saman gera þau upp fortíðina með sprenghlægilegum upprifjunum úr æsku þeirra þar sem stjórnsemi Eddu og kvíðaþrungin þráhyggja Björgvins hafa gjarnan sett strik í reikninginn. Þetta er hjartahlýr þáttur, uppfullur af húmor, hlátri og gleði .....já og auðvitað ís.

Tryggðu þér áskrift í dag á **stod2.is**

Hundalíf Þráins Bertelssonar

Franski bolabíturinn **Theobald** og **Þráinn Bertelsson** hafa í tæp fjögur ár rætt lífið og tilveruna í daglegum gönguferðum, en Þráinn hefur nú tekið saman ýmsar vangaveltur þeirra og stöku niðurstöður í bókinni Hundalíf… með Theobald.

Þráinn uppgötvaði í vor, sér til skelfingar, að 50 ár eru síðan fyrsta bókin hans kom út. „Það er nú athyglisvert, sko. Maður gefst ekki upp og það er bara voðalega gaman að því. Það finnst Theobald að minnsta kosti því hann er fjögurra ára og á þá töluvert eftir af sínum rithöfundarferli.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þannig var að af öllu því sem lífið hefur fært mér er það ef til vill ellin sem hefur komið mér mest á óvart – allt í einu vorum við hjónin orðin tvö ein eftir í kotinu. Aldurinn hafði færst yfir okkur, kannski af meiri þunga en gengur og gerist vegna tveggja áratuga baráttu hennar Sólveigar minnar við parkinsonssjúkdóminn.“

Svona lýsir Þráinn Bertelsson, rithöfundur, kvikmyndagerðarmaður og fyrrverandi alþingismaður svo fátt eitt sé nefnt, aðdragandanum að kynnum hans og hvolpsins Theobalds í bókinni Hundalíf… með Theobald. Hann heldur síðan áfram og fikrar sig nær stjörnu bókarinnar. „Þá datt okkur í hug að kannski væri það heillaráð að finna kátan hvolp og gá hvort hann gæti ekki aukið fjör og gleðskap á heimilinu.“

HANN HEFUR ENGA PRAKTÍSKA ÞÝÐINGU EN HANN GERIR LÍFIÐ BETRA OG SKEMMTILEGRA.

Eins og listamaður

„Og við völdum þennan og hann hefur alveg skilað sínu og umfram væntingar, því að það er daufur dagur ef maður hlær ekki að minnsta kosti einu sinni á dag að honum,“ segir Þráinn og bendir á Theobald sem hefur tekið að sér að þrífa gólfið undir kaffiborðinu með talsverðum fyrirgangi.

„Hann er alveg yndislegur,“ heldur Þráinn áfram og víkur að náttúrlegum hæfileikum franska bolabítsins. „Allar hundategundir eru sérfræðingar í einhverju; að smala eða leita að eiturlyfjum eða týndu fólki, eða gelta þegar það koma glæpamenn eða eitthvað svoleiðis. En þessi tegund er ekki sérfræðingur í neinu, nema bara að vera til skemmtunar og það þýðir ekkert að segja honum fyrir verkum; gá að kindum eða eitthvað svoleiðis. Sækja Moggann eða inniskóna. Það bara er ekki hans fag.

Hann er náttúrlega eins og listamaður. Hann er gjörsamlega gagnslaus. Hann hefur enga praktíska þýðingu en hann gerir lífið betra og skemmtilegra og það er nú kannski það …“

Þráinn heldur áfram eftir augnabliks hlé. „… að lífið verður ekki léttara eða einfaldara með tímanum í mörgum tilvikum, svo að það er afskaplega gott að fá einhverja aðstoð við að halda haus,“ segir Þráinn um unga hundinn sem hefur verið besti vinur gamla mannsins í næstum fjögur ár.

Bestu stundirnar

Þeir félagarnir hafa saman lagt að baki ófáa kílómetra á daglegum gönguferðum sínum, hugsað enn fleiri hugsanir og látið ófá orð falla sem Þráinn hefur séð um að skrásetja, meðal annars í krafti aldurs og fyrri starfa. Því er þó haldið vandlega til haga að allt er þetta gert með fullu samþykki Theobalds sem unnir sínum tvífætta félaga ýmissa dynta.

Líklega er það síðan ágætis dæmi um að einhver þráður liggur í gegnum lífsins skrykkjótta gang, að með bókinni bætist Hundalíf… með Theobald við höfundarverk leikstjóra kvikmyndanna Nýtt líf, Dalalíf og Löggulíf.

„Það eru náttúrlega kannski bestu stundirnar,“ segir Þráinn um gönguferðirnar sem hafa reynst þeim félögum svo drjúgur innblástur. „Við förum út daglega. Bara til að hlaða batteríin. Við erum nú reyndar orðnir tveir einir í kotinu. Sólveig mín er komin á hjúkrunarheimili. Við heimsækjum hana reyndar daglega, en núna eru einhver vandamál með það út af þessu COVID-fári en við förum daglega út að ganga.

Óhjákvæmileg hreyfing

Við spjöllum náttúrlega eins og dagurinn er langur, en þessi útivist er mjög gefandi. Það er náttúrlega hvatning fyrir mann að fara út með hundinn ef maður les út úr augnaráðinu: „Við skulum koma út þó það sé ekki gott veður því að annars kúka ég á gólfið hjá þér.“ Og ekki vil ég láta það henda vin minn að gera svoleiðis. Svo það er engin undankomuleið,“ segir Þráinn og hlær.

„Það er bara svo miklu meira gaman að vera úti með honum heldur en einn, af því að hann les náttúruna og umhverfið á allt annan hátt heldur en ég og það er alltaf mjög gaman að fá að taka þátt í því.“

Óðruvísi áhrifavaldur

Gönguferðir og heimspekilegar vangaveltur þeirra félaga vöktu fyrst athygli á Facebook, þar sem Þráinn hefur um skeið birt bæði myndir og stuttar skýrslur af daglegu brölti þeirra Theobalds.

Þar hefur aðdáendum Theobalds fjölgað jafnt og þétt og segja má að þeir félagar hafi vegna fjölda áskorana fært hugleiðingar sínar af Facebook á prent.

„Já, já, það er massífur aðdáendahópur sem Theobald á og heimtar stöðugt fréttir og frásagnir af því sem frá honum kemur um aðskiljanlegustu hluti. Allt frá bara að hafa skoðun á einhverjum atburðum og eða sjálfstæðar heimspekilegar athuganir. Því hefur verið voða vel tekið og gaman af því,“ segir Þráinn, en vill þó ekki draga hundinn í dilk með öðrum áhrifavöldum svokölluðum.

Spennandi tilraun

„Facebook er náttúrlega nýr miðill, með kostum og göllum eins og fjölmiðlar eru,“ segir Þráinn og víkur að því að þegar eitthvað sniðugt er skrifað á Facebook heyrist enn af og til sú gamla upphrópun „þetta verður að koma út á bók!“. Og að það verði nú endilega að gefa þetta út og svo framvegis.

„En bókaútgáfa og að skrifa bækur er sérstök veröld þar sem gilda sérstök lögmál sem eru ekki nákvæmlega þau sömu og gilda á Facebook og mér fannst svolítið spennandi að athuga hvort það væri hægt að færa eitthvað af þessum skrifum okkar úr einum miðli á annan. Eins og að gera bók að leiksýningu eða kvikmynd og það er nú sú tilraun sem þessi bók er. Hvort eitthvað sem byrjar í einhverjum miðli getur staðið og staðið sig í öðrum miðli.“

Einhvers konar ævisaga

Þráinn segist líta á Hundalíf… með Theobald sem þriðja bindi og þá einhvers konar lokakafla brotakenndrar ævisögu sem hófst með bókinni Einhvers konar ég 2003 og hélt áfram með Ég, ef mig skyldi kalla. Seinþroskasaga frá árinu 2008.

„Svona af minni hálfu þá finnst mér ágætt að skrifa einhver brot úr ævisögu. Eitt um bernskuna og svo eitt um rótleysisárin þegar maður er orðinn fullorðinn tæknilega séð, en áður en ég var búinn að taka nokkra stefnu í lífinu. Og þá finnst mér ágætt að ljúka þeim ævipælingum á þessu, sem að vissu leyti er þá nokkurs konar lokabindi í ævisögu,“ segir Þráinn um nýju bókina.

„Hún inniheldur ýmsar niðurstöður sem mér hefur þótt eiga erindi til Theobalds, því hann er töluvert yngri en ég og að láta hann þannig verða aðnjótandi þeirrar reynslu sem ég hef og kynna fyrir honum þær fáu niðurstöður sem ég hef komist að í sambandi við lífið. Svo þetta er svona eins konar ævisaga eða kafli í einhvers konar ævisögu.“

Sannur vinur

Þegar Þráinn er spurður hvort Theobald sé alveg á sömu blaðsíðu í þessum pælingum, segist hann hreinlega ekki vita það. „Hann er nú ekki frekar en aðrir neitt sérstaklega áhugasamur um að læra af reynslu annarra, en eins og vinir eiga að gera þá leyfir hann mér að komast upp með að deila einhverju minningaþrasi með sér.

Hann umber mig ágætlega eins og vinir eiga að gera, en það er nú ekki í eðli þessarar tegundar hunda nein sérstök þjónustulund. Þeir hafa ekki þessa hundslegu undirgefni og eru í raun og veru býsna líkir því sem kettir geta verið,“ segir Þráinn um lundarfar síns trygga félaga og gervalls kyns hans.

Hugsandi hundur

„Þeir eru afskaplega sjálfstæðir og þrjóskir og velja úr með mikilli gagnrýni hvað þeir vilja gera, hvað þeir vilja þýðast, hverjum þeir vilja hlýða og hvað þeir vilja undirgangast. Þeir athuga það mjög vel hvort þetta er skynsamlegt, hvort þetta er hagstætt á einhvern hátt fyrir þá, þjónar þeirra hagsmunum að gegna þessu. Eða hvort það verður eitthvað brjálað vesen ef þeir gegna því ekki.

Svo þetta eru hugsandi hundar. Það er engin spurning um það. En aðallega er nú sá boðskapur sameiginlegur með okkur báðum, að okkur finnst það vera allt að því skylda okkar, úr því að við erum lifandi verur, að reyna að finna einhverja gleði og ánægju í því að vera til,“ segir Þráinn og er kominn býsna nærri kjarna málsins þegar hann víkur að því ómótstæðilega ævintýri sem tilveran er í okkar sameiginlega táradal.

„Vegna þess að þetta er náttúrlega mikið ævintýri sem maður fær að taka þátt í. Það fá ekki allir að vera lifandi verur. Maður sér það bara daglega. Gangstéttarhella, ljósastaur, bíll. Allt í kringum okkur fær bara aldrei að prófa að vera lifandi verur og þá er það eiginlega skylduverk að hafa einhverja ánægju af þessu og út á það ganga nú margar athuganir okkar. Dýr eru alveg ótrúlegir mannþekkjarar,“ heldur Þráinn áfram.

Dýrið í manninum …

„Þau dýr sem ég þekki; hestar og hundar og kettir. Ég veit það ekki. Það virðist að þessar pælingar um dýr eigi að sínu leyti erindi við fólk af því að það segjast allir vera dýravinir.

En ég veit ekki hvað það er djúpt á því, en það er ótrúlega heillandi ef maður nær góðu sambandi við einhverja manneskju. Það er mjög heillandi og sumir bindast ákveðnum manneskjum ævilangt af því að sambandið er svo gott, en á sama hátt þá er alveg hægt að ná sambandi við dýr. Mismiklu. En það er líka alveg stórkostleg upplifun þegar eiginlega dýrið í manninum nær sambandi við það mennska í dýrinu og öfugt. Þetta eru alveg stórkostlegar stundir,“ segir Þráinn um þau fjölmörgu augnablik sem hann hefur átt og heldur áfram að eiga með sínum unga vini, Theobald. **toti@frettabladid.is**

Hæ Samsung!

Nú færðu Samsung síma, snjallúr, snjalltæki, sjónvörp og heimabíó hjá okkur. Það er ekkert mál að skila eða skipta og auðvitað er verðvernd á tækjunum. Fáðu Samsung sent heim. Strax í dag!

HEIMKAUP.IS

SAMSUNG

Tónelsk tamningakona úr Landsveit

Á dögunum kom út lagið Tímamót, sungið og samið af tamninga- og tónlistarkonunni Fríðu Hansen. Hún segist hafa vera syngjandi frá því hún man eftir sér. Fríða samdi sitt fyrsta lag á níutíu ára gamalt fótstigið orgel þegar hún var einungis tíu ára gömul. Hún hefur verið í hestamennskunni frá barnæsku og kennir reiðmennsku.

Tónlistar- og tamningakonan Fríða Hansen gaf út á dögunum lagið Nútíminn og skemmtilegt myndband með. Fríða segist vera sveitastelpa í húð og hár, en hún starfar einnig sem tónlistar- og reiðkennari. Hún segist hafa sýnt tónlistinni áhuga snemma. Ein af hennar fyrstu minningum sé um sig syngjandi hástöfum í bílnum lagið Nú liggur vel á mér, með pabba sínum.

„Ég vildi helst hlusta á það aftur og aftur og söng hærra í hvert skipti, en þarna hef ég verið svona fimm ára, giska ég á," segir Fríða hlæjandi. „Í grunnskóla tók ég þátt í öllum söngkeppnum og leikritum, byrjaði að læra á blokkflautu eins og flestir íslenskir krakkar í 2. bekk og fór svo í gítar-, píanó- og söngnám á unglingsárunum. Samkvæmt systkinum mínum og foreldrum var ég afar kotroskinn krakki með fullorðinslegan orðaforða. Bókaormur og spekingur. Það fór aldrei lítið fyrir mér," bætir hún við.

Fríða, sem er mikill dýravinur, með íslenska fjárhundinum Sunnu á fallegum haustdegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

MIG LANGAR LÍKA AÐ VERA FYRIRMYND ANNARRA STELPNA OG KVENNA, SÝNA AÐ ALLT SÉ MÖGULEGT OG ÞAÐ AÐ VERA MAÐUR SJÁLFUR SKIPTI MESTU MÁLI.

Ástarjátning til lífsins

Tónlistin sem Fríða er að vinna þessa dagana er einhvers konar rólegheita popptónlist, að hennar sögn.

„Ég sem allt á íslensku. Textinn er yfirleitt spunninn út frá tilfinningum tengdum náttúrunni, veðráttunni og fólkinu í kringum mig. Eins og lagið mitt Tímamót. Það varð til á haustdögum fyrir nokkrum árum þegar farfuglarnir voru að kveðja, græna grasið að verða gult og hitastigið að detta niður fyrir frostmark. Þetta er einhvers konar ástarjátning til lífsins sem gengur sinn vanagang, það kemur alltaf haust eftir gott sumar og svo vor eftir veturinn. Ég þarf stundum að minna sjálfa mig á það. Lagið er popplag með djössuðu ívafi með fallegum texta, þó ég segi sjálf frá," segir hún.

Lagið Tímamót segir hún marka ákveðin tímamót í sínu lífi, en lagið er það fyrsta sem hún gefur út.

„Ég hef lengi verið á leiðinni að gefa út, en sambland af of frjóum huga og annríki á öðrum sviðum lífsins, hefur kannski aðallega staðið í vegi fyrir að ég hafi klárað þau lög sem ég á til. En ég vann lagið ekki ein, Stefán Þorleifsson, vinur minn til margra ára, spilaði inn píanóið og tók upp, og kom mér svo í samband við tónlistarmann búsettan í Kaupmannahöfn, Sigurdór Guðmundsson, sem bætti við bassaleik, hljóðblandaði og fullvann lagið. Mér finnst okkur bara hafa tekist nokkuð vel til," segir Fríða.

TEXTINN ER YFIRLEITT SPUNNIN ÚT FRÁ TILFINNINGUM TENGDUM NÁTTÚRUNNI, VEÐRÁTTUNNI OG FÓLKINU Í KRINGUM MIG.

Skemmtileg verkefni

Fríða samdi sitt fyrsta lag þegar hún var einungis tíu ára gömul og hefur því verið nokkuð lengi að, þrátt fyrir ungan aldur.

„Það var píanóverk, samið á orgel sem afi minn átti, fótstigið níutíu ára Mannborg stofuorgel. Ég kann það enn þá og mun vonandi geta notað það í framtíðinni í einhver verkefni. Fyrsti textinn sem ég samdi fæddist svo sennilega í fyrsta bekk, en ég var alltaf að skrifa sögur," segir hún.

Fríða segist vera með stór markmið fyrir næstu árin.

„Mig langar líka að vera fyrirmynd annarra stelpna og kvenna, sýna að allt sé mögulegt og það að vera maður sjálfur skipti mestu máli. Með því að láta mína eigin drauma rætast mun ég vonandi ná að hvetja aðra í kringum mig."

Hún segist vera með nokkur einstaklega skemmtileg verkefni í pípunum.

„Ég er að leggja lokahönd á lag sem ég er mjög spennt fyrir, og hef fengið ljóðskáldið og bókmenntafræðinginn Hörpu Rún Kristjánsdóttur, sem býr hérna hinum megin við ána, með mér í lið til að klára textann. Það að skapa er svo skemmtilegt að ég mun vonandi senda frá mér alls konar efni á næstu misserum," segir Fríða, sem kemur frá Leirubakka í Landsveit.

Nýtur náttúrunnar

Í sumar kom út lagið Lítið hús, með Hreimi úr Landi og sonum og Fríðu.

„Við það lag kom út myndband sem Eiríkur Hafdal tók upp. Ég áttaði mig þá á því að það að gera tónlistarmyndband þarf ekki að vera jafn flókið og ég hafði haldið, og ákvað að heyra í Eiríki aftur með myndbandsgerð við lagið mitt. Við ákváðum að taka það upp í Heiðmörkinni, niðri við Ellíðavatn. Það var mjög skemmtilegt, fengum fallegan dag og náðum góðum skotum með dróna og myndavél," segir hún.

Eins og áður kom fram hefur Fríða lengi verið í hestamennsku.

„Ég hef verið á hestbaki síðan ég var barn og verið að þjálfa og keppa alla tíð síðan. Ég er sem sagt menntaður reiðkennari og tamningakona frá Háskólanum á Hólum og hestamennskan á nánast hug minn allan þegar ég er ekki að vinna við tónlistina. Mér finnst nauðsynlegt að eiga fjölbreytt líf og þessi tvö áhugamál og lifibrauð vinna enn þá mjög vel saman. Ég er líka mikil útivistarkona, og er þess vegna frábært að geta slegið tvær flugur í einu höggi og verið úti að þjálfa hross og njóta náttúrunnar."

Lagið Tímamót er hægt að nálgast á öllum helstu streymisveitum.

steingerdur@frettabladid.is

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

Íslenskt – láttu það ganga

Næstu vikur og mánuði verður þema Fólks – sérblaðs Fréttablaðsins, sem kemur út á föstudögum tileinkað átakinu Íslenskt – láttu það ganga.

Þegar þú verslar á Íslandi skilar það sér aftur til þín.

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAÐ GANGA

Nýtt formbrauð frá Myllunni

Prófaðu nýtt Myllu-Brioche formbrauð í dag

Núna geturðu prófað enn eina tilbreytinguna frá Myllunni; Myllu-Brioche formbrauð, hálfstökkt að utan - mjúkt og þétt að innan. Bragðgott án áleggs. Frábært í uppskriftina. Gleðitíðindi fyrir þig sem hefur fallið fyrir Myllu-Brioche. Smakkaðu nýja formbrauðið.

Smakkaðu mjúka nýjung strax í dag
Nýbakað Myllu-Brioche formbrauð

Nýsköpun Myllunnar hefur áhrif á matarmenninguna, eykur vellíðan og fjölbreytileika í daglegu lífi okkar Íslendinga um allt land, allan hringinn, frá Blönduósi til Blönduóss. Brioche er aldagömul frönsk bakarahefð sem nýsköpun Myllunnar hefur þróað sem uppskrift fyrir íslenskt Myllu-Brioche. Myllu-Brioche fæst einnig sem hamborgarabrauð.

Kauptu nýjasta formbrauðið frá Myllunni, Myllu-Brioche í dag og alla daga ... alltaf nýbakað!

Veldu íslenskt

Úrval í Myllu-Brioche; formbrauð og hamborgarabrauð. Myllu-Brioche er frábært til alls kyns tilrauna, t.d. uppskrift að „french toast“. Skoðaðu: myllan.is

MYLLAN
Alltaf nýbakað síðan 1959

FRÉTTABLAÐIÐ

550 5000

RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is

AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is

PRENTUN Torg ehf.

DREIFING Póstdreifing ehf. dreifing@postdreifing.is

BAKÞANKAR

Davíðs Þorlákssonar

Ákrot um breytingar

Hópur fólks kallar nú eftir nýrri stjórnarskrá. Eða, réttara sagt, krotar eftir nýrri stjórnarskrá. Það var ljóst frá upphafi að það var ekki góð hugmynd að skipa stjórnlagaráð með fólki sem hafði flest hvorki sérfræðiþekkingu né lýðræðislegt umboð til að skrifa nýja stjórnarskrá. Það væri sambærilegt því að við myndum skipa þríeyki með áhugafólki til að takast á við veiruna. Það á við um báða þessa málaflokka að endanleg afgreiðsla þarf að vera í höndum lýðræðislega kjörins fólks, en undirbúningsvinna í höndum fagfólks.

Stjórnarskrá kveður á um grunnuppbyggingu ríkisins og grunnréttindi fólks. Það er ekki þörf á því að setja nýjar stjórnarskrár nema til standi að gjörbylta stjórnkerfinu, til dæmis breyta konungsveldi í lýðveldi. Á þeim 76 árum sem stjórnarskráin hefur verið í gildi hafa ákvæði hennar verið dýpkuð og skýrð með beitingu hennar. Með því að setja nýja stjórnarskrá væri því öllu hent út um gluggann og við færum inn í tímabil mikillar réttaróvissu, til dæmis um mannréttindi landsmanna.

Alþingi samþykkti árið 2012 þingsályktun sem nefndist þingsályktun um ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga og tiltekin álitaefni þeim tengd. Það blasir við að þeirri atkvæðagreiðslu var aldrei ætlað að vera bindandi. Í besta falli gæti hún talist pólitískt bindandi fyrir það fólk sem greiddi henni atkvæði sitt, en aðeins þrjú þeirra sitja enn á þingi.

Stjórnarskráin hefur reynst okkur vel. Í stað þess að kollvarpa henni er farsælast að gera nauðsynlegar breytingar á henni að lokinni vandaðri vinnu og í víðtækri sátt.

Fyrir svanga ferðalanga

Kvikk ON THE GO | ORKAN

CORNY PROTEIN BAR 45 G
299 KR/STK
6644 KR/KG

Kvikk ON THE GO | ORKAN

Sjónvarp Símans Premium

Heilar þáttaraðir og úrval kvikmynda

Nýir áhugaverðir íslenskir þættir

Sjónvarp Símans appið

Kvikmyndir fyrir alla fjölskylduna

Talsett barnaefni í hæsta gæðaflokki

Enski boltinn á Síminn Sport

Það bera sig allir vel í **Sjónvarpi Símans** Premium. Venjulegt fólk snýr aftur, Hver ertu? með Þóru Karítas og ferskir sjónvarpsþættir á færibandi í allan vetur. Hellingur af nýju barnaefni og Enski boltinn rúllar sem aldrei fyrr. Svona á sjónvarp að vera!

Horfðu á **Sjónvarp Símans** Premium í sjónvarpi og snjalltækjum, hvar og hvenær sem er.

Pantaðu áskrift á **siminn.is**